**TÍSKA**

*Grænn jakki og bleik skyrta*

sérblað um sumartískuna

**allt FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**MAGNÚS GEIR**

*Stríðni leikhússtjórinn*

Stokkaði upp Leikfélag Akureyrar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**ANDY ROURKE**

*Fyrrverandi bassaleikari The Smiths*

Þeytir skífum í Laugardalshöll

**VIÐTAL 40**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. maí 2006 — 119. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


### Áberandi á kvikmyndahátíð

Heimildarmynd Sigurjóns Sighvatssonar um knattspyrnugoðið Zinedine Zidane hefur verið valin í flokkinn Offical Selection á Cannes.



**FÓLK 54**

### Gjafmildir myndasögusalar



Þórhallur Björgvinsson og félagar í Nexus ætla að gefa sérútgefnar myndasögur á laugardaginn í tilefni af Free Comic Book Day.

**FÓLK 54**

### Miðjumoð

Í þeim kosningum sem nú fara í hönd virðist sem áherslur flokkanna muni í öllum grundvallaratriðum verða mjög svipaðar, segir Birgir Guðmundsson. Allir eru á miðjunni.

**Í DAG 26**

### Heimir mikilvægastur

Heimir Örn Árnason, leikmaður Fylkis, var mikilvægasti leikmaður tímabilsins að mati þjálfara DHL-deildarinnar í handbolta. Sigfús Sigfússon hjá Fram var valinn besti ungi leikmaðurinn.



**ÍÞRÓTTIR 48**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA SKÚRIR** Í dag verður yfirleitt hæg, breytileg átt. Skúrir á víð og dr eif en úrkomulítið vestan til. Hiti 7- 12 stig.

**VEÐUR 4**






# Sömdu af sér og íhuga uppsagnir á næstunni

**Starfsfólk dvalar- og hjúkrunarheimila í svokölluðum A-hópi fær 117 þúsund krónur í grunnlaun en ekki 135 þúsund. Stór hluti þeirra er af erlendum uppruna. Kunnugir tala um stéttaskiptingu.**

**KJARAMÁL** Hópur starfsfólks á þeim dvalar- og hjúkrunarheimilum sem hafa staðið í kjarabaráttu á undanförnum vikum fær ekki eins miklar launahækkanir og hann upphaflega hélt.

Um er að ræða starfsfólk í svokölluðum utanáliggjandi störfum sem eru störf í eldhúsi, þvottahúsi og við ræstingar, eða starfsfólk í svokölluðum A-hópi. Konur úr aðgerðahóp starfsfólksins sem kom að samningaviðræðunum, segja að hópurinn hafi samið af sér. Þessi hópur er mannaður að stórum hluta af fólki af erlendum uppruna sem getur ekki gegnt betur launuðum störfum við aðhlynningu vegna reglna heimilanna um lágmarkskunnáttu í íslensku.

Grunnlaun þessa hóps voru rúmar hundrað þúsund krónur á mánuði og töldu margir starfsmenn að þau laun myndu hækka í tæpar 135 þúsund krónur. Grunnlaun þessa hóps hækka í raun aðeins í tæpar 117 þúsund krónur á mánuði. Ágústa Pálsdóttir, sem var ein af talsmönnum starfsmanna í kjarabaráttunni og sat í aðgerðahópnum, segist geta fullyrt að erlendir starfsmenn hafi ekki gert sér grein fyrir hvað þeir fengju. „Ég held að þau hafi staðið í þeirri trú að allir myndu fá lágmark 135 þúsund og stéttaskiptingin hyrfi úr þessum störfum. Þetta er ekkert annað en stéttaskipting því öll störfin á heimilunum eru jafn mikilvæg, hvort sem það eru Íslendingar eða útlendingar sem sinna þeim.“

Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistuheimilanna, segir að engir vinni við aðhlynningu sem ekki hafa vald á íslenskri tungu. „Hins vegar eru 90 prósent þeirra sem vinna við ræstingar fólk af erlendum uppruna. Í eldhúsi hefur þetta verið að aukast mjög upp á síðkastið. Lægstu launin eru í ræstingunni og þar hafa þessir einstaklingar raðað sér inn. Þetta eru störfin sem Íslendingar vilja ekki vinna.“

Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík, segir að af 196 ófaglærðum starfsmönnum heimilisins séu 41 af erlendum uppruna eða um 20 prósent starfsmanna. „Meginhluti þessa fólks vinnur við ræstingu, í eldhúsi og þvottahúsi. Í ræstingunni má segja að þetta séu alfarið útlendingar. Það eru einhverjir sem vinna við aðhlynningu en það eru aðeins þeir sem tala nægilega góða íslensku.“

- shá / sjá síðu 6



**BARNAÞRÆLKUN EYKST Í ASÍU** Hamfarir á borð við flóðbylgjuna sem skall á löndum í sunnanverðri Asíu í desember árið 2004 og jarðskjálftanna miklu í Pakistan í október árið 2005 hafa orðið til þess að vinnuþrælkun barna hefur aukist. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Myndin er af bræðrum í Afganistan sem vinna fullan vinnudag þrátt fyrir ungan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Launadeild Reykjavíkurborgar:

## Ofgreiddi laun á 27 leikskólum

**KJARAMÁL** Hópur leikskólastarfsmanna á 27 leikskólum Reykjavíkurborgar, eða þriðjungur þeirra, fékk ofgreidd laun í febrúar, mars og apríl.

Starfsfólkið átti að fá fimm flokka launahækkun en fékk tíu flokka hækkun. Ófaglærðir starfsmenn eru ekki í hópnum. Starfsmennirnir þurfa að greiða mismuninn til baka.

„Mistök urðu hjá launadeildinni. Okkur þykir það miður og við viljum setja kraft í að leiðrétta þau,“ segir Kristján Kristmannsson, verkefnisstjóri launaafgreiðslu hjá Reykjavíkurborg. Hann fundaði með leikskólastjórnum leikskólanna og tveimur fulltrúum menntasviðs í gær.

Borgarstjóri, formaður menntaráðs og formaður Félags leikskólakennara vissu ekki af mistökunum þegar blaðið leitaði viðbragða þeirra.

- gag/sjá síðu 2

Byggðastofnun tapaði 4,3 milljörðum króna á tíu árum og ASÍ tekur afstöðu:

## Ekki þörf á landsbyggðarsjóði

**BYGGÐAMÁL** Endanlegt útlánatap Byggðastofnunar frá árinu 1995 til 2005 nam tæpum 4,3 milljörðum króna, samkvæmt yfirliti sem Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, hefur tekið saman fyrir iðnaðarnefnd Alþingis.

Mest var tapið í krónum talið árin 2003 til 2005 eða talsvert á sjöunda hundrað milljónir króna ár hvert. Minnst var endanlegt tap árið 1998 eða innan við 50 milljónir króna.

Tap Byggðastofnunar hefur verið rætt í iðnaðarnefnd í tengslum við frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun undir hatti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því í umsögn um frumvarpið að Byggðastofnun verði sameinuð Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. ASÍ telur jafnframt hæpið að þörf sé á að halda úti atvinnuþróunarsjóði fyrir landsbyggðina og eðlilegra sé að láta starfsemi lánahluta Byggðastofnunar renna inn í Nýsköpunarsjóð. Jafnframt leggst ASÍ gegn því að höfuðstöðvar nýrrar stofnunar flytjist til Sauðárkróks.

- jh / sjá síðu 6


Fagleg og lögleg

þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga



## SPURNING DAGSINS

*Jónas, ættirðu ekki að kalla nýju búðina matargat frekar en rottuholu?*

Það ætti að kalla hana matarfrat því það er búið að setja mig í megrun.

Jónas Halldórsson, antíksali, er að opna nýja verslun sem hann kallar þægilega rottuholu. Hann segist jafnframt vera sá stærsti í bransanum, bæði að ummáli og úrvali.

Þverpólitísk sátt um að skoða flutning Árbæjarsafns út í Viðey:

# Íbúabyggð gæti risið á svæðinu í Árbæ



**VIÐEY** Borgarráð ákvað í gær að skoða hugmyndir um að færa Árbæjarsafn út í Viðey.

**STJÓRNMÁL** Svandís Svavarsdóttir, leiðtogi vinstri grænna í borginni, segir ekki sjálfgefið að íbúabyggð rísi á svæði Árbæjarsafnsins verði það flutt út í Viðey. Elliðaárdalurinn, Heiðmörk og Viðey rammi borgina inn og beri að varðveita. Borgarstjóri ákvað í gær að samfara mati starfshóps á kostum og göllum þess að flytja Árbæjarsafn út í Viðey myndi hann skoða hugsanlega íbúabyggð á svæði þess. Hugmyndir að flutningnum eiga Minjavernd og Þyrping.

Dagur B. Eggertsson, Samfylkingu, segir að verði af flutningnum væri spennandi að taka upp tíðar ferjusiglingar frá tónlistar- og ráðstefnuhúsinu um sundin og gera Viðey að aðgengilegri perlu í borgarlandinu.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, segir tillöguna einnig spennandi: „Ef af þessu verður þarf að tryggja góðar samgöngur við eyjuna, því mikið af börnum og unglingum fara í safnið og þurfa að geta komist í það á öruggan máta.“

Björn Ingi Hrafnsson, Framsóknarflokki, sagðist ekki hafa velt hugmyndinni mikið fyrir sér: „Við höfum talað fyrir að skoða nýtingu Hljómsskálagarðsins í þessu tilliti.“ Allar hugmyndir sem leiði til þess að fleiri njóti Viðeyjar séu af hinu góða.

Borgarstjóri ákvað að fela hugmyndina starfshópi sem auk matsins á að skoða hvort íbúabyggð geti risið á svæðinu sem Árbæjarsafnið stendur á nú. Ekki náðist í Ólaf F. Magnússon, fyrir frjálslyndaflokkinn og óháða. **- gag**

Skopmyndir Jótlandspóstsins:

## Hryðjuverkamenn á leiðinni

**DANMÖRK** Tólf ungir hryðjuverkamenn eru á leið til Danmerkur til að drepa teiknarana sem teiknuðu myndir af Múhameð spámanni fyrir Jótlandspóstinn síðastliðið haust. Þetta hefur palestínski blaðamaðurinn, Hamid Mir eftir heimildarmönnum sínum meðal Talibana. En Hamid varð þekktur fyrir viðtal sem hann náði við Osama Bin Laden.

Danskur hryðjuverkasérfræðingur segir í viðtali við Politiken í gær að hann telji ólíklegt að mennirnir kæmust inn í landið ef þeir á annað borð væru á leiðinni. Hann sagði þó að fréttir sem þessar væru mjög sláandi fyrir teiknarana sem hafa lifað í ótta frá því að teikningarnar voru birtar. **- ks**



**LEIKSKÓLAKENNARAR FENGU MEIRA EN ÞEIM BAR** Laun leikskólakennara, deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og stjóranna sjálfra á 27 leikskólum borgarinnar hafa fengið of mikið greitt í þrjá mánuði. Þessi mynd er frá opnu húsi í Brekkuborg í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Leikskólakennarar fengu ofgreidd laun

**Mannleg mistök urðu til þess að leikskólakennarar og yfirmenn þeirra á 27 leikskólum borgarinnar þurfa að endurgreiða tugþúsundir króna. Starfsmennirnir voru hækkaðir um tíu launaflokka í stað fimm við launabreytingarnar í janúar.**

**KJARAMÁL** Hópur leikskólastarfsmanna á 27 leikskólum Reykjavíkurborgar, eða á þriðjungi þeirra, fengu ofgreidd laun í febrúar, mars og apríl.

Starfsfólkið átti að fá fimm flokka launahækkun en fékk tíu. Einnig eru dæmi um að leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar hafi fengið ofgreidd laun. Ófaglærðir starfsmenn eru ekki í hópnum. Starfsmennirnir þurfa að greiða mismuninn til baka.

„Mistök urðu hjá launadeildinni. Okkur þykir það miður og við viljum setja kraft í að leiðrétta þau,“ segir Kristján Kristmannsson, verkefnisstjóri launaafgreiðslu hjá Reykjavíkurborg. Hann fundaði með leikskólastjórnum leikskólanna og tveimur fulltrúum menntasviðs í gær.

„Ég hef hvorki nákvæmar tölur um fjölda starfsmannanna né hve háa upphæð þeir þurfa að greiða til baka,“ segir Kristján: „Málið er í vinnslu.“

Samkvæmt launatöflu Félags leikskólakennara má reikna með að starfsmennirnir hafi fengið á bilinu 13.766 til 15.750 krónum hærri laun en þeim bar. Þeir þurfa því að greiða allt að rúmum 46 þúsund krónum til baka hver.

Mistökin urðu við breytingarnar á launum eftir 28. janúar þegar laun starfsmanna Reykjavíkurborgar voru hækkuð. Þrír launafulltrúar sjá um launagreiðslur til starfmanna leikskólanna og gerði einn, sem er nýr í starfi, mistök við breytingarnar. Kristján segir að mistökin hafi uppgötvast þegar leikskólastjórar höfðu samband við launadeildina með áhyggjur vegna hás launakostnaðar skólanna.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, segir að ákveðinn friður hafi myndast um leikskólamálin þegar borgin tók af skarið og hækkaði laun borgarstarfsmanna: „Þegar svona mistök uppgötvast, á hvorn veginn, er eðlilegt að leiðrétta þau. En það er alltaf verra þegar laun eru ofgreidd heldur en vangreidd. Ákveða þarf í samstarfi við starfsmennina á hve löngum tíma þau verða endurgreidd.“

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, hafði ekki heyrt af mistökunum. Hún sagði að þau yrði skoðuð kæmu þau inn á borð félagsins.

**gag@frettabladid.is**

Dæmdur fyrir vopnað rán:

## Ógnaði fólki með eggvopni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var í Hæstarétti í gær dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir vopnað rán í lyfjaverslun í Reykjavík.

Í dómi Héraðsdóms voru níu mánuðir af tólf skilorðsbundnir en Hæstiréttur sá ekki ástæðu til þess að skilorðsbinda dóminn. Maðurinn ruddist inn í lyfjaverslun, ásamt öðrum manni, og ógnuðu þeir starfsmönnum með eggvopni. Félagi mannsins sem dæmdur var í gær hafði áður verið dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi vegna ránsins en þeim dómi var ekki áfrýjað. **- mh**



**BAUHAUS TIL ÍSLANDS** Bauhaus byggir á minni bláa reitnum en BYKO með öðrum á þeim stærri.

Bauhaus fær lóð:

## Greiðir 616 milljónir fyrir

**LÓÐAMÁL** Bauhaus hefur samþykkt að greiða 616 milljónir fyrir lóðina við Úlfarsfell. Fermetraverðið nemur um 31 þúsund krónum.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, segir að fermetraverðið sé hærra en bæði BYKO og Húsasmiðjan greiddu fyrir sína. Hins vegar efist hann um að Bauhaus hefði fengið lóðina hefðu sjálfstæðismenn farið með völdin í öllum bæjarfélögum höfuðborgarsvæðisins: „Árangurslausar tilraunir Bauhaus til að fá lóð í öðrum sveitarfélögum kristallar það.“ **- gag**



**HANNES SMÁRASON FORSTJÓRI** FL Group hefur aukið hlut sinn í Glitni.

FL Group kaupir í Glitni:

## Á yfir nítján prósenta hlut

**VIÐSKIPTI** FL Group, næst stærsti hluthafinn í Glitni, hefur keypt hlutabréf í bankanum fyrir rúma 6,3 milljarða króna á genginu 16,7. Þetta er ríflega 2,6 prósent hlutafjár.

Eftir viðskiptin er eignarhlutur FL Group í Glitni kominn yfir nítján prósent. Nemur markaðsvirði hlutarins um 47 milljörðum króna og er þetta stærsta einstaka fjárfestingin í safni FL Group. **- eþa**




Ríkisstjórn Olmerts tekur við í Ísrael:

# Hyggst skipta upp Jerúsalem

**ÍSRAEL, AP** Ísraelska þingið Knesset samþykkti í gær nýja ríkisstjórn Ehuds Olmerts forsætisráðherra. Olmert segir að helsta verkefni stjórnarinnar verði að draga „endanleg landamæri“ milli Ísraels og svæða Palestínumanna.

Þá hyggjast Olmert og félagar hans skipta Jerúsalem upp í þrjá hluta, þar sem Palestínumenn fá til umráða næstum því öll arabahverfin í austurhluta borgarinnar, en Ísraelar stjórna gyðingahverfunum í vesturhlutanum auk þess sem Ísraelar hafa einnig yfirráð yfir elsta bæjarhlutanum, þar sem helgidómar jafnt gyðinga, múslima og kristinna manna eru staðsettir.

Otnier Schiller, þingmaður í flokki Olmerts og einn helsti höfundur þessara áforma, segir að gamli borgarhlutinn verði „sérstakt svæði með sérstökum skilmálum,“ en þó undir yfirráðum Ísraelsmanna.

Palestínumenn hafa miklar efasemdir um þessi áform, en Olmert hyggst hrinda þeim í framkvæmd annað hvort með samþykki Palestínumanna eða einhliða ef slíkt samþykki fæst ekki. **- gb**



**MÚRINN Í PALESTÍNU** Palestínumaður sat í gær og beið eftir fari við ísraelska aðskilnaðarmúrinn sem reistur hefur verið milli Ramallah á Vesturbakkanum og Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ekki missa af endurgreiðslu!

## Með því að skrá fjölskylduna sem fyrst gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!



**Fjölskyldan**

Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

**Endurgreiðslan samanstendur af:**

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu*

*m.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum

Himinn og haf / SÍA

**Má bjóða þér að slást í hópinn?**

spron
– fyrir allt sem þú ert

Skráðu þig og þína í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,06 | 72,4 |
| Sterlingspund | 132,81 | 133,45 |
| Evra | 90,77 | 91,27 |
| Dönsk króna | 12,171 | 12,243 |
| Norsk króna | 11,715 | 11,783 |
| Sænsk króna | 9,737 | 9,795 |
| Svissneskur franki | 58,16 | 58,48 |
| SDR | 106,34 | 106,98 |

*Gengisvísitala krónunnar*
126,1538

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir þingmenn stærstu flokkanna sameinast um frumvarp um slit sparisjóða:

# Fólkið fái eign sína afhenta

**SPARISJÓÐIR** Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hafa sameiginlega lagt fram frumvarp um slit sparisjóða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þegar sparisjóður breytir rekstrarformi sínu, skuli ráðstafa eigin fé hans, öðru en stofnfé, til sveitarfélags þar sem sjóðurinn hefur starfað eða stjórn eða samþykktir hafa skilgreint sem viðskiptasvæði hans.

Flutningsmenn segja að undanfarin misseri hafi staðið átök um rekstur og starfsemi sparisjóða. Þeir hafi á löngum tíma byggt upp eigið fé, annars vegar í eigu stofnfjáreigenda en hins vegar annað eigið fé.

„Almenningur fengi eign sína afhenta í samræmi við upprunalegan tilgang viðkomandi sparisjóðs um uppbyggingu í sínu héraði. Þetta væri í samræmi við samþykktir sparisjóðanna. Stofnfjáreigendur mundu halda sínu,“ segir Lúðvík. Flutningsmennirnir undrast að stjórnvöld hafi ekki enn gripið til aðgerða í ljósi umrótsins um sparisjóðina í landinu. Sagan geymi dæmi þess að aðilar hafi komist yfir fé við sambærilegar aðstæður án þess að hafa átt skýra kröfu til þess. **- jh**



**SPARISJÓÐUR** Megnið af eigin fé sparisjóða er ekki eign stofnfjáreigenda. Þingmennirnir tveir telja að íbúar í héraði sparisjóðsins eigi rétt á að fá þessa eign afhenta komi til slita á sjóðnum.

## DÓMSMÁL

**Játaði líkamsárás** Karlmaður hlaut skilorðsbundinn dóm í Héraðsdómi Vesturlands fyrir líkamsárás við Hótel Stykkishólm í desember síðastliðnum. Gekkst maðurinn greiðlega við brotinu.

**Sektaður fyrir torfæruakstur** Maður hefur verið dæmdur til að greiða 25 þúsund króna sekt fyrir að hafa ekið KTM torfæruhjóli á nokkur hundruð metra kafla utan vega í suðurhlíð Seljafells í Helgafellssveit. Hjólför mynduðust í hraunmölina sem er lítillega gróin mosa og grasi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir á sjúkrahús** Ökumenn fólksbíls og jeppa voru fluttir á sjúkrahús eftir árekstur á Snæfellsnesvegi, við Borgarnes, á þriðja tímanum í gær. Meiðsl þeirra voru ekki lífshættuleg. Lögreglan í Borgarnesi telur beltin hafa bjargað ökumönnunum en bifreiðarnar eru báðar ónýtar.



**ALDRAÐIR FORELDRAR** Patricia Rashbook, 63 ára, og eiginmaður hennar, John Farrant, eiga von á barni eftir tvo mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ófrísk á sjötugsaldri:

## Öldruð móðir sætir ásökunum

**BRETLAND, AP** Baráttusamtök fyrir réttindum ófæddra barna hafa brugðist harkalega við fréttum af 63 ára gamalli breskri konu sem komin er sjö mánuði á leið.

Barnasálfræðingurinn Patricia Rashbrook á tvö börn fyrir, en er nýgift og gekkst undir frjósemisaðgerð erlendis, og var notast við egg úr yngri konu, að sögn læknis hennar á Ítalíu, sem jafnframt bætti við að eldra fólk reynist iðulega betri foreldrar.

Hjónin verja rétt sinn til að vera aldraðir foreldrar og segjast fullkomlega fær um að sjá fyrir barninu. **- smk**

Dæmdur fyrir árás:

## Skilorð fyrir harkalega árás

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Hæstiréttur mildaði dóm Héraðsdóms Reykjavíkur en þar hafði maðurinn verið dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundið.

Fyrir rúmum tveimur árum lamdi maðurinn annan mann í andlitið, í heimahúsi á Seltjarnarnesi, með þeim afleiðingum að hann fékk mikla áverka í andliti. Meðal annars brotnuðu þrjár framtennur. **- mh**

# Framsóknarmenn deila innbyrðis um Löngusker

**Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson, þingmenn Framsóknarflokksins, lýsa efasemdum og beinni andstöðu við það stefnumið Framsóknarlistans í Reykjavík að flytja Reykjavíkurflugvöll út á Löngusker.**

**FLUGVÖLLUR** Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, spurði á Alþingi í gær hvort þjóðin hefði efni á að byggja 10 til 12 milljarða króna flugvöll ef Reykjavíkurflugvöllur yrði að víkja.

Í umræðum í gær á Alþingi um ráðstafanir á Keflavíkurflugvelli lýsti hann efasemdum um þá stefnu framsóknarmanna í Reykjavík að byggja nýjan flugvöll á Lönguskerjum. „Ég hef efasemdir um þá leið vegna þess að hún er dýrari en sú leið sem mér hugnast,“ sagði Hjálmar. Hann efaðist um það stefnumið framsóknarlistans í Reykjavík að þjóðarsátt næðist um þá lausn.

Hjálmar kvaðst taka undir með samgönguráðherra að flytja bæri innanlandsflugið til Keflavíkur. „Ef til þess kemur að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri, að þá telji hann skynsamlegast og hagkvæmast að nýta flugvöllinn í Keflavík.“ Hjálmar benti á að yfirstandandi samgöngubætur og frekari bætur í nánni framtíð yrðu til þess að stytta ferðatímann milli vallarins og höfuðborgarsvæðisins í um 20 mínútur. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, lýsti andstöðu við hugmyndir Hjálmars og Lönguskerjahugmyndina. „Nú fyrir borgarstjórnarkosningarnar er enginn flokkur sem boðar það að flytja Reykjavíkurflugvöll til Keflavíkur... Það er mikil bót í umræðunni að menn skuli vera fallnir frá þeim hugmyndum að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur... Nú er aðeins tekist á um það hvort flytja eigi flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og eitthvert annað innan höfuðborgarinnar eða í nágrenni hennar,“ segir Kristinn.

Hann segir að umræðan um að flytja völlinn til Keflavíkur snúist um að ganga á hagsmuni fólks utan höfuðborgarsvæðisins. „Mér finnst reyndar miklu meiri rök fyrir því að flytja millilandaflugið frá Keflavík til Reykjavíkur.“

Kristinn telur víst að kosningabaráttunni í Reykjavík ljúki í sátt um að völlurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. „Ef Lönguskerjaflugvöllur er kostur, þá dæmir sá kostur flugvöllinn úr leik vegna þess að ef hagkvæmt er að hafa flugvöll á Lönguskerjum þá er hægt að vera þar með íbúðabyggð. Og það er væntanlega miklu meira upp úr því að hafa að byggja íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði þar en að byggja flugbrautir,“ sagði Kristinn.

johannh@fretetabladid.is



**FLUGVÖLLUR Á LÖNGUSKERJUM** Borgarstjórnarflokkur framsóknarmanna vill færa flugvöllinn úr Vatnsmýri á Löngusker.



**HJÁLMAR ÁRNASON**



**KRISTINN H. GUNNARSSON**

Björn Ingi og umræða á þingi:

## Hreppapólitík

Björn Ingi Hrafnsson, efsti maður á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík, kallar umræðurnar á Alþingi hreppapólitík. Framboðin í Reykjavík vilji ekki að Reykjavíkurflugvöllur fari til Keflavíkur. „Nefnd á vegum samgönguráðherra og borgarstjórnar hefur skoðað sérstaklega tvö flugvallarstæði, annars vegar Hólmsheiði og hins vegar Löngusker. Forsvarsmenn Flugfélags Íslands hafa þegar lýst því yfir að þeim lítist betur á Löngusker,“ segir Björn Ingi á vefsíðu sinni.




LAGERSALA

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !

H&M ROWELLS

OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VIÐRAR VEL TIL FERÐALAGA**

Mér er kunnugt um hópa fólks sem ætla að bregða sér út fyrir malbikið um helgina með vagnana sína. Þeir sem stefna á Austur- og Norðurlandið verða væntanlega ekki fyrir vonbrigðum þar sem horfur eru á björtu veðri þar. Þeir sem eyða helginni í garðverkin eða göngutúra munu a.m.k. eiga von á fínum sunnudegi til þeirra verka.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg, breytileg átt. Skýjað með köflum og úrkomulítið. 7-11°C hiti.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Austan 8-13 m/s með suðurströndinni, annars hægviðri.

*» sunnudagur*




Hæg, breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C hálfskýjað | London | 20°C hálfskýjað | Alicante | 21°C rigning |
| Billund | 20°C heiðskírt | París | 24°C hálfskýjað | Róm | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 18°C hálfskýjað | Frankfurt | 23°C hálfskýjað | New York | 24°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C heiðskírt | Madríd | 20°C skúrir | San Francisco | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 18°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 21°C skúrir | Orlando/Flórída | 31°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Bjarni Gunnar Kristinsson
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

# KJÚKLINGAPINNAR "SATE"

## að hætti Bjarna

500 g kjúklingabringur/lundir (skornar til og þræddar upp á spjót)
100 ml kjúklingasoð (vatn og kraftur)

1/2 saxaður laukur
1 rif saxaður hvítlaukur
2 tsk. söxuð engiferrót
1/2 tsk. cumin (ekki kúmen)
1/2 tsk. tumeric

Öllu er blandað saman og látið liggja í 30-60 mín. Gott er að kryddleggja spjótin í tvöföldum plastpoka svo kryddlögurinn leiki um kjötið. Passa þarf að gegnumsteikja kjúklinginn.




**Lambasteik** með rauðvínsblæ

TILBOÐ 1.019 kr/kg
Merkt verð 1.698,-




Innfluttar frosnar **kjúklingabringur**

TILBOÐ 1.599 kr/pk
Verð áður 1.899,-




**Með hverri keyptri delí samloku fylgir 0.5 ltr. Coke light með í kaupbæti.**







TILBOÐ 99 kr/pk
Verð áður 349,-

**Chicago Town** pizzu sneiðar
- fljótlegt og gott

ávöxtur mánaðarins



TILBOÐ 399 kr/kg
Verð áður 499,-

**Papaya** ávöxtur mánaðarins
- frábær í blandarann og ávaxtasalatið




Verð frá 199 kr/stk

**Rice Dream** komin aftur í verslanir
- hrísmjólk á frábæru verði

Gildir til 7. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Á að herða refsingar vegna ofsaaksturs?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Stendur íslenskt efnahagslíf traustum fótum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi:

# Starfsfólk náði betri kjörum

**KJARAMÁL** Í nýliðnum kjarasamningum gerði Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi, hagstæðara samkomulag við sitt ófaglærða starfsfólk en önnur dvalar- og hjúkrunarheimili gerðu.

Í yfirlýsingu frá Jóhanni Árnasyni, framkvæmdastjóra Sunnuhlíðar, segir að launakjör starfsfólks í eldhúsi verði skoðuð sérstaklega til hækkunar og einnig varð að samkomulagi að komi til endurskoðunar kjarasamninga í nóvember vegna verðbólgu, muni það ekki hafa áhrif á launahækkanirnar nú. Einnig er skjalfest að þeir sem hafa unnið í þrjú og fimm ár á Sunnuhlíð fái eins launaflokks viðbótarhækkun.



**ÞÓRUNN TYRFINGSDÓTTIR** Talsmaður starfsfólks í Sunnuhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þessar hækkanir verða þó að rúmast innan hækkana sem ætlaðar eru til samræmingar við kjarasamning Reykjavíkurborgar.

Þórunn Tyrfingsdóttir, talsmaður starfsfólks á Sunnuhlíð, segir að með ótrúlegri samstöðu hafi náðst að hækka lægstu grunnlaun starfsfólks í eldhúsi til jafns við alla aðra eða í tæpar 135 þúsund krónur. „Við hefðum aldrei gefið þessa kröfu eftir vegna þess að barátta okkar snérist ekki síst um þennan hóp. Ég held að margar á hinum dvalarheimilunum hafi samið af sér og ég veit um nokkrar sem eru mjög óhressar.“ - shá

Mexíkó lætur undan þrýstingi:

# Eiturlyf ekki gerð lögleg

**MEXÍKÓ, AP** Vicente Fox, forseti Mexíkó, ákvað á miðvikudag að skrifa ekki undir lagabreytingar, sem þingið hafði þegar samþykkt. Telja fréttaskýrendur ástæðuna vera þrýsting frá Bandaríkjunum, en nýju lögin hefðu gert það ósakhæft að vera með lítið magn eiturlyfja á sér.

Fox bað þingmenn um að endurskoða lagatillöguna svo að enginn vafi léki á því að eiturlyf væru bönnuð í Mexíkó. Þó telur þingmaðurinn Jorge Zermeno að hægt verði að koma lögunum í gegn einfaldlega með því að taka orðið „notandi“ út og setja „eiturlyfjafíkill“ í staðinn. - smk


BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN CADDY

Nýskr 08.03 - Beinskiptur - Ekinn 61 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.



Samfylkingin | Reykjavík 2006












**BYGGÐASTOFNUN Á SAUÐÁRKRÓKI** „Hæpið er að þörf sé á að halda úti sérstökum sjóði til að sinna atvinnuþróun landsbyggðarinnar,“ segir í umsögn ASÍ.

# ASÍ hafnar byggðasjóði landsbyggðar

**Alþýðusamband Íslands telur enga þörf fyrir sérstakan byggðasjóð fyrir landsbyggðina. Í umsögn sinni um umdeilt frumvarp iðnaðarráðherra segir ASÍ að eðlilegra hefði verið að eignir Byggðastofnunar rynnu í Nýsköpunarsjóð.**

**BYGGÐAMÁL** Alþýðusamband Íslands telur hæpið að þörf sé á að halda úti sérstökum sjóði til að sinna atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Í umsögn ASÍ um frumvarp iðnaðarráðherra um sameiningu Iðntæknistofnunar, Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarsins og Byggðastofnunar undir hatti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands segir, að eðlilegra hefði verið að allar eignir fjármögnunarhluta Byggðastofnunar rynnu í Nýsköpunarsjóð.

Umsögn ASÍ hefur verið kynnt iðnaðarnefnd Alþingis sem hefur frumvarp iðnaðarráðherra til umsagnar.

ASÍ styður smeiningu Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. „ASÍ leggst hins vegar eindregið gegn sameiningu ofannefndra rannsóknarstofnana við óskylda starfsemi eins og þá fjármálafyrirgreiðslu sem fram fór hjá Byggðastofnun. Hætt er við að hagsmunaárekstrar komi upp þegar innan sömu stofnunar er að finna tæknirannsóknir, samkeppnissjóð og sjóð sem á að sinna hagsmunum landsbyggðarinnar (Byggðasjóð),“ eins og segir orðrétt í umsögninni.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR RÁÐHERRA BYGGÐAMÁLA**

Alþýðusambandið leggst aukheldur gegn því að höfuðstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvarinnar verði á Sauðárkróki eins og kveðið er á um í frumvarpinu. „Það er afleitt að höfuðstöðvar rannsóknarstofnana, þjónustufyrirtækja og fjármögnunarsjóða, sem eru með meginstarfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu, sé flutt á brott með þessum hætti.“

Alþýðusamband Íslands hefur jafnframt skilað umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar um breytingar á Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Álitið er samið í samvinnu við Samtök atvinnulífsins, Samtök fiskvinnslustöðva, LÍÚ og Samtök iðnaðarins.

Það er sameiginlegt álit samtakanna að breyta eigi Nýsköpunarsjóði í hlutafélag og að farin verði svipuð leið og ráðgert er að fara um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Að öðru leyti leggjast samtökin sameiginlega gegn auknu áhrifavaldi ráðherra í störfum sjóðsins eins og þrjár greinar frumvarpsins beri með sér.

johannh@frettabladid.is

Tekjur Reykjavíkurborgar af holræsagjaldinu árið 2005 voru 1200 milljónir króna:

# Gjaldið lækkað í áföngum

**HOLRÆSAGJALD** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, segir það vera vilja borgarstjórnar að lækka holræsagjaldið, sem sett var inn í fasteignagjöld hjá Reykjavíkurborg árið 1995, í áföngum. „Við höfum í tvígang lækkað holræsagjaldið og það er okkar markmið að lækka það í áföngum. Það má ekki, samkvæmt lögum, innheimta gjaldið nema fyrir stofnkostnaði. Gjaldið er komið til þess að vera í einhverri mynd næstu árin, meðan verið er að borga stofnkostnað við framkvæmdir niður.“

Holræsagjaldið er innheimt með fasteignagjöldum, sem ákveðið hlutfall af fasteignamati íbúða og húsa.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Holræsagjaldið var upphaflega sett á árið 1995 vegna hreinsunar strandlengjunnar og uppsetningar nýs holræsakerfis. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Tekjur sveitarfélaganna af holræsagjaldinu hafa aukist mikið á síðustu fimm árum, meðal annars vegna hækkandi fasteignaverðs, en fjögur stærstu sveitarfélög landsins höfðu rúmlega milljarði hærri tekjur af holræsagjaldinu árið 2005 heldur en árið 2000.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri í Seltjarnarnesbæ, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að álitaefni væri hvort innheimtan á holræsagjöldunum væri sanngjörn þar sem hún væri tengd fasteignamati húsnæðis. „Ég held að þessi leið sé ekki óréttlátari en aðrar sem til greina koma. Það þarf að hafa einhverja viðmiðun og fasteignamatið held ég að sé ekkert verra en hvað annað,“ sagði Steinunn Valdís.

magnush@frettabladid.is







# Sérhannað múreinangrunarkerfi




*Frábært múrkerfi á plast- eða steinullareinangrun*

***Hönnuðir leitið nánari upplýsinga***

## maxit
## SERPO 261

**SERPO 261** Múreinangrunarkerfið hefur farið sigurför um Norðurlönd og hefur verið notað á Íslandi síðan 2003.
**Serpo 261** kerfið samanstendur af plasteinangrun eða steinull, með u.þ.b. 8-10 mm þykku lagi af **Serpo 261** trefjamúr sem styrktur er með glertrefjaneti.

**Serpo 261** múreinangrunarkerfið er einstaklega hagkvæmt, öruggt og auðvelt í uppsetningu.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér fullþróað múreingrunarkerfi sem virkar og hefur sannað sig á Íslandi.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

## MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
*Akureyri og Húsavík*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir bandaríski hagfræðingurinn sem hélt fyrirlestur um íslenskt efnahagskerfi í New York í fyrradag?*

2 *Gaslindir þjóðar í Rómönsku-Ameríku hafa verið þjóðnýttar. Í hvaða landi?*

3 *Hvað heitir kvennasveitin sem Nylon-sönghópurinn ætlar að hita upp fyrir á næstunni?*

SVÖR Á BLS. 54

Fjárlaganefnd fái aðgang að trúnaðarsamningi um byggingu tónlistarhúss:

# Fráleitt að fá ekkert að vita

**TÓNLISTARHÚS** Jón Bjarnason, þingmaður vinstri grænna, kveðst ekki mótfallinn tónlistarhúsi. „En þingið og fjárlaganefnd hafa ekki fengið að sjá samninginn sem felur í sér 6,5 milljarða skuldbindingar ríkissjóðs. Þetta er fráleitt og ég óskaði eftir því á fundi fjárlaganefndar að samningurinn um milljarðastyrk til einkafélags yrði afhentur. A.P. Möller og sjóður í einkaeigu gaf Dönum nýverið óperuhúsið á Hólminum í Kaupmannahöfn. Það var umdeilt. Hér styrkir ríkið einkaaðila um milljarða og skattborgarar fá ekkert að vita,“ segir Jón.

Sérstök heimild var veitt fjármálaráðherra á fjáraukalögum fyrir árið 2005 til að ganga til samninga um byggingu og rekstur tónlistarhúss Reykjavíkur.

Þetta tekur ríkisendurskoðandi fram eftir að hafa afhent fjárlaganefnd greinargerð og segir að umrædd heimild hafi ekki komið til umræðu á fundi hans með fjárlaganefnd. Formaður og varaformaður nefndarinnar telja að einungis Alþingi geti heimilað skuldbindingar um byggingu tónlistarhússins. Engu að síður telur ríkisendurskoðandi að gera hefði átt grein fyrir fjárskuldbindingunum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 og telur að úr því þurfi að bæta. - jh



**JÓN BJARNASON** „Ég óskaði eftir því á fundi fjárlaganefndar að samningurinn um milljarðastyrk til einkafélags yrði afhentur.“

Nektarstaðurinn Óðal:

# Sýknaður af kröfu dansara

**DÓMSMÁL** Nektarstaðurinn Óðal hefur verið sýknaður í héraðsdómi af kröfu dansara um riflega 435 þúsund króna laun.

Brasilísk kona hóf störf, ásamt tveimur öðrum í september 2003. Áður en tíu daga atvinnuleyfið rann út var samningurinn framlengdur og samið um að hún ynni á staðnum fram í mars fyrir 150 þúsund krónur á mánuði. Hún hætti í janúar. Ágreiningur er milli konunnar og eigenda Óðals. Hún segist hafa verið rekin en hann neitar því. Vitni, sem störfuðu á Óðali, sögðust aldrei hafa heyrt um að hún hefði verið rekin og því var Óðal sýknað. - gag






**ZACHARIAS MOUSSAOUI** Moussaoui gaf sigurmerki þegar hann kom í réttarsalinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Þið eruð her Satans

**Zacharias Moussaoui segist verða frjáls, þrátt fyrir að hafa verið dæmdur í ævilangt fangelsi. Dómarinn segir að hann muni „deyja vælandi“.**

**BANDARÍKIN, AP** „Þú munt deyja vælandi,“ sagði Leonie Brinkema, dómari í máli Zachariasar Moussaoui, þegar hún hafði kveðið upp dóminn yfir honum í gær. Sjálfur lét Moussaoui engan bilbug á sér finna: „Ég verð frjáls og frelsun mín verður sönnun þess að við erum hermenn Guðs og þið eruð her Satans,“ sagði hann eftir að dómurinn hafði verið kveðinn upp.

„Guð verndi Osama bin Laden,“ bætti hann síðan við.

Hann talaði ekki í meira en fimm mínútur, en þá hafði dómarinn áminnt hann um að nota ekki dómsuppkvaðninguna til þess að flytja pólitíska ræðu.

Hann er eini maðurinn sem hlotið hefur dóm fyrir árásirnar á Bandaríkin 11. september árið 2001. Sjálfur sat hann reyndar í fangelsi meðan árásirnar voru gerðar, en dómurinn er byggður á því að hann hafi haft vitneskju um árásirnar fyrir fram og hafi því getað komið í veg fyrir þær með því að greina stjórnvöldum frá vitneskju sinni í tæka tíð.

Kviðdómur komst að þeirri niðurstöðu á miðvikudag að Moussaoui ætti að hljóta lífstíðarfangelsisdóm. Moussaoui verður nú sendur í rammgirt fangelsi í Colorado, þar sem hann fær ekki að eiga nein samskipti við umheiminn.

Frönsk stjórnvöld sögðust í gær hugsanlega ætla að krefjast þess að Bandaríkjamenn framseldu Moussaoui svo hann gæti afplánað dóm sinn í Frakklandi. Moussaoui er franskur ríkisborgari af marokkóskum uppruna.



**MÓÐIR MOUSSAOUIS** Móðir hins dæmda sakar frönsk stjórnvöld um að hafa ekki beitt sér nægilega í máli hans. Hér sést hún ásamt lögmanni sínum í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Víða í bandarískum fjölmiðlum mátti aftur á móti heyra hneykslisraddir út af því að kviðdómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Moussaoui hlyti ævilangt fangelsi í stað þess að verða líflátinn.

Móðir hans, Aicha El Wafi, sem er búsett í Frakklandi, vandaði á hinn bóginn frönskum stjórnvöldum ekki kveðjuna í gær.

„Sonur minn verður grafinn lifandi vegna þess að Frakkland hafði ekki hugrekki til að andmæla Bandaríkjamönnum,“ sagði hún og hvatti frönsku stjórnina til þess að láta nú loks til sín taka í máli sonar síns.

„Ég er ekki sammála hugmyndum og orðum sonar míns í réttarsalnum,“ sagði hún, en bætti því við að það væri „vegna orða hans, litarháttar hans, kynþáttar hans, sem hann var dæmdur í ævilangt fangelsi.“ gudsteinn@frettabladid.is







## LANCÔME DAGAR Í DEBENHAMS 5.–11. MAÍ

**Er ekki kominn tími til að koma skipulagi á snyrtivörurnar?**
Komdu við í Debenhams og láttu sérfræðing frá LANCÔME sýna þér nýja liti, ný krem, nýjar líkamsvörur o.fl. skemmtilegt fyrir sumarið.

Þegar keyptar eru 2 vörur frá LANCÔME fylgir þessi flotta taska* sem inniheldur 3 minni töskur svo nú er ekkert vandamál að hafa allt í röð og reglu. Að auki fylgja 5 vörur í lúxusstærðum**.

Lágmarksverðmæti kaupauka 6.000.-

* **gildir á meðan birgðir endast. Fleiri gerðir kaupauka í boði.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 32487 05/2006

Alltaf

DEBENHAMS

SMÁRALIND



**MÆÐUR GEFA BRJÓST** Nýtt heimsmet var sett í Maníla á Filippseyjum í gær þegar samtals 3.738 mæður komu saman og gáfu börnum sínum brjóst. Tilgangurinn var að hvetja mæður til brjóstagjafar. Nýja metið sló út annað sem sett var árið 2002 í Kaliforníu í Bandaríkjunum, þar sem 1.130 mæður gáfu börnum sínum brjóst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Anders Fogh Rasmussen segir ákvörðun ekki enn hafa verið tekna:

# Danir líklega áfram í Írak

**DANMÖRK** Ekki er útlit fyrir að danski herinn verði kallaður heim frá Írak 1. júlí eins og stjórnarandstöðuflokkarnir hafa farið fram á. Sagði Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra í viðtali við dönsku sjónvarpsstöðina TV2 að ekki hefði verið tekin ákvörðun innan ríkisstjórnarinnar um málið. Lét hann þessi ummæli falla í kjölfar frétta um að Danir hygðust fækka í herliði sínu um 100 manns, en nú eru 500 danskir hermenn í Írak.

Mogens Lykketoft, málsvari Jafnaðarmannaflokksins í utanríkismálum og fyrrum formaður flokksins, sagði í ræðu sinni hinn 1. maí að flokkurinn myndi ekki styðja áframhaldandi veru hersins í Írak, en þingmenn flokksins greiddu í byrjun árs atkvæði með framlengingu á störfum hersins í Írak til 1. júlí. Samkvæmt frétt Politiken í gær er von á nýju frumvarpi frá Per Stig Møller, utanríkisráðherra Dana, um málið hinn 18. maí. - ks



**DANSKUR HERMAÐUR Í ÍRAK** Óvissa ríkir um framhald veru danskra hermanna í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Átta sinnum í kast við lögin:

# Sakamaður slapp á skilorði

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot. Hann hefur alls sjö sinnum áður komist í kast við lögin.

Fann lögregla talsvert magn kannabisefna og amfetamíns við húsleit hjá manninum í lok árs 2004 og að auki skotvopn sem hann hafði ekki leyfi fyrir. Hefur maðurinn áður hlotið dóma vegna þjófnaða og fíkniefnabrota en þar sem hann játaði brot sín fúslega og sex ár voru liðin frá síðasta dómi ákvað dómari að skilorðsbinda dóminn. - aöe

Erling Ásgeirsson D-lista:

## Traust fjármálastjórn



Erling Ásgeirsson framkvæmdastjóri leiðir lista sjálfstæðismanna í Garðabæ að þessu sinni en hann var í öðru sæti listans síðast. Allar götur frá því flokkspólitískar kosningar hófust í bæjarfélaginu hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið í meirihluta bæjarstjórnar.

Meðal helstu stefnumála D-listans að þessu sinni að sögn Erlings eru málefni fjölskyldunnar og þá sérstaklega eldri bæjarbúa. „Við leggjum einnig áherslu á valfrelsi í skólum og sjálfstæði þeirra," segir hann. Af öðrum forgangsmálum listans nefnir hann traustan fjárhag bæjarins og umhverfis- og skipulagsmál. „Við höfum unnið mikið í skipulagsmálum á þessu kjörtímabili og má þar nefna nýtt aðalskipulag fyrir allan bæinn." Hann segir mikla eftirspurn eftir búsetu í Garðabæ og bendir á að íbúaaukning hafi verið 4,5 prósent á síðasta ári samanborið við 1,5 prósenta landsmeðaltal. „Útsvar hjá okkur er með því lægsta sem gerist og við erum með lægstu fasteignagjöldin á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið hornsteinninn í stefnu D-listans að halda traustum fjárhag og álögum á íbúana í lágmarki," segir Erling.

Steinþór Einarsson Bæjarlista:

## Uppbygging miðbæjarins



Steinþór Einarsson skrifstofustjóri er efsti maður á Bæjarlistanum, sem er sameiginlegt framboð Samfylkingar, Framsóknarflokks og óháðra kjósenda, en þessir hópar hafa ekki boðið fram sameiginlega áður. „Minnihlutinn hefur unnið vel saman í nefndum og í bæjarstjórn þannig að þetta lá beinast við," segir Steinþór.

Helstu stefnumál Bæjarlistans snúa að sögn Steinþórs að skipulagsmálum, álögum og þjónustu. „Við viljum klára uppbygginguna miðbæjarins þannig að hann þjóni sem best hagsmunum íbúa, atvinnulífs og þjónustu."

Lækkun þjónustugjalda er einnig á stefnuskránni og segir Steinþór Garðabæ með ein hæstu þjónustugjöld af stærri sveitarfélögum. „Einnig viljum við að bæjarfélagið úthluti lóðum til yngra og eldra fólks til að sporna við brottflutningi þessara hópa." Hann segir Bæjarlistann enn fremur vilja taka upp viðræður við ríkið um Hafnarfjarðarveginn. „Umferðarþunginn þarna er gífurlegur og við viljum setja veginn í stokk og tengja þannig Ásana og Sjálandshverfið betur við sjálfan bæinn," segir Steinþór.



**GARÐABÆR** íbúar Garðabæjar hafa um tvo skýra valkosti að velja í komandi kosningum. Sjálfstæðisflokkur hefur stýrt bænum frá því flokkpólitískar kosningar hófust en minnihlutaflokkarnir hafa nú sameinast í einu framboði.

Sjálfstæðisflokkur og Bæjarlisti bjóða fram í Garðabæ:

# Tveggja flokka barátta um völdin

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Garðabær 2006

**KOSNINGAR** Tveir listar hafa kynnt framboðslista sína í Garðabæ, Sjálfstæðisflokkur og Bæjarlistinn. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í meirihluta í Garðabæ á kjörtímabilinu, eins og öll önnur, síðan flokkspólitískar kosningar hófust í bænum. Samfylking og Framsóknarflokkur hafa setið í minnihluta á kjörtímabilinu og bjóða nú saman ásamt óháðum sem Bæjarlistinn. Að sögn Steinþórs, sem leiðir Bæjarlistann, hefur það aldrei áður gerst að minnihlutaflokkarnir sameinist á þennan hátt. „Ástæðan fyrir þessu er að minnihlutinn hefur unnið mjög vel saman í nefndum og í bæjarstjórn. Framboðið hefur verið í undirbúningi frá því í desemeber 2004." Að sögn Steinþórs hefur mestur styr staðið um skipulagsmálin og þá helst varðandi uppbyggingu miðbæjarins sem Bæjarlistinn vill fara að klára.

Erling, oddviti D-lista, segir mikið verk hafa verið unnið í skipulagsmálunum og nýtt aðalskipulag fyrir allan bæinn liggi nú fyrir. „Mjög fagmannlega var staðið að því með víðtæku samráði við íbúa bæjarins."

Íbúaaukning í Garðabæ var 4,5 prósent á seinasta ári og mikil ásókn í að flytja til bæjarins að sögn Erlings. „Ástæða þess að íbúðaverð er hátt er sú að það er mikil eftirspurn." - sdg

## GARÐABÆR

Garðabær fékk kaupstaðarréttindi 1. janúar árið 1976 og voru íbúar þá 4.108. Garðabær er sjötta stærsta sveitarfélag landsins með 9.423 íbúa samkvæmt tölum Hagstofunnar frá 1. desember árið 2005.

**ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 6.178
**Fjöldi greiddra atkvæða:** 5.033 (81,5%)
**Fjöldi auðra og ógildra seðla:** 127

**Listi óháðra og framsóknarmanna í Garðabæ (B)**
1.307 atkv., 2 fulltr.

**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)**
2.659 atkv., 4 fulltr.

**Garðabæjarlistinn - Listi Bæjarmálafélags Garðabæjar (S)**
940 atkv., 1 fulltr.

**Bæjarfulltrúar B-listans:**
Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.
Sigurlaug Garðarsdóttir gjaldkeri

**Bæjarfulltrúar D-listans:**
Ásdís Halla Bragadóttir framkvæmdastjóri
Erling Ásgeirsson framkvæmdastjóri
Laufey Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri
Páll Hilmarsson framkvæmdastjóri

**Bæjarfulltrúar S-listans**
Sigurður Björgvinsson skólastjóri

**KOSNINGAR 2006**
**D-listi Sjálfstæðisflokks**
**1.** Erling Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi
**2.** Páll Hilmarsson, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi
**3.** Ragnhildur I. Guðbjartsd., flugfreyja.
**4.** Stefán Snær Konráðsson framkvæmdastjóri
**5.** Sturla Þorsteinsson kennari

**Bæjarlistinn, sameiginlegur listi Samfylkingar, Framsóknarflokks og óháðra**
**1.** Steinþór Einarsson skrifstofustjóri
**2.** Sigrún Aspelund húsfreyja
**3.** Hjördís Eva Þórðardóttir sálfræðinemi
**4.** Þorgeir Pálsson hagfræðingur
**5.** Bergþóra Sigmundsdóttir lögfræðingur




HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

B.SC. Í TÖLVUNARFRÆÐI
www.unak/tolvunarfraedi

Í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri er lögð áhersla á forritun, kerfishönnun, gagnagrunna, stýrikerfi og raunhæf verkefni. Námið veitir góðan grunn í tölvunarfræðum og að því loknu eru nemendur færir um að þróa kerfi til lausnar á hagnýtum viðfangsefnum.

Spennandi valkostur
- Persónulegt umhverfi - góð tengsl milli nemenda og kennara
- Alþjóðlegt nám kennt bæði á íslensku og ensku
- Áhersla á verklegan þátt námsins, m.a. hópverkefni

Umsóknarfrestur er til 5. júní.
Umsóknareyðublöð, námsskrá og kynningarefni eru aðgengileg á www.unak.is.

NÝTT - Möguleiki á veglegum námsstyrk!

Nýnemar sem hefja raunvísindanám við HA, m.a. tölvunarfræði haustið 2006 geta sótt um styrk að upphæð 500.000 krónur frá fyrirtækinu Hugvit. Tveir styrkir verða veittir og við úthlutun verður litið til árangurs umsækjenda í raungreinum í framhaldsskóla.



Thor – Nýtt hlutverk fyrir gamlar tölvur

Thor er dæmi um raunhæft nemendaverkefni sem snýr að tölvuþyrpingum. Markmið með verkefninu er að gefa gömlum tölvum nýtt hlutverk, en tölvuþyrpingar eru mikið notaðar í heimi vísinda og viðskipta. Eins og máltækið segir margar hendur vinna létt verk.

Fangi á Litla-Hrauni sýknaður:

# Hass fannst í rúmdýnu

**DÓMSMÁL** Fangi á Litla-Hrauni hefur verið sýknaður af ákæru um eigu á 0,35 grömmum af fíkniefnum. Fangaverðir fundu efnin undir rúmdýnu í klefanum hans á Litla-Hrauni.

Fanginn neitaði sök og kvaðst ekki neyta fíkniefna. Hassmolanum hefði verið komið fyrir án vitneskju hans. Klefinn væri að öllu jöfnu opinn væri hann ekki í honum.

Dómara þótti sekt hans ekki sönnuð þó svo að ekkert hefði komið fram sem studdi fullyrðinguna um að fíkniefnum hefði verið komið fyrir í klefanum. Hins vegar hefði verið órói og fíkniefnaneysla á deildinni og því ekki hægt að afsanna það. - gag



**LITLA-HRAUN** Fangi sagði að hassinu hefði verið komið fyrir í klefanum hans. Hvorki var hægt að sanna það né afsanna og var hann því sýknaður.



**BUDHIA SINGH** Læknar fylgdu stráknum eftir á hlaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjögurra ára Indverji með viðurnefnið Forrest Gump:

# Sá stutti hljóp 65 km

**INDLAND, AP** Fjögurra ára hnokki gerði sér lítið fyrir og hljóp 65 kílómetra vegalengd á Indlandi á þriðjudag. Þúsundir manna fögnuðu afrekinu, sem strax var skráð í metabækur.

Budhia Singh heitir snáðinn og er stundum kallaður Forrest Gump þeirra Indverja. Þjálfari nokkur uppgötvaðihlaupahæfileikadrengsins nýlega þegar sá stutti var að sniglast í óleyfi inni á íþróttavelli.

Þjálfarinn sagði honum að hlaupa í refsingarskyni en tók eftir því fimm tímum síðar að strákurinn var enn að hlaupa. - gb


## Guðrún Ágústa Hittir Hafnfirðinga

**Allir íbúar Hafnarfjarðar eru velkomnir laugardaginn 6. maí kl. 15:00 á kosningaskrifstofu VG í Hafnarfirði í Gamla pósthúsinu við Thorsplanið.**

Sérstakur gestur fundarins er Steingrímur J. Sigfússon.



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
Vinstri græn - hreinar línur



# Þú gætir sparað tugi þúsunda á ári!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

**Kostir e2 Vildarkortsins:**

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu **af öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.

Með því að nota e2 Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!





## Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka

**Dæmi um ávinning**

Fertug hjón með þrjú börn sem bæði hafa Gull e² Vildarkort.
Saman nota þau e² Vildarkortin fyrir 250.000 kr. á mánuði.

**Ávinningur í krónum:**
Endurgreiðsla í desember: 37.980 kr.
Sértilboð hjá samstarfsfyrirtækjum: 30.000 kr.

**Samtals:**
**67.980 kr.**

**Ávinningur í Vildarpunktum:**
Árleg uppsöfnun: 26.480
Þau keyptu tvo flugmiða með Icelandair til Evrópu: 7200

**Samtals:**
**33.680 Vildarpunktar**

**Hefur þú efni á að sleppa þessu einstaka tækifæri?**

Fíton/SÍA

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

e² Vildarkort
Allt í einu korti



Pantaðu viðtal

*Ágæti borgarbúi*

*Pantaðu viðtal við borgarstjóra*
*í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts*
*Bókaðu tíma í síma 411 1200.*
*Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra.*
*Heitt kaffi á könnunni.*

*Með bestu kveðju*

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Viðtalstími
mánudaginn 8. maí
kl.10–12

Þjónustumiðstöð Árbæjar
og Grafarholts
Bæjarhálsi 1
Sími 411 1200



**Næstu viðtöl borgarstjóra:**
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða,
Skúlagötu 21
Föstudaginn 12. maí kl. 10 –12

Borgarstjórinn í Reykjavík
Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is


Amnesty International ásaka bandarísk stjórnvöld:

# Hafa ekki stöðvað pyntingar

**BANDARÍKIN, AP** Mannréttindasamtökin Amnesty International saka Bandaríkin um að hafa ekki aflagt pyntingar á föngum í tengslum við stríð sitt gegn hryðjuverkum.

„Vísbendingar halda áfram að skjóta upp kollinum um að víðtækar pyntingar og önnur ómannúðleg eða niðurlægjandi meðferð sé stunduð á föngum í haldi Bandaríkjanna í Afganistan, Guantanamoflóa á Kúbu, Írak og víðar," segir í skýrslu samtakanna til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum.

Á fundi nefndarinnar, sem hefst í Genf í næstu viku, verður fjallað um það hvernig Bandaríkin hafa staðið sig í að framfylgja ákvæðum alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum og öðrum grimmilegum aðferðum við refsingar.



**FANGELSIÐ Í GUANTANAMO Á KÚBU** Bandaríkjamenn eru sakaðir um að stunda enn pyntingar og illa meðferð á föngum.

Amnesty fullyrðir í skýrslunni að engir háttsettir bandarískir yfirmenn hafi verið dregnir til ábyrgðar fyrir þau dæmi sem komið hafa fram í dagsljósið um pyntingar eða slæma meðferð á föngum.

„Þótt Bandaríkjastjórn haldi áfram að fordæma pyntingar og illa meðferð eru þessar yfirlýsingar ekki í samræmi við það sem tíðkast í reynd," segir Curt Goering, aðstoðarframkvæmdastjóri Amnesty International í Bandaríkjunum. **- gb**



**FÓTBROTIN EFTIR BÍLFERÐ** Aldís ætlar að kæra til lögreglunnar í Kópavogi, en hjá rannsóknardeildinni þar fengust þær upplýsingar að skýrsla um málið væri tilbúin og konan hefði boðað skriflega kæru.

# Sakar leigubílstjóra um tvöfalt fótbrot

**Aldís Þorbjarnardóttir, fimmtug kona í Kópavogi, sakar leigubílstjóra um að hafa valdið tvöföldu fótbroti. Bílstjórinn segir slysið óhapp. Aldís, sem er óvinnufær, ætlar að kæra málið til lögreglu.**

**LÖGREGLUMÁL** Aldís Þorbjarnardóttir, fimmtug kona í Kópavogi, segir leigubílstjóra hafa valdið því að hún fótbrotnaði illa aðfaranótt sunnudags. Bílstjórinn segir atvikið hafa verið hreint óhapp, byggt á mistökum af sinni hálfu. Konan ætlar að kæra.

„Þetta var dýr leigubíll, í þess orðs fyllstu merkingu," segir Aldís, sem nú er í gifsi frá tám og upp að hné á hægri fæti. „Ég fór í leikhús á laugardagskvöldið og síðan út að skemmta mér og neytti áfengis eins og gerist og gengur. Ég var svo á gangi upp Laugaveginn þegar leigubíllinn var stöðvaður hjá mér, án þess að ég veifaði. Skömmu síðar veifaði ég bíl og þá var sami bíllinn kominn aftur. Bílstjórinn ók mér heim, en þegar til átti að taka var ég ekki með nema 1000 krónur handbærar, þar sem ég hafði skilið greiðslukortin mín eftir heima. Ég sagði við bílstjórann í gríni, um leið og ég rétti honum forláta silfurhring sem ég hafði fengið í fimmtugsafmælisgjöf, að það væri best að hann tæki hringinn sem tryggingu, meðan ég skytist inn eftir korti til að greiða eftirstöðvarnar, sem voru 950 krónur."

Aldís kveðst síðan hafa stigið út úr bílnum. Hafi þá ekki skipt neinum togum, bílstjórinn hefði komið út, sagt sér að „svona tíðkaðist ekki hér," og hrint sér þannig að hún féll við í götuna.

„Ég fékk lost við sársaukann þegar fóturinn kubbaðist í sundur og missti meðvitund," segir Aldís. „Vitni var að þessum atburði sem hringdi strax í lögreglu og sjúkrabíl. Þann tíma sem ég lá þarna stóð bílstjórinn ógnandi yfir mér og skipaði mér í sífellu að koma með peningana." Aldís var flutt á sjúkrahús þar sem gerð var bráðaaðgerð á fæti. Spengja þurfti tvíbrotið beinið og negla saman á tveimur stöðum, að því er sést á röntgenmynd. Hún verður frá vinnu í þrjá mánuði og síðan tekur við endurhæfing.

„Ég er einstæð móðir með tvö börn og missi nú margra mánaða laun, auk aukavinnunnar sem ég hef tekið," segir Aldís. Silfurhringinn kveðst hún ekki hafa fengið aftur, en bílstjórinn segist ekkert kannast við þann þátt frásagnarinnar.

Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils Bæjarleiða, segir atvik af þessu tagi algert einsdæmi. Leigubílstjórarnir ráði sjálfir afleysingamenn á sína bíla, en stöðin komi þar hvergi nálægt. **jss@frettabladid.is**


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ









Talsmaður Akureyrar í öndvegi ævareiður Samfylkingu:

# Fæla fjárfesta frá miðbænum

**SKIPULAGSMÁL** Ragnar Sverrisson, talsmaður verkefnisins Akureyri í öndvegi, segist reiður Samfylkingunni á Akureyri fyrir að vilja hverfa frá gerð sjávarsíkis í miðbæ Akureyrar. „Þetta er ekkert annað en skemmdarverk á verðlaunatillögunni og til þess fallið að fæla öfluga fjárfesta frá aðkomu að uppbyggingu miðbæjarins," segir Ragnar.

Ásgeir Magnússon skipar fjórða sæti á framboðslista Samfylkingarinnar á Akureyri og í kosningablaði Samfylkingarinnar segir hann gerð sjávarsíkis ekki á forgangslista flokksins. Jafnframt segir hann kostnað við gerð síkisins geta numið allt að milljarði króna.

Ragnar segir kostnaðarhugmyndir Samfylkingarinnar fráleitar. „Heildarkostnaður við gerð bátaskurðarins fer ekki yfir 250 milljónir króna samkvæmt útreikningum Siglingastofnunar. Samfylkingin fer því með hreint bull og er að stefna þessu verkefni í voða," segir Ragnar. **- kk**



**RAGNAR SVERRISSON** Talsmaður Akureyrar í öndvegi segir Samfylkinguna fara með bull varðandi kostnað við gerð sjávarsíkis í miðbæ Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

# 4x4xleikfangabíll




Fullbúinn CR-V með lipurð og rými fyrir þig, þína og allt sem fylgir á Honda góðu verði.

honda.is

Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á leikvöllinn. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn kemur hann þér leikandi létt í gegnum leiðangra þína – innanbæjar sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér Honda CR-V því þegar lífið er leikur þarftu bíl sem leikur með.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535





**Jamis Lady Bug**
*12", 2-5 ára*
Verð **11.990** kr.



**Jamis Miss Daisy**
*16", 3-6 ára*
Verð **12.990** kr.



**Jamis Fester 2.0**
*20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra*
Verð **19.990** kr.




**Rollerblade Micro TFS**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Einfalt og töff reimakerfi*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Stærðir: 30-34, 33-37,5 og 36-40*
Verð **9.990** kr.



**Rollerblade Micro Combo**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Ein stærð: 30-34*
Verð **9.990** kr.

**Hlífasett fylgir**

# Hjólaðu út í vorið



**Jamis Hot Rod**
*12", 2-5 ára*
*Verð* **11.990 kr.**



**Jamis Laser 1.6**
*16", 3-6 ára*
*Verð* **12.990 kr.**



**Jamis Laser 2.0**
*20", 5-9 ára álstell, fótbremsa*
*Verð* **14.990 kr.**



**Jamis Capri 2.0**
*20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra*
*Verð* **19.990 kr.**



**Jamis Capri 2.4**
*24", 7-12 ára, álstell, 7 gíra*
*Verð* **22.990 kr.**



**Jamis Fester 2.4**
*24", 8-12 ára, álstell, 21 gíra, framdempari*
*Verð* **22.990 kr.**

JAMIS BICYCLES

**Verðlaunaframleiðandinn Jamis**
*Þú færð hjólin frá bandaríska verðlaunaframleiðandanum Jamis aðeins í Útilíf. Ár eftir ár hefur Jamis fengið verðlaun fyrir hjól sín, m.a. sæmdarheitið besta hjólið, enda þykir Jamis sameina ótrúleg gæði og hagstætt verð.*

**Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum**
*Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaflega lág við sætið til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.*





ROLLERBLADE
THE SKATE CO.

# Rollerblade barnaskautar

**Mikið úrval af hjálmum og hlífum**
*Barnahjálmar frá* **2.490 kr.**
*Fullorðinshjálmar frá* **2.990 kr.**
*Barnahlífasett (Hné-, olnboga- og úlnliðshlífar) frá* **1.490 kr.**
*Fullorðinshlífasett (Hné-, olnboga- og úlnliðshlífar) frá* **1.990 kr.**



**Útilíf er með línuskautana fyrir alla fjölskylduna!**
*Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum, þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.*

## ÚTILÍF

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 32522 05/2006

„ORÐRÉTT“

*Sko okkur!*

**„Þið hafið gert réttu hlutina. Opnað ykkur fyrir umheiminum, eruð menntuð og mikill frumkvöðlaandi í menningu ykkar.“**

FREDERIC MISHKIN, HAGFRÆÐIPRÓFESSOR VIÐ COLOMBIA-HÁSKÓLANN, ÞEGAR HANN KYNNTI SKÝRSLU SÍNA UM ÍSLENSKT EFNAHAGSLÍF. FRÉTTABLAÐIÐ

*Viðkunnanleg rottuhola*

**„Þetta verður svona rottuhola sem gaman er að heimsækja.“**

JÓNAS HALLDÓRSSON SEM FLYTUR ANTÍKBÚÐ SÍNA Í KJALLARA VIÐ HLEMM. FRÉTTABLAÐIÐ

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÁSGEIR ÓSKARSSON

# *Spilar með nafnlausu bandi*



Ásgeir Óskarsson, trommuleikari Stuðmanna, hefur í nógu að snúast þessa dagana en hann hefur verið önnum kafinn við að spila á trommur við hin ýmsu tækifæri. Stuðmenn lifa góðu lífi og leika á dansleikjum víða um land á næstu mánuðum. Stuðmenn hafa um árabil verið ein virkasta og vinsælasta hljómsveit landsins og hefur Ásgeir verið meðlimur í henni lengi. Hann hefur verið upptekinn við aðra hluti á síðustu misserum. „Þessa dagana er ég að vinna með hljómsveit sem sett var saman fyrir upptökur á plötu sem gefin var út á þessu ári. Samtals eru í henni átta hljóðfæraleikarar í henni. Upphaflega kom hljómsveit saman fyrir tónlistaratriði í Kastljósinu á Ríkisútvarpinu, en við ákváðum að halda áfram að spila eftir það. Enn hefur ekki verið fundið nafn á hljómsveitina en það kemur vonandi einhvern tímann.“

Ásgeir segir íslenskt tónlistarlíf vera í miklum blóma og nefnir sérstaklega að Mugison og reggísveitin Hjálmar séu skemmtilegar. Hann vonast til þess að geta fylgst betur með íslensku tónlistarlífi á næstunni en vegna tímaskorts segist Ásgeir ekki hafa getað fylgst nægilega vel með því sem er að gerast. „Það er augljóslega mikil gróska í tónlistarlífinu hér á landi. Því miður hef ég ekki komist á nógu marga tónleika til þess að fylgjast vel með því sem er að gerast. Vonandi kemst ég á fleiri tónleika á næstunni.“

Meðfram spilamennsku hefur Ásgeir kennt á trommur. „Ég var með eitt námskeið fyrir skömmu og það var ljómandi skemmtilegt. Annars fer mest af mínum tíma í að spila en ég reyni að sinna leiðbeinandastarfinu inni á milli. Það gefur mér mikið og er lærdómsríkt fyrir alla tónlistarmenn.“

Ásgeir fer til Frakklands í júní þar sem hann kemur fram ásamt Birni Thoroddsen, Gunnari Hrafnssyni og Agli Ólafssyni. Auk þess eru mörg verkefni framundan með Stuðmönnum.

## Yngsti frambjóðandinn

Sædís Alda Karlsdóttir er með yngstu frambjóðendum í sveitarstjórnarkosningunum í ár ef ekki sá yngsti. Hún varð átján ára þann 17. mars en framboðslisti L-listans í Grundarfirði var samþykktur daginn fyrir afmælisdag hennar eða degi áður en hún fékk kosningarétt. Hún er í áttunda sæti listans.



SÆDÍS ALDA KARLSDÓTTIR

„Það sem ég vil helst berjast fyrir eru íþrótta- og tómstundamál,“ segir hún. „Til dæmis vil ég að við fáum hér í Grundarfirði tómstundahús þar sem starfsemin yrði með svipuðum hætti og í Hinu húsinu í Reykjavík,“ segir hún en þýtur svo heim á leið til prófletsturs sem er engu minni prófraun en kosningabaráttan sem framundan er. - jse



# Bjóða byggingarlóð í happdrættisvinning

**Vestfirskir víkingar, galdramenn, hrútaþuklarar og tónlistarmenn láta ekki sitt eftir liggja á sýningunni Perlan Vestfirðir sem hefst í dag. Þar gefst gestum meðal annars tækifæri á að vinna byggingarlóð í happdrættisvinning.**

„Markmiðið er að kynna allt það helsta sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða á sviði ferðaþjónustu, atvinnulífs og mannlífs,“ segir Jón Páll Hreinsson, framkvæmdastjóri sýningarinnar. „En við erum ekki aðeins að reyna að fá fólk til að heimsækja okkur heldur viljum við einnig fá fólk til að flytja vestur.“ Fulltrúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar fara engan meðalveg í þeirri áeggjan sinni og bjóða byggingarlóð í happdrættisvinning að sögn Guðmundar Guðlaugssonar bæjarstjóra Vesturbyggðar.

„En þarna verða einnig Gísli Súrsson til að hrista upp í fólki, galdramaður frá Ströndum og svo munu aðrir Strandamenn halda fyrirlestur um hrútaþukl en ég þekki lítið til þeirrar iðju svo ég get fátt um þetta þukl sagt annað en það að ég veit að menn stunda þetta grimmt á Ströndum,“ segir Jón Páll og ekki er laust við að smá hrollur fari um kappann.

Sælgæti þeirra Vestfirðinga, harðfiskurinn, verður þar borinn á borð og mun sérstök dómnefnd þjóðþekktra manna dæma hann eftir bragði og útliti.

„Svo mun fjöldi tónlistarmanna stíga á stokk og má þar nefna Jón Kr. Ólafsson og Heiðu Ólafsdóttur frá Ströndum en hana þekkja margir úr Idolinu,“ segir Jón Páll.



**GÍSLI SÚRSSON OG ÞÓRARINN HANNESSON** Gísli Súrsson, eða leikarinn Elfar Logi Hannesson, og tónlistarmaðurinn Þórarinn Hannesson munu stíga á stokk í Perlunni en vonandi fer þá betur á með þeim en þegar þessi mynd var tekin.

Það er Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sem stendur að sýningunni í samvinnu við Markaðsstofu Vestfjarða.

Í tengslum við sýninguna boðar Fjórðungssamband Vestfirðinga til málþings um breytta atvinnustefnu á Vestfjörðum á morgun. Að sögn Aðalsteins Óskarssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, verður þar rætt um nýja framtíðarsýn fyrir landshlutann en á Fjórðungsþingi Vestfjarða árið 2003 var samþykkt ályktun um að sú framtíðarsýn ætti að byggjast á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og nýtingu landshlutans með þeim hætti að tekið yrði eftir hér á landi sem og erlendis. „Við munum einnig varpa fram þeirri spurningu hvort stjórnvöld vilji styrkja okkur í þessari stefnu líkt og þau hafa gert við stóriðjuna,“ segir Aðalsteinn.

jse@frettabladid.is



**STRANDAKONAN HEIÐA** Heiða sem gerði garðinn frægan í Idolinu í fyrra er ein skrautfjöðurin enn í menningarlífi Vestfirðinga. Hún mun stíga á stokk í Perlunni.

# Auðvelt að laða fugla í garða

„Helsta ógn fugla í þéttbýli er kettir,“ segir Steinar Björgvinsson garðyrkjufræðingur sem á sunnudag ætlar að leiða áhugasama í allan sannleika um hvernig laða má fugla að húsagörðum. Steinar vinnur í Blómálfinum við Vesturgötu á veturna en hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar á sumrin og á athafnasvæði þess er hvergi kött að sjá. Fuglalífið er því mikið og fjörlegt. „Eiturefni sem fólk úðar á tré og runna hefur líka sitt að segja enda fjandsamleg fuglum. Þau eyða möðkum og lirfum sem er ein aðalfæða fugla, sérstaklega meðan þeir eru með unga í maí og júní. Fólk ætti því að vega og meta hvort það þurfi að úða á plönturnar og það er rétt að hafa í huga að þessi efni eru ekki fyrirbyggjandi heldur verka aðeins þegar orðið er vart við skaðvaldinn. Það er því örugglega eitrað allt of mikið og að óþörfu.“



Steinar segir val á réttum plöntum stuðla að auknu fuglalífi í görðum og bendir á að grenið henti vel til hreiðurgerðar. Þá skapi reynir og hlíðaramall fæðu fyrir fuglana enda ber þeirra hreint lostæti. Einnig er snjallt að koma sér upp hreiðurkössum og baðskálum því fuglar þurfa að baða sig eins og aðrar skepnur. Og Steinar velkist ekki í vafa um kosti þess að fuglar haldi sig í húsagörðum. „Þeir halda niðri sníkjudýrum og svo er yndislegt að vakna upp við fuglasöng á morgnana.“ ■

**LÖÐUM AÐ FUGLA Í GARÐA** Steinar Björgvinsson garðyrkjufræðingur kennir fólki kúnstina í Grasagarðinum í Laugardal á sunnudag klukkan 11.





HAFIÐ FISKIPRINSINN

Grillvertíðin er hafin hjá prinsinum

Landsins mesta úrval af grillfisk

Opið Laugardaga frá 10-14

10% afsláttur af öllu á Laugardögum

-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • S: 554 7200 • www.hafid.is



hagstæðustu heildarinnkaupin
kíktu til okkar
Bragðgóðar
20%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.598 kr/kg
Verð áður 1.998 kr/kg
Danskar kjúklingabringur
Humarveisla
399
kr.pk
Humar 500g.
Matfugl
51%
afsláttur við kassa
Verð nú 343 kr/kg
Verð áður 699 kr/kg
Matfugl heill ferskur kjúklingur
Frábær verð
Kjúlli
43%
afsláttur við kassa
Verð nú 199 kr/kg
Verð áður 349 kr/kg
Ísfugl Buffalóvængir
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
GOÐI
Gourmet
25%
afsláttur við kassa
Verð nú 536 kr/kg
Verð áður 714 kr/kg
Goða frosinn lambaframpartur grillsagaður
ódýrt
GOÐI
Gourmet
40%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.199kr/kg
Verð áður 1.998 kr/kg
Gourmet grísakótilettur
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 5. maí til 7. maí eða á meðan birgðir endast.
netto
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

## SVONA ERUM VIÐ
> Fjöldi dauðsfalla vegna sykursýki*




Heimild: Hagstofa Íslands

*Flokkun á grundvelli flokkunarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Á við um aldurinn 1 til 74 ára.

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** YFIRLIT YFIR SÖGU VIÐEYJAR

## *Stærsta eyjan í Kollafirði*

Viðey er í tveimur hlutum sem tengjast með eiði og mælist samtals 1,7 ferkílómetrar, sem gerir hana stærstu eyjuna í Kollafirði. Norðvesturhlutinn er kallaður Vesturey, en stærri hlutinn, þar sem kirkjan og Viðeyjarstofa eru, heitir Heimaey. Eyjan er öll gróin og að hluta mýrlend, og hafa þar fundist 156 tegundir æðri plantna og fjöldi fugla, en talið er að allt að 30 tegundir verpi í eyjunni. Algengastir eru æðarfugl og sílamávur, en einnig verpir hrafn í eynni.



**Hver er saga byggðar í Viðey?**
Fornleifauppgröftur hefur leitt í ljós að eyjan var í byggð á 10. öld. Þar var kirkja byggð á 12. öld og árið 1225 var Ágústínaklaustur stofnað þar. Það stóð til 1539, þegar konungsfulltrúar frá Bessastöðum rændu það og lögðu undir konung. Jón Arason Hólabiskup, síðasti kaþólski biskup landsins, fór í herför og lagði eyna undir sig, endurreisti klaustrið og lét byggja virki í kringum það, en það varði skammt því siðbótinni var komið á eftir aftöku hans og öll klaustur endanlega lögð niður. Viðey var gerð að annexíu frá Bessastöðum og varð síðar aðsetur Skúla Magnússonar landfógeta. Hann lét byggja Viðeyjarstofu, fyrsta steinhús landsins, árið 1755, en kirkjan, sem er næstelsta kirkja landsins, var vígð 1774.

Prentsmiðja var starfrækt í Viðey á árunum 1819 til 1844. Í upphafi 20. aldar myndaðist um 100 manna þorp í Viðey, þegar fyrsta höfn landsins fyrir millilandaskip var byggð þar og unnu flestir við fisk. Þegar Reykjavíkurhöfn var fullbúin lagðist byggð af í Viðey, og var síðast búið í Viðeyjarstofu árið 1959.

**Hvaða starfsemi er nú í eynni?**
Reykjavíkurborg lét gera upp Viðeyjarstofu og kirkjuna, og árið 1988 var opnaður veitingastaður í Viðeyjarstofu. Það tekur um sjö mínútur að fara yfir sundið með ferjunni og á veitingastaðnum er boðið upp á þjóðlega íslenska rétti og léttar veitingar. Hestaleiga er einnig í eyjunni á sumrin. Nú eru uppi hugmyndir um að flytja Árbæjarsafn í Viðey, en jafnframt hefur draumur nokkurra um golfvöll á eyjunni verið langlífur.

## SPURT & SVARAÐ
KRÖFUGÖNGUR

## *Verkfæri þeirra sem eiga lítið*

Kröfugöngur voru víða um land vegna baráttudags verkalýðsins 1. maí. Þær voru þó ekki eins fjölmennar og áður fyrr og sums staðar voru þær felldar niður í fyrsta skipti í áratugi eins og til dæmis á Akureyri. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er varaforseti Alþýðusambands Íslands og ávarpaði göngufólk á Ingólfstorgi í Reykjavík.



INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR
Varaforseti ASÍ

**Hafa kröfugöngur raunverulega þýðingu?** Þær geta haft það en það fer eftir því hvernig þær eru. Það fer eftir því hversu margir safnast saman því þá hljóta stjórnvöld að hlusta á þau skilaboð. Kröfuganga getur verið öflugur þrýstihópur ef fólkið er nógu margt. Þetta er verkfæri þeirra sem geta ekki keypt sér leið. Þeir sem það geta þurfa ekki kröfugöngur og nota sínar eigin aðferðir.

**Verður farið í kröfugöngu á Íslandi árið 2016?** Það er nú beinlínis þannig að ég hef ekki hugmynd um það. Ég hef sjálf verið í hópi þeirra sem myndu vilja breyta 1. maí hátíðarhöldunum í Reykjavík en ég veit ekki hvernig það verður. Þetta fer eftir því hvað gerist á næstu árum og árið 2016. Ef þetta heldur áfram eins og hefur verið, þar sem misskipting eykst og eykst, þá verður öruggega miklu meira um kröfugöngur en nú er.






**RÁÐSTEFNAN** Sigríður Björnsdóttir, verkefnisstjóri Blátt áfram, og Guðrún Ebba Ólafsdóttir borgarfulltrúi sem var fundarstjóri á ráðstefnunni.

# Fjórðungur gerenda er yngri en átján ára

**Af þeim hópi fólks sem beitir aðra kynferðislegu ofbeldi hér á landi er 24 prósent yngri en 18 ára. Þá segjast 3,6 prósent framhaldsskólanema hafa fengið einhvern til kynferðislegra athafna með einum eða öðrum hætti. Þetta kom meðal annars fram á ráðstefnu sem Blátt áfram efndi til í gær.**



**ROBERT E. LONGO** Var aðalfyrirlesari á ráðstefnunni. Hann hefur sérhæft sig í forvörnum gegn kynferðislegri misnotkun og meðferð þeirra sem sætt hafa kynferðisofbeldi.


FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA SIGURÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

Ungmenni, yngri en 18 ára, sem misnota aðra kynferðislega eru allt að 24 prósent af hópi allra gerenda hér á landi. Þetta kom fram í máli Jóns Friðriks Sigurðssonar, forstöðusálfræðings á geðsviði Landspítala háskólasjúkrahúss, á ráðstefnu sem Blátt áfram efndi til um kynferðisofbeldi gegn börnum í gær.

Þessar tölur, sem Jón Friðrik kynnti, eru unnar upp úr rannsókn sem Barnaverndarstofa gerði annars vegar og BA-verkefni sem Þorbjörg Sveinsdóttir, verkefnastjóri á LSH, og Jóhanna Jónsdóttir sálfræðingur unnu hins vegar. Í fyrrnefndu rannsókninni reyndust 20 prósent gerenda í kynferðisofbeldismálum vera yngri en 18 ára. Síðari rannsóknin, sem gerð var á börnum í Barnahúsi árið 2000, leiddi í ljós, að 24 prósent gerenda voru á aldrinum 13-17 ára.

„Við höfum verið að gera nokkuð víðamikla rannsókn í Barnahúsi," sagði Jón Friðrik við Fréttablaðið. „Við erum með tölur úr mjög stóru safni. Um er að ræða meira en þúsund mál, sem eru mjög misjafnlega vaxin. Í þeim málum sem þolandinn þekkir gerandann eru um 30 prósent gerenda yngri en 18 ára. Þetta eru tölur sem við þekkjum erlendis frá, það er að segja 20-30 prósent af þeim, sem eru tilkynntir sem gerendur kynferðislegs ofbeldis, eru á þessum aldri."

**Illa staddur hópur**
Jón Friðrik nefndi einnig rannsókn sem gerð hefur verið meðal ungmenna á vegum Rannsóknar og greiningar í Háskólanum í Reykjavík, unnin að tilstuðlan Barnaverndarstofu. Þar hefur verið lagður fyrir ungmenni spurningalisti með mjög opnum spurningum um kynferðislega misnotkun. Í ljós hefur komið að 3,6 prósent framhaldsskólanema segjast hafa sannfært einhvern, þvingað eða neytt til kynferðislegra athafna.

„Einkenni á þessum hópi er að hann er mjög illa staddur, félagslega og andlega, samanborið við „normal" hópinn," sagði Jón Friðrik. „Fyrrnefndi hópurinn er meira í fíkniefnaneyslu, hefur gert fleiri sjálfsvígstilraunir, upplifað meira ofbeldi og oftar sætt kynferðislegu ofbeldi. Niðurstöðurnar eru í samræmi við erlendar rannsóknir á unglingum sem beita aðra kynferðislegu ofbeldi."

Jón Friðrik kynnti á ráðstefnunni teymi, sem stofnað hefur verið til að taka við málum af þessu tagi til meðhöndlunar á stofu fyrir heilbrigðisyfirvöld og réttarvörslukerfið. Teymið skipa sálfræðingarnir Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, sem bæði starfa hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, og Ólafur Örn Bragason sem starfar hjá embætti ríkislögreglustjórans, en öll hafa þau reynslu af þessum málaflokki.

Þau hafa öll verið undir handleiðslu Jóns Friðriks. Í máli hans kom einnig fram að dómsþolar í kynferðisbrotamálum á aldrinum 15-20 ára á síðustu 16 árum, frá 1990-2005, eru 49 talsins. Ekki er í öllum tilvikum um óskilorðsbundinn fangelsisdóm að ræða.

jss@frettabladid.is



miðstöð bílaunnenda

sími 544 4540 I www.lodur.is




**ALGER NÝJUNG Á ÍSLANDI**

## Snertilaus Bílaþvottastöð

### GULL

Tjöruleysir, tvær sáputegundir, froðubón þrír litir, bón, þurrkefni og þurrkun.

**Verð kr. 1.600**

### SILFUR

Undirvagns- og felguþvottur, þrjár sáputegundir, froðubón þrír litir, bón, þurrkefni og þurrkun.

**Verð kr. 1.400**

### BRONS

Tvær sáputegundir, bón, þurrkefni og þurrkun.

**Verð kr. 1.100**

# SNERTILAUS BÍLAÞVOTTASTÖÐ

## AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR BÍLINN ÞINN ENGIR BURSTAR, BARA VATN OG SÁPA

Á bílaþvottastöðinni Reykjavíkurvegi 54 í Hafnarfirði býður Löður nú upp á það allra besta í bílaþvotti í heiminum í dag, snertilausa þvottastöð, enn eina sönnun þess að Löður er einfaldlega besti vinur bílaunnenda.

Nýja þvottastöðin snertir aldrei bílinn þinn. Í henni er aðeins notað vatn, loft og hreinsiefni, en engir burstar. Með háþrýstiþvotti og frábærum hreinsiefnum verður bíllinn bæði hreinni og fallegri en í nylonbursta þvottastöð. Snertilaus þvottur fer einstaklega vel með lakkið á bílnum og er einfaldlega það besta sem þú getur boðið bílnum þínum upp á í dag.

## OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

concept









Snertilausa stöð Löðurs er á bak við Esso við Reykjavíkurveg 54 Hafnarfirði



**landslag**
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** SÆGARPUR OG REYKOFN Í GRUNDARFIRÐI

# Af beitikóngum og hraunpussum

Ýmis forvitnileg sjávardýr koma á land í Grundarfirði. Þar á meðal eru beitikóngar en fyrirtækið Sægarpur hefur verkað þennan kuðung um nokkurt skeið aðallega fyrir Japansmarkað.

„Við erum með fjóra báta og verkum um tíu til fimmtán tonn á dag," segir Valdís Ásgeirsdóttir verkstjóri meðan hún gengur frá eftir vinnslu dagsins. „Núna starfa fimm manns við þetta en þegar hvað mest er um að vera erum við nær helmingi fleiri. Vinnslan er ósköp svipuð og í rækjuvinnslu, fyrst er þetta forsoðið en svo hreinsað og pakkað. Mér skilst að Japanir setji þetta út á salöt en það eru fleiri sem borða þetta því við sendum einnig eitthvað til Frakklands og Belgíu," segir hún en blaðamaður forðar sér áður en hann verður smúlaður.

Af öðrum skrýtnum verum sem landað er í Grundarfirði má svo nefna sæbjúgu sem einnig er kölluð hraunpussa og brosa því margir Grundfirðingar út í annað þegar þessi útgerð er til umræðu. Það er fyrirtækið Reykofn í Grundarfirði sem verkar þær verur. Um þessar mundir hafa þeir þó tekið sér frí frá verkuninni enda eru kínversku áramótin nýafstaðin en þá leggja Kínverjar hraunpussuna sér til munns, hefðum samkvæmt. Starfsmenn í Reykofni í Grundarfirði eru því einir af fáum Vesturlandabúum sem miða starfsemi sína við kínverska dagatalið.



**VALDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR MEÐ BEITIKÓNGA**

Að sögn Kára Ólafssonar, framkvæmdastjóra, hefjast veiðar og vinnsla aftur innan skamms. Í fyrra veiddu þeir 250 til 300 tonn að sögn Kára. Hraunpussan líkist einna helst sláturkeppi. Þessi furðulega vera er þeim eiginleikum búin að geta losað sig við innyfli sín án nokkurra vandkvæða því ný fara að vaxa jafnóðum. Einnig er hún ekki lengi að því að græða sárin þó skorið sé á hana myndarlegt gat.

Hún lítur ekki frýnilega út fyrir verkun en Kári segist sjálfur hafa smakkað léttreykta og soðna hraunpussu en hún var borin fram með hrísgrjónum og þótti honum það hin besta máltíð.

## STAÐURINN

**TÖLUR OG STAÐREYNDIR**



### *Grundarfjörður*

**Íbúafjöldi í desember 2005:** 975

**Bæjarstjóri:** Björg Ágústsdóttir

**Skólar:** Leikskólinn Sólvellir, Grunnskóli Grundarfjarðar, Tónlistarskóli Grundarfjarðar, Fjölbrautaskóli Snæfellinga.

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Guðmundur Runólfsson hf *er með fiskvinnslu, útgerð og netagerð.*
Kaffi og veitingahúsið Kaffi 59,
Vöruflutningafyrirtækið Ragnar og Ásgeir ehf,
Rækjuver Fisk-Seafood,
Djúpiklettur ehf, þjónustufyrirtæki við sjávarútveg.

**Vegalengd frá Reykjavík:** 176 km

# Sveitin sem ól James Bond

**Það er nokkuð þungbúið yfir Grundarfirði þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kemur akandi í bæinn. Fljótlega birtir þó yfir enda er bjart yfir bæjarbúum því smjör drýpur af hverju strái við Kirkjufellið.**

Hvert sem litið er má sjá önnum kafið fólk þegar ekið er um bæinn. Við höfnina er Hafsteinn Garðarsson í óða önn að vigta aflann sem kemur að landi, nemendur fjölbrautaskólans líta upp frá bókum og bregða sér í Esso sjoppuna og lyftarar og pallbílar þeysast með kör full af sjávargulli til vinnslu. Allt er þetta eins og lifandi og sjávarþorp á að vera en þá lítur blaðamaður nokkuð sem stingur skemmtilega í stúf. Við ein gatnamótin mætir hann manni á Jagúarbíl af árgerðinni 1955. Skömmu síðar sést Mustanginn fyrir framan Sögumiðstöðina í bænum og þá gefst tækifæri til að kynnast þeim hefðarmanni sem fer um með slíkum stæl.

### Snæfellingurinn James Bond

„Það þýðir ekkert að láta sjá sig á einhverjum skrjóð enda hvílir sú ábyrgð á okkur að vera sveitungar James Bond," segir Ingi Hans Jónsson, umsjónarmaður Sögumiðstöðvarinnar og Jagúareigandi. „Já, það er ekki um það deilt að William Stevenson, fulltrúi bresku leyniþjónustunnar í New York og fyrirmyndin að James Bond, var Vestur-Íslendingur og ekki aðeins það heldur Snæfellingur," segir hann ákveðinn.

Svo er blaðamanni boðið á rúntinn og má sjá lotningarsvip á hverjum vegfaranda sem mætir þessum eðalvagni. „Svona bílar eiga náttúrlega alltaf réttinn," segir Ingi Hans kankvís þegar hann heilsar vegfarendum.

### Stígvel af frönskum landkönnuði

Eftir rúntinn er komið við á Sögumiðstöðinni en þar ber að líta ótal muni sem tengjast sögu sveitarinnar. „Þessi fallbyssa fannst árið 1995 þegar verið var að taka sand úr fjörunni til að byggja íþróttahúsið í bænum en hún var á frönskum hvalfangara um 1720 og þetta er sennilega stærsta fallbyssa á landinu," segir Ingi Hans. En svo er hann rokinn að næsta grip enda margt forvitnilegra muna í miðstöðinni. „Þetta stígvél fannst í trolli árið 2001 og ég er sannfærður um það að eigandi þess hafi verið Jules Deblossavile en hann var franskur landkönnuður sem hvarf þegar hann var á leið frá Íslandi til Grænlands árið 1823."

Ingi Hans hefur varðveitt um hundrað þúsund ljósmyndir sem tengjast sögu staðarins og geta gestir innan skamms skoðað þær á tölvum sem þar eru. Einnig getur að líta kvikmyndir á sérstöku breiðtjaldi sem hann hefur hannað sjálfur. Á setrinu er síðan svokölluð Bæringsstofa sem er í senn funda- og bíósalur en þar eru einnig varðveittir munir úr eigu Bærings Cecilssonar sem var landsþekktur ljósmyndari.

### Vilja ekki verða stórkarlar fyrir sunnan

Þá liggur leið blaðamanns á helsta athafnasvæði bæjarins þar sem hver fiskvinnslan liggur um aðra þvera. Þar verður Runólfur Guðmundsson, stjórnarformaður sjávarútvegsfyrirtækisins Guðmundar Runólfssonar, á vegi hans og leiðir hann rakleitt inn í fiskvinnslusal. „Við erum svo gamaldags hér í Grundarfirði að við erum ennþá að verka fisk," segir hann kankvís. Fleiri merki um íhaldssemi Grundfirðinga er að finna í fyrirtækinu því þar er full verbúð en víðast annars staðar á landinu hefur verbúðarmenning lognast útaf. „Það eru aðallega útlendingar sem búa á verbúðinni og þetta er svo gott og siðsamlegt fólk að það þarf engar áhyggjur af því að hafa. Það er annað en þegar skríllinn að sunnan bjó á verbúðunum en þá þurfti maður að hafa jötna til að vaka yfir þeim. Enda fór það svo ef okkur grunaði að eitthvað væri um fíkniefni að við sendum lögguna á þá og svo tóku þeir bara pokann og fyrsta bíl suður," segir stjórnarformaðurinn.

„Við erum sjö systkinin og frændi okkar að vinna í þessu nótt sem nýtan dag. Við höfum bara fjári gaman af því sem við erum að gera og er annt um að halda kvótanum hér í bænum frekar en að selja hann og leika svo einhverja stórkarla fyrir sunnan. Heldur viljum við vera litlir karlar úti á landi, það er mun betra hlutskipti ef þú hefur gaman af því sem þú ert að gera." Runólfur og félagar fara þó ekki hefðbundnar leiðir við veiðar þó þeir segist vera gamaldags. Þeir veiða þorsk í sérstakar gildrur sem virka þannig að hann syndir inn í hálfgert netabúr sem lagt hefur verið á leið hans fyrir göngur. Þaðan er svo hægt að flytja hann, án þess að taka hann upp úr, í kvíar. Þetta er því nær því að vera smalamennska en veiðar. Svo gera þeir út tvö togskip.



**INGI HANS JÓNSSON** Vélfákur forstöðumannsins á Sögumiðstöðinni er ekki af lakara taginu. Hann ekur um á Jagúar af árgerð 1955 enda vel við hæfi fyrir sveitunga James Bond að hafa fararskjóta við hæfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**RUNÓLFUR GUÐMUNDSSON** Hann tók verbúðarskrílinn að sunnan engum vettlingatökum en hann sefur vært nú þegar siðsamir útlendingar gista þar.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

### Öldungurinn yngist í fiskiríi

Guðmundur Runólfsson, faðir Runólfs, hóf útgerð árið 1947. „Sá gamli getur þó ekki alveg slitið sig frá þessu þó hann sé orðinn 86 ára," segir Runólfur. „Hann kemur hingað tvisvar á dag og ef það hefur verið mikið fiskirí og nóg um að vera staldrar hann við og yngist um marga áratugi. Ef það er hinsvegar lítið að gera nennir hann ekkert að hanga yfir þessu og fer heim jafn gamall og árin segja til um." Það var fjör í vinnslusalnum en þar streymdu inn karfaflökin á færibandinu. Þær Auður Halldórsdóttir og Ingibjörg Fanney Pálsdóttir litu þó upp frá þeim rauða til að spjalla við blaðamann. „Við erum úr Hafnarfirði en kunnum best við okkur í slorinu úti á landi," segir Ingibjörg og tekur utan um kollega sinn. „Ég er búin að vera á Eskifirði, Patreksfirði og víðar en það er alveg frábært að vera hér á Grundarfirði en þó eru aðstæður þannig að ég þarf að fara í bæinn aftur."

Í næstu pásu á eftir fór hún svo upp á veitinga- og kaffihúsið Kaffi 59 til að panta stóra köku sem hún ætlaði að kveðja félaga sína með. Starfsfólkið þar hafði þá í nógu að snúast því Svana Björk Steinarsdóttir var að halda upp á sjö ára afmæli sitt þar ásamt fjölmenni.

Blaðamaður þáði kaffisopa hjá Örnu Mjöll Karlsdóttur á barnum á Kaffi 59 áður en hann kvaddi þennan föngulega barnahóp og sló í vélklárinn. Á leiðinni suður yljaði hann sér við þá sannfæringu að sjávarþorp geti vissulega náð vopnum sínum aftur. Það er guðspjall dagsins eftir dag í Grundarfirði.

**Réttu tækin í þrifin**
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði

Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur



**6.888 kr.**
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

**48.888 kr.**
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

**Bjarnþór Þorláksson**
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6206B

# Leikfanga-útsala

allt að **80%** afsláttur

af völdum vörum



Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

WC rúllu tilboðið gildir aðeins í dag!

# Tilboð dagsins!

# Allt fyrir góða

**36 rúllur**

STÓRPAKKNING **399** KR. 36 rúllur

10 RUSLAPOKAR - klárir í garðvinnuna!

10 pokar **95** KR.

**3 risa eldhúsrúllur XL**

3 XL rúllur **298** KR.

**Always stórpakkning**

STÓRPAKKNING **349** KR.

**Alldays svart innlegg**

26 Í KASSA **159** KR.

LAX Á GRILLIÐ **998** kg KR. BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN

BÓNUSFETI **199** KR. 250g

## Marineraður og beinlaus lax

**Fín garðhúsgögn Engir penslar!**

Nú má nota tímann vandræðalaust til að stökkva til og úða á einn og einn stól meðan brakar í grillinu!

TEKKOLÍUBRÚSI **699** KR.

**Olía á úðabrúsa**

*Nýtt í Bónus!*

FROSNAR marineraðar lúðusteikur **1198** kg KR. frá Norðanfiski

## Marineruð lúðusteik

NÝTT fyrir hávaxnar eða þéttvaxnar konur: **SuMisura** sokkabuxur í stórum númerum frá Sanpellegrino

*Nýtt í Bónus!*

SuMisura **489** KR.

WELLA LITUR **699** KR.



helgi í Bónus!
EKKERT BRUÐL
ALI GRILL hnakki/kótelettur
1189 KR.
MERKT VERÐ 1698KR.
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
1298 KR.
900g
DANSKAR FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900g POKAR
EKKERT BRUÐL
30% afsláttur við kassann
ALI grillkótelettur og úrbeinaður hnakki
FROSIN TÚNFISKSSTEIK
99 KR.
250g
Nýtt í Bónus!
Gott á grillið!
BÓNUS PYLSUR eru á allt að 45% lægra verði en hinar!
LÉTTREYKTAR LAMBAKÓTELETTUR
1499 kg KR.
Léttreyktar lambakótelettur
Sykurskert kókómjólk 6 í pakkningu
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599KR.
Nýtt í Bónus!
6 FERNUR
348 KR.
2 LÍTRAR
98 KR.
KF SALAT
98 KR.
350g
www.bonus.is
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.461 **+2,31%**

**Fjöldi viðskipta:** 631
**Velta:** 18.612 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Flaga** | +3,65% |
| **KB banki** | +3,48% |
| **Bakkavör** | +2,50% |

MESTA LÆKKUN

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 60,00 +1,52% ... Alfesca 3,81 +0,53%... Atorka 5,80 +0,87% ... Bakkavör 49,20 +2,29% ... Dagsbrún 5,30 +0,57% ... FL Group 18,20 +2,25% ... Flaga 3,98 +3,65% ... Glitnir 16,90 +1,20% ... KB banki 743,00 +3,48% ... Kögun 74,00 +0,00% ... Landsbankinn 21,00 +1,94% ... Marel 70,70 +0,57% ... Mosaic Fashions 17,60 +1,15% ... Straumur-Burðarás 16,70 +2,45% ... Össur 107,00 +0,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Stýrivextir óbreyttir í Evrópu**
Bæði Seðlabanki Evrópu og Seðlabanki Bretlands tilkynntu í gær að stýrivöxtum yrði haldið óbreyttum. Stýrivextir á evrusvæðinu eru 2,5 prósent en þeir voru síðast hækkaðir um 25 punkta í mars. Stýrivextir í Bretlandi hafa hins vegar staðið óbreyttir í 4,5 prósentum síðastliðna níu mánuði.

Fréttaveitan Bloomberg segir frá því að Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, hafi gefið til kynna á fundi stjórnar bankans að vaxtahækkun sé ekki ólíkleg um næstu mánaðamót. Hagvöxtur á evrusvæðinu fari hratt vaxandi, olíuverð sé í hæstu hæðum og mikil eftirspurn eftir lánum sem kyndi undir verðbólgu. Að sögn breska ríkisútvarpsins fylgist breski seðlabankinn jafnframt náið með þróun heimsmarkaðsverðs á olíu.



Engar líkur eru hins vegar á öðru en að Seðlabankinn hér hækki stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunardegi, 18. þessa mánaðar.

**Húsnæði hækkar víðar í verði en hér**
Að sögn félags norskra fasteignasala hefur fasteignaverð hækkað nokkuð í Noregi á milli mánaða en verð á húsnæði er 13 prósentum hærra nú en í apríl í fyrra. Þá hefur fasteignaverð hækkað um heil 9 prósent það sem af er þessu ári.

Fasteignaverð hækkaði um 1,9 prósent á milli mars og apríl, samkvæmt félaginu.

Sölusamningar voru hins vegar færri í apríl en mars. Ástæðan er páskahelgin en þá voru mörg fyrirtæki lokuð. Að sögn norska dagblaðsins Aftenposten tók að meðaltali 23 daga að selja hverja fasteign í Noregi, en það er heldur lengri tími en tekið hefur að moka út íbúðum hér, að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings banka hf. á Íslandi, hefur keypt 500.000 hluti í bankanum á genginu 750 krónur á hlut. Á hann eftir viðskiptin 3.300.075 hluti í bankanum.

Glitnir banki hf. hefur lokið við kaup á 50,1 prósenti hlutafjár í UNION Group ASA í Noregi. Fjármálaeftirlit í Noregi og á Íslandi hafa veitt Glitni banka formlegt samþykki fyrir kaupunum.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar var útflutningur í apríl 17,7 milljarðar króna en innflutningur 27,4 milljarðar. Vöruskiptajöfnuður var því óhagstæður um 9,7 milljarða.

# Glitnir sér tækifæri í Bandaríkjunum

Sjávarútvegsteymi Glitnis hefur sent frá sér ítarlega skýrslu um bandarískan sjávarútveg.

Megin niðurstöður eru þær að vinsældir sjávarafurða í Bandaríkjunum fari mjög vaxandi en 88 prósent af neyslunni eru innfluttar vörur. Innflutningur á sjávarafurðum jókst um 66 prósent frá 1995 til ársins 2004.

Með aukinni stærð markaðarins vex krafan um að fyrirtæki innan iðnaðarins renni saman í stærri og hagkvæmari einingar til að geta veitt bandarísku stórverslanakeðjunum betri kjör og þjónustu.

Mikill vöxtur er í einstökum tegundum á borð við lax, rækju og eldistegundina tilapia. Enn er Alaska ufsinn vinsælasta tegundin á borðum bandarískra neytenda.

- eþa



**HUMARVEIÐAR VIÐ AMERÍKU** Í nýrri skýrslu sem Glitnir vann um bandarískan sjávarútveg kemur fram að vinsældir sjávarafurða fari þar vaxandi. NORDICPHOTOS/AFP

# M&B segja lágt boðið

Stjórn bresku kráarkeðjunnar Mitchells & Butlers hefur hafnað yfirtökutilboði frá fjárfestingahópi undir forystu Roberts Tchenguiz upp á 550 pens á hvern hlut.

Stjórnin segir að boðið endurspegli ekki raunverulegt virði pöbbakeðjunnar sem hefur vaxið hvað hraðast innan geirans.

Boðið hljóðaði upp á 2,7 milljarða punda auk vaxtaberandi skulda að upphæð 1,6 milljarða punda en samanlagt gerir þetta 570 milljarða króna.

Að tilboði Tchenguiz koma meðal annars KB banki, Apax Partners, HBOS og Barclays Capital. KB banki og Tchenguiz hafa starfað náið saman í fjárfestingum og reka saman Laurel-kráarkeðjuna.

Hlutabréf M&B féllu niður í 500 pens á markaði í Lundúnum í gær. M&B rekur um tvö þúsund pöbba, meðal annars þá sem reknir eru undir merkjum O´Neill og Harvester.

- eþa


## HLUTHAFAFUNDUR EJS

Hér með er boðað til hluthafafundar í EJS hf., kt. 610502-2530, og verður hann haldinn í starfsstöð félagsins að Grensásvegi 10, 4. hæð, föstudaginn 12. maí 2006 kl. 16.00.

**Fundarefni:**

1. Tillaga um að umboð stjórnar félagsins verði fellt niður.
2. Tillaga um að kjósa félaginu stjórn.

Virðingarfyllst,
stjórn EJS hf.

**Það er til lausn á öllu**
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000

EJS


# Seðlabankinn segir vandasama siglingu framundan

**Seðlabanki Íslands sendi í gær frá sér skýrslu um fjármálastöðugleika hér. Davíð Oddsson seðlabankastjóri segist vilja sjá meiri merki um að viðskiptabankar dragi úr útlánum og að staða Íbúðalánasjóðs sé óviðunandi. Á heildina litið segir bankinn stöðuna þó góða.**



**BANKASTJÓRN SEÐLABANKANS** Jón Sigurðsson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson seðlabankastjórar við upphaf kynningarfundar bankans á skýrslu um fjármálastöðugleikann. Bankinn er bjartsýnn á stöðugleika fjármálakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þjóðhagslegt ójafnvægi hefur aukist frá því að Seðlabanki Íslands gaf síðast út rit um fjármálastöðugleika fyrir ári síðan. Bankinn kynnti síðdegis í gær nýja úttekt á fjármálastöðunni þar sem yfirskrift aðfararorða hennar er „vandasöm sigling framundan“.

Í fyrra var niðurstaða greiningar bankans sú að fjármálakerfið væri í meginatriðum traust þrátt fyrir mikla siglingu og það þyrfti næstu árin að glíma við ójafnvægi. Sú niðurstaða er óbreytt þótt horfur séu nú í fyrsta sinn síðan í nóvember 2001 sagðar neikvæðar. „En boðarnir framundan eru nú sýnilegri og meiri,“ sagði Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, þegar hann kynnti skýrsluna.



**TRYGGVI PÁLSSON** Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans hafði yfirumsjón með nýrri skýrslu bankans.

Davíð segir að frá því í fyrra hafi tvennt gerst, annars vegar hafi aukist ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og hins vegar orðið umskipti í fjármögnun viðskiptabankanna. Þar koma meðal annars til neikvæð umræða um íslenska hagkerfið og fleiri hlutir. Þá geta sveiflur í gengi krónunnar í kjölfar mikils viðskiptahalla og verðlækkun eigna haft töluverð áhrif á skuldsett heimili og fyrirtæki, auk rekstrarskilyrða fjármálafyrirtækja. „Gengislækkunin kom bæði fyrr og hraðar en vonast var til,“ segir Davíð en bætir við að til lengri tíma sé hún þó holl, enda hafi gengið verið orðið töluvert hærra en samrýmst hafi getað jafnvægi í þjóðarbúskapnum. „Viðbrögð við breyttum aðstæðum eru þegar hafin og mikilvægt að þétt sé haldið um stjórnvölinn og gætt fyllstu varfærni,“ segir Davíð og áréttar að á umbrotatímum sé ávallt áhætta fyrir hendi, en hlutverk skýrslunnar sé að meta getu fjármálakerfisins til að mæta hugsanlegu áfalli. Hann segir breyttar aðstæður krefjast þess að bankarnir hægi á vextinum, enda bendi allt til að aðgengi þeirra að fjármagni og kjör verði ekki eins hagstæð og verið hafa. „Bankarnir hafa sagt við okkur að þeir séu byrjaðir að draga úr útlánum en við sjáum það ekki með skýrum hætti enn,“ segir hann en áréttar um leið að Seðlabankinn treysti þó fyllilega orðum bankanna um að málið sé á réttri leið, en vari um leið við því að við þessar aðstæður sé viðbúið að útlánatap þeirra eigi eftir að aukast. „En við vildum gjarnan sjá skýrari merki um að menn hefðu dregið úr lánum.“

Davíð segir að staða Íbúðalánasjóðs sé óviðunandi og brýnt að koma á boðuðum breytingum á rekstri hans. Hann segur skilning bankans vera þann að ný lög um sjóðinn eigi að liggja fyrir um næstu áramót. „Og seinna má það ekki vera,“ bætir hann við, en tekur ekki afstöðu til þess hvaða rekstrarform skuli taka við. „Meginatriðið er að ekki er hægt að vera með sérstakan sjóð með ríkisábyrgð í samkeppni við bankana.“

Sömuleiðis sagði Davíð Seðlabankann ekki hafa tekið afstöðu til þess hvort rétt væri að sameina Fjármálaeftirlitið bankanum, en benti á að báðar stofnanir væru tiltölulega litlar með tilliti til mannaforráða og að þróunin hefði víða frekar verið í þá átt að sameina slíkar stofnanir.

olikr@frettabladid.is

# Líf og fjör á öllum mörkuðum

**Krónan styrkist talsvert, verðmæti hlutabréfa og skuldabréfa hækkaði.**

Krónan styrktist talsvert í gær og endaði gengisvísitalan í 124,6 stigum sem var 2,50 prósenta hækkun frá deginum áður. Krónan styrkist mest gagnvart jeni og bandaríkjadal, sem kostaði rúma 71 krónu í dagslok.

Greiningardeild KB banka telur að skýrsla um fjármálastöðugleika á Íslandi, sem kynnt var í New York á miðvikudaginn, hafi haft jákvæð áhrif á markaðinn og fullvissað erlenda aðila að neikvæð umræða um íslenskt efnahagslíf hafi verið of hávær.

Úrvalsvísitalan hækkaði einnig mikið eða um 2,31 prósent í nærri nítján milljarða viðskiptum. Endaði Úrvalsvísitalan í 5.461 stigi eftir að hafa farið yfir 5.500 stig um tíma. Af stóru fyrirtækjunum hækkaði gengi KB banka mest eða um 3,48 prósent, Straumur-Burðarás um 2,45 prósent og Bakkavör og FL Group um tæp 2,3 prósent. Landsbankinn hækkaði um tæp tvö prósent.



**FJÖR Á INNLENDUM FJÁRMÁLAMARKAÐI** Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,3 prósent í gær á sama tíma og krónan styrktist mikið og skuldabréf hækkuðu í verði.

Mikill kaupáhugi var á skuldabréfamarkaði í gær og námu heildarviðskipti með skuldabréf ellefu milljörðum króna. Að mati KB banka er vaxandi áhugi erlendra fjárfesta fyrir íslenskum skuldabréfum, einkum verðtryggðum, eftir veikingu krónunnar að undanförnu og vegna væntinga um mikla verðbólgu á næstunni.

- eþa

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

**25%**
HEIMABÍÓSETT
VERÐ ÁÐUR kr. 19.990
TILBOÐ kr. 14.990
AFSLÁTTUR kr. 5.000
AKAI DVD VIDEO

**80%**
SJÓNAUKI 10x25
VERÐ ÁÐUR kr. 4.990
TILBOÐ kr. 990
AFSLÁTTUR kr. 4.000
tasco

**15%**
42“ PLASMASJÓNV.
VERÐ ÁÐUR kr. 199.990
TILBOÐ kr. 169.990
AFSLÁTTUR kr. 30.000
THOMSON

**43%**
STAFRÆN MYNDAVÉL
VERÐ ÁÐUR kr. 34.990
TILBOÐ kr. 19.990
AFSLÁTTUR kr. 15.000
MINOLTA 6 MEGA PIXEL

**20%**
STAFRÆN TÖKUVÉL
VERÐ ÁÐUR kr. 74.990
TILBOÐ kr. 59.990
AFSLÁTTUR kr. 15.000
JVC 30 GB HARÐUR DISKUR INNBYGGÐUR

**28%**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 249.990
TILBOÐ kr. 179.990
AFSLÁTTUR kr. 70.000
JVC DIST DynaPix MYNDTÆKNI

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HLJÓMTÆKJUM FRÁ KR. 5.990 PHILIPS JVC Dantax

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Frestun þingfunda:

## Málefni, málþóf og kosningar

Venja hefur staðið til þess að ljúka þingstörfum í hæfilegum tíma fyrir sveitarstjórnarkosningar. Starfsáætlun Alþingis gerði ráð fyrir að svo yrði einnig að þessu sinni. En ekki verður ávallt á allt kosið.

Þingmenn áttu ýmislegt ósagt þegar að lokadegi kom. Niðurstaðan varð sú að fresta fundum Alþingis fram á sumar. Eru það skynsamleg viðbrögð? Á ýmislegt er að líta í því efni.

Alla jafna er það svo að vilji ríkisstjórna stendur helst til þess að hafa þinghald sem styst. Þær vilja garnan losa sig við þingið. Ástæðan er einföld: Stjórnarandstaðan er vettvangslaus þegar þingstörf liggja niðri. Hún knýr því yfirleitt á um lengra þinghald og styttri þinghlé.

Þetta á ekki sérstaklega við núverandi ríkisstjórn. Fremur má segja að þetta sé algild tilhneiging í reiptogi stjórnar og stjórnarandstöðu á öllum tímum. Reyndar fer því fjarri að þetta sé sérstakt íslenskt fyrirbrigði. Víða erlendis eru þó sterkari hefðir um þingtíma. Árlegur þingtími er þannig í flestum tilvikum lengri en hér tíðkast. Ef til vill eru þar minni áhöld um þinglausnir af þeim sökum.

Um allnokkurt árabil hefur gætt tilhneigingar til þess að stytta þingtímann og lengja þinghlé. Hefðbundin sjónarmið sýnast helst hafa legið þar að baki. Stjórnarandstaðan hefur ekki andæft þessari þróun. Vera má að hún hafi ekki talið sig hagnast á lengra þinghaldi. Sú ályktun gengur þó gegn lögmálinu.

Sú spurning vaknar réttilega vegna þeirrar ákvörðunar sem nú hefur verið tekin hvort yfirleitt sé gild ástæða til þess í nútímaþjóðfélagi að sníða starfsáætlanir Alþingis að sveitarstjórnarkosningum eins og hefð er fyrir. Ástæða er til að draga það í efa. Þannig var ráð fyrir því gert að störf þingsins féllu niður áður en framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninganna rynni út.

Þó að eiginleg kosningabarátta hafi styst hér á síðustu áratugum er hún eigi að síður lengri en almennt gerist í Evrópu. Ekkert hlé var til dæmis gert á störfum breska þingsins vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru á Bretlandi í gær.

Með hliðsjón af gömlum siðum gæti verið hæfilegt að miða starfsáætlun Alþingis við að gera hlé á störfum þess viku fyrir sveitarstjórnarkosningar. Rúmar þrjár vikur eru í engu samhengi við nútímann.

Ríkisstjórnin kennir málþófi stjórnarandstöðunnar um að mál hennar hafa ekki öll náð fram að ganga á þessum tímapunkti. Ugglaust er talsvert til í því. Þó að málþóf skili sjaldnast miklu til röksemdafærslunnar er það eigi að síður hluti af því lýðræðislega jafnvægi sem sérhver löggjafarsamkoma byggir á. Við það verða allar ríkisstjórnir að sætta sig.

Mál geta einnig verið þannig vaxin að gildar málefnaástæður kunna að vera til þess að taka lengri tíma en starfsáætlun segir til um til þess að skoða þau og ræða. Það hlýtur að fara eftir atvikum, einkum þegar þingtíminn er stuttur.

Þá sjaldan að halda hefur þurft sumarþing eins og nú er áformað hafa þingstörf haft tilhneigingu til þess að dragast nokkuð á langinn. Það er einfaldlega jafn gott að teygja lopann á sumrin eins og í annan tíma.

En hvað sem því líður var að öllu virtu skynsamlegt að taka lengri tíma til umþóttunar og umræðu um ýmis þau mál sem verið hafa á dagskrá þingsins. Sum þingmál eru einfaldlega enn óþroskuð.


**vald.org**
**Frelsi Íslands**

**Eiturlyfjaböðlarnir sækja að Íslenskri æsku.**
**,,Stjórnmálamennirnir sitja hjá"**
**sayno.is,**
**vortex.is/sayno,**

www.metaphor.dk/guillotine/pages/guflash.html
sayno@vortex.is

**Þess er óskað að landsmenn leggi þessu átaki til fjárhagslegan stuðning!!!**
Svavar Sigurðsson s. 699 3357.
Kt. 190237-2069
Banki:1101-26-111557


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gömlu húsin út í Viðey

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinar, hefur nú viðrað þá hugmynd að byggja safn um sögu Reykjavíkur úti í Viðey. Þó að Dagur hafi viðrað hugmyndina á hann hana ekki, heldur kemur hún frá Minjavernd og Þyrpingu. Gert er ráð fyrir að flytja fjölmörg hús úr Árbæjarsafni og koma þeim fyrir á austurhluta Viðeyjar. Byggja upp bryggju í gömlum stíl og tengja safnið meginlandinu með ferjusiglingum frá fyrirhuguðu tónlistar- og ráðstefnuhúsi sem á næstu árum mun rísa við Faxagarð. Þetta er ekki fyrsta hugmyndin um uppbyggingu í Viðey. Áður hafa verið reifaðar hugmyndir um íbúðarbyggð og ekki fyrir svo löngu síðan var rætt um byggingu golfvallar.



### Borgarstjóri kannar málið

Borgarráð fól í gær Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra að kanna kosti og galla hugmyndarinnar. Fljótt á litið hefur hugmyndin nokkra kosti. Vel er hægt að færa rök fyrir því að safn um sögu Reykjavíkur eigi heima úti í Viðey. Fornleifauppgröftur hefur leitt í ljós að eyjan var byggð á 10. öld. Þar var reist kirkja og klaustur og svo má ekki gleyma því að Viðeyjarstofa, bústaður Skúla Magnússonar landfógeta og fyrsta steinhús landsins, var byggð þar árið 1775. Við fyrstu sýn eru ókostirnir fyrst og fremst þeir að safnið yrði ekki beint í alfaraleið. Þá má reikna með því að einhver andstaða verði við það að byggja íbúðir á því græna svæði sem Árbæjarsafn stendur á. Einhvern veginn hljómar hugmynd Hrafns Gunnlaugssonar um að flytja safnið í Hljómskálagarðinn alltaf betur og betur.

### Eiður Smári á förum

Ýmislegt bendir til þess að besti knattspyrnumaður Íslands, Eiður Smári Guðjohnsen, yfirgefi Chelsea í sumar. Það sem helst ýtir undir þennan orðróm er að Michael Ballack er á leiðinni til Chelsea og þar með verður staða Eiðs Smára erfið. Yfirlýsing Peter sKenyon, ráðamanns í Chelsea, um að þrír leikmenn verði látnir fara í sumar gefur þessum sögusögnum einnig byr undir báða vængi sem og fundur Arnórs Guðjohnsen, sem er umboðsmaður sonar síns, með ráðamönnum Chelsea fyrr í vikunni. Nú þegar hafa borist fregnir af því að Manchester United og Blackburn hafi áhuga á Eiði Smára.Tottenham og Arsenal hafa einnig verið nefnd.

**trausti@frettabladid.is**



## Margmenni á miðjunni

**Í DAG**
KOSNINGA-BARÁTTAN



BIRGIR GUÐMUNDSSON

„Af hverju er kosningabaráttan svona róleg?" Svona spyr höfundur Staksteina í Mogganum í gær og heldur áfram: „Elztu menn muna ekki svona rólega kosningabaráttu vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík eða sveitarstjórnarkosninga almennt." Þar með endurómar höfundur spurningar sem heyrst hafa víða um land síðustu dagana.

Af framhaldi greinarinnar má ráða að Staksteinahöfundur er fyrst og fremst að hugsa um baráttuna í Reykjavík en fullyrða má að svipaða sögu virðist vera að segja að minnsta kosti frá öllum stærri þéttbýlissveitarfélögum. Kosningabaráttan virðist óvenju sein af stað og þar til í gær hefur umræðan frá Alþingi yfirskyggt hina pólitísku umræðu síðustu vikur. Frestun þingstarfa kann að valda breytingu, en það mun koma í ljós.

En spurning Staksteina, og raunar fleiri, er engu að síður áhugaverð, hvers vegna er kosningabaráttan ekki átakameiri en raun ber vitni? Ekki er nokkur vafi á því að í þessu eins og í flestum öðrum málum liggur skýringin í samspili fjölmargra þátta. Þó er ein skýring sérstaklega áberandi og vert að draga hana fram sérstaklega. Hún lýtur að stefnumálum framboðanna.

*Félagslegar áherslur, eiginlega kratískar, eru áberandi, ekki síst gagnvart eldri borgurum. Meira að segja mál sem hugsanlega gætu skerpt línur milli flokka s.s. skipulagsmál, hafa verið sett í farveg sem slævir átökin.*

Fullyrða má að það gæti orðið afar snúin æfing fyrir hvaða stjórnmálafræðing sem er að greina niður hugmyndafræðilegar áherslur í stefnumálum hinna ýmsu flokka - t.d. í Reykjavík eða á Akureyri svo dæmi séu tekin. Ef það próf yrði lagt fyrir hóp stjórnmálafræðinga og gamalreyndra stjórnmálaskýrenda að fara yfir stefnuskrár flokkanna án þess að vita hvaða flokkur hefur hvaða stefnuskrá - þeir fengju semsé í hendur hauslausar stefnuskrár - og segja til um hvaða stefna ætti við hvaða flokk, er hætt við að þeir lentu í miklum vandræðum. Vissulega snúast sveitarstjórnarmál iðulega um praktísk mál og það er vel þekkt að sú hugmyndafræðilega flokkaskipting sem gildir á landsvísu riðlast iðulega í sveitarstjórnarmálum. Þetta er þó alls ekki algilt og oft hefur verið tekist á með hugmyndafræðilegum undirtónum - t.d. um félagslegar áherslur - sérstaklega í stærri sveitarfélögum.

Í þeim kosningum sem nú fara í hönd virðist hins vegar sem áherslur flokkanna muni í öllum grundvallaratriðum verða mjög svipaðar og beinast að hinni hugmyndafræðilegu miðju. Félagslegar áherslur, eiginlega kratískar, eru áberandi, ekki síst gagnvart eldri borgurum. Meira að segja mál sem hugsanlega gætu skerpt línur milli flokka, s.s. skipulagsmál, hafa verið sett í farveg sem slævir átökin. Það á að minnsta kosti við um stærri flokkana, t.d. í flugvallarmálinu í Reykjavík og varðandi Dalsbraut og Íþróttavöllinn á Akureyri. Miðjusæknin er ekki tilviljun né er þetta í raun séríslenskt fyrirbæri, en útreikningar og athuganir ráðgjafa og spunameistara flokkanna sýna einfaldlega að í því felist tækifærin, í því felist möguleikinn á að vera talinn alvöru framboð sem fólk treysti til að stjórna. Miðjusæknin er niðurstaða pólitískra markaðsrannsókna. Ýmislegt bendir til að þessi þróun sé komin nú gangi lengra og sé víðtækari en oft áður, og fyrir vikið eru átökin hvorki eins skörp né hatrömm. Þetta hefur tvenns konar afleiðingar í för með sér.

Í fyrsta lagi minni almennan áhuga á kosningabaráttunni og líklegt er að hún muni vara skemur en ella. Almennur áhugi er meiri fyrir pólitískum öldugangi en þegar lágsjávað er. Mjög líklegt er ennfremur að einmitt þessi kröftuga sókn inn á miðjuna spilli fyrir þeim flokkum sem til þessa hafa talið það sína sérstöðu að vera á miðjunni. Enginn vafi er á því að í þessu liggur rótin að þeim vanda sem Framsóknarflokkurinn hefur verið að mæta í skoðanakönnunum nánast um allt land núna, vanda sem hefur raunar verið að ágerast smám saman undanfarin ár. Framsókn er ekki lengur ein teboðinu á hinni pólitísku miðju - þar er orðið fullt út úr dyrum.

Í öðru lagi mun einsleitnin og miðjusækni pólitíkurinnar þýða að kosningabaráttan mun snúast upp í pólitíska fegurðarsamkeppni og ímyndarkapphlaup þar sem dagsform stjórnmálaforingja og auglýsingar munu hafa mikið að segja. Þegar mismuninn milli flokkanna er helst að finna á bögglauppboði einstakra hugmynda úr einhverjum almennum hugmyndabönkum og tæknilegum útfærslum - sem ekki tengjast beint neinni grundvallarpólitík - ræður sölumennskan ríkjum. Í slíkri sölumennsku hafa allir flokkar hins vegar tækifæri. Auglýsingar munu skipta máli, en mest mun þó mæða á forustumönnum framboðanna, því í kosningabaráttu af þessu tagi vegur þeirra frammistaða og útgeislun þyngst á endanum.

## Trúverðugleiki borgarstjóra

**UMRÆÐAN**
TRAUST OG TRÚVERÐUGLEIKI



MARTA GUÐJÓNSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Frambjóðendum Samfylkingarinnar er nú tíðrætt um traust og trúverðugleika. Trúverðugleika þeirra verður líklega best lýst með þeirri kosningabaráttu sem þau heyja þessa dagana gegn ríkisstjórninni. Þessi aðferð hefur tvo kosti. Samfylkingin þarf ekki að svara til saka fyrir eigin orð og gerðir, og það svarar enginn málflutningi þeirra enda verða alþingiskosningar ekki fyrr en að ári. Þetta er slæg aðferð en ekki mjög trúverðug.

Er það trúverðugleiki um fjármál borgarinnar að heildarskuldir hennar voru 5 milljarðar þegar R-listaflokkarnir komust til valda 1994 en verða a.m.k. 130 milljarðar eftir tæp þrjú ár? Og að þetta gerist á mesta hagsældartímabili í sögu þjóðarinnar. Er það trúverðugleiki að hækka útsvarsstuðulinn í 13,03% og nýta sér þannig hæsta leyfilega álagningarstuðul í fyrsta sinn í sögu borgarinnar? Er það trúverðugleiki að ganga fram fyrir skjöldu með dæmalausu lóðabraski og skipulegum lóðaskorti til þess eins að hækka lóðaverð, hækka þar með íbúðaverð, hækka fasteignamat og þar með fasteignaskatta sem borgin síðan hagnast á meðan borgararnir blæða? Er það trúverðugleiki að hækka fasteignagjöldin um 26% með holræsaskattinum einum saman? Og er það trúverðugleiki í málefnum eldri borgara að á valdatíma R-listans hefur ekki verið byggð ein einasta félags- og þjónustumiðstöð og engin þjónustuíbúð en í valdatíð sjálfstæðismanna voru byggðar átta félags- og þjónustumiðstöðvar og fjöldinn allur af þjónustuíbúðum? Ó nei.

Fráfarandi borgarstjóri, Steinunn Valdís, var með Umræðuna hér í gær þar sem hún fjallaði um falskan tón frambjóðenda sjálfstæðismanna. En hún gleymdi að geta þess að R-listakórinn var lagður niður fyrir níu mánuðum vegna þess að hann hélt ekki lagi.

*Höfundur skipar 10. sæti á lista sjálfstæðismanna.*


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


Notaðir bílar á tilboðsverði.
100% lán. Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð.
Aðeins í dag. Komdu strax.*
Útsala
Þig vantar bíl. Núna
Aðeins 65 bílar. Í dag
Komdu strax
Opið frá kl. 9-18
Tökum notaðan uppí notaðan
1.760.000 kr.
1.590.000 kr.
28.225 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Citroen C4, skrd. 03/2005, ek: 21.000 km.
1.950.000 kr.
1.790.000 kr.
31.625 kr. á mán.
í 72 mánuði
Ford Focus, skr.d. 10/2005, ek: 3.000 km.
580.000 kr.
399.000 kr.
11.425 kr. á mán.
í 48 mánuði.
Daewoo Nubira, skrd.08/1991, ek: 90.000 km.
380.000 kr.
239.000 kr.
12.425 kr. á mán.
í 24 mánuði.
Fiat Brava, skrd. 07/1997, ek: 102.000 km.
720.000 kr.
599.000 kr.
16.528 kr. á mán.
í 48 mánuði.
MMC Lancer, skrd. 08/2000, ek: 84.000 km.
650.000 kr.
499.000 kr.
14.125 kr. á mán.
í 48 mánuði.
Suzuki Baleno GLX, skrd. 03/1999, ek: 62.000 km.
1.520.000 kr.
1.399.000 kr.
28.925 kr. á mán.
í 60 mánuði.
Ford Mondeo Ghia, skrd. 09/2002, ek: 84.000 km.
690.000 kr.
579.000 kr.
16.225 kr. á mán.
í 48 mánuði.
VW Passat, skrd. 03/1998, ek: 170.000 km.
840.000 kr.
699.000 kr.
24.225 kr. á mán.
í 36 mánuði.
MMC Pajero, skrd. 12/1996, ek: 209.000 km.
1.470.000 kr.
1.350.000 kr.
24.025 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Ford Focus, skrd. 04/2004, ek: 50.000 km.
1.680.000 kr.
1.490.000 kr.
26.525 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Citroen Picasso, skrd.12/2004, ek: 35.000 km.
1.280.000 kr.
1.090.000 kr.
29.825 kr. á mán.
í 48 mánuði.
VW Passat Turbo, skr.d. 05/2000, ek: 108.000 km.
480.000 kr.
390.000 kr.
14.025 kr. á mán.
í 36 mánuði.
Subaru Impreza, skr.d. 11/1997, ek: 131.000 km.
1.820.000 kr.
1.590.000 kr.
43.225 kr. á mán.
í 48 mánuði.
Land Rover Discovery, skr.d. 09/1998, ek: 100.000 km.
1.090.000 kr.
890.000 kr.
18.725 kr. á mán.
í 60 mánuði.
Ford Focus Station, skrd. 04/2003, ek: 85.000 km.
399.000 kr.
14.425 kr. á mán.
í 36 mánuði.
Peugeot 306, skrd. 02/1998, ek: 162.000 km.
1.550.000 kr.
32.025 kr. á mán.
í 60 mánuði.
Ford Windstar, skrd. 01/2000, ek: 96.000 km.
510.000 kr.
399.000 kr.
14.325 kr. á mán.
í 36 mánuði.
Jeep Cherokee Limited, skrd. 05/1995, ek: 143.000 km.
790.000 kr.
16.725 kr. á mán.
í 60 mánuði.
Opel Astra-G-Caravan, skrd. 12/2002, ek: 75.000 km.
690.000 kr.
550.000 kr.
19.425 kr. á mán.
í 36 mánuði.
Mazda 323F, skrd. 12/1998, ek: 123.000 km.
Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
Útsalan stendur aðeins í dag.
Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is
Lukkupotturinn
Þú getur unnið! Smelltu þér á netið, www.brimborg.is, farðu inná Notaða bíla, finndu draumabílinn, prentaðu út upplýsingarnar um bílinn og komdu með þær til okkar í Brimborg. Þegar þú kaupir bílinn á útsölunni dagana 3. til 5. maí fer miðinn þinn í lukkupottinn. 10 heppnir kaupendur verða svo dregnir úr pottinum og hljóta þeir gjafabréf að verðmæti 10.000 kr. hjá Ruby Tuesday. Nöfn vinningshafa verða birt á www.brimborg.is miðvikudaginn 10. maí. Taktu þátt. Veldu notaðan bíl hjá Brimborg.
Taktubíl
brimborg
Öruggur staður til að vera á
* Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er fasteignaeigandi og er ekki á vanskilaskrá.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

# Fordómar eða fræðsla

UMRÆÐAN
BAKÞÖNKUM SVARAÐ



HALLDÓR PÁLL HALLDÓRSSON
SKÓLAMEISTARI MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

Bakþankar Davíðs Þórs Jónssonar í sunnudagsblaði Fréttablaðsins 30. apríl sl. eru um fordóma og fer hann sérstaklega inn á fordóma sína, og glímu sína við þá, gagnvart heimavistarskólum úti á landi. Tilgreinir hann Menntaskólann að Laugarvatni sérstaklega þar sem dóttir hans sýndi því áhuga að sækja um námsvist í þeim framhaldsskóla.

Vonandi verður það ekki þannig í hugum þeirra sem lásu bakþanka Davíðs Þórs að sleggjudómar þeir sem hann notar sem áhöld í gagnrýni sinni verði það sem sitji eftir í hugum fólks eftir lesturinn og gagnrýni hans á fordómana snúist upp í andhverfu sína. Sú hætta er þó fyrir hendi, vegna framsetningar hans í greininni. Jafnvel má vera að Davíð Þór hafi skaðað það góða starf sem unnið er í heimavistarskólum úti á landi og lítillækkað starfsmenn og nemendur Menntaskólans að Laugarvatni, fyrr og nú.

*Vonandi vekur grein Davíðs Þórs fólk þó öllu frekar til umhugsunar um eigin fordóma og þekkingarskort á því hvað og hvernig það er að búa og starfa úti á landi og á því hvernig heimavistarskólar eru, því fordómar eru börn vanþekkingarinnar.*

Vonandi vekur grein Davíðs Þórs fólk þó öllu frekar til umhugsunar um eigin fordóma og þekkingarskort á því hvað og hvernig það er að búa og starfa úti á landi og á því hvernig heimavistarskólar eru, því fordómar eru börn vanþekkingarinnar.

Hvernig er Menntaskólinn að Laugarvatni, heimavistarskóli á hentugum stað í sveit? Besta svarið fæst með því að kynna sér viðhorf þeirra sem hafa útskrifast þaðan sem stúdentar, hvað viðskiptavinurinn hefur að segja, hvaða reynslu hann hefur. Það er vænlegt til árangurs að kynna sér heimasíðu skólans og koma í heimsókn á staðinn. Skoða skólann og það sem hann hefur fram að færa. Kynna sér aðbúnað, námsframboð, starfsfólk og þjónustu. Það er nefnilega þannig í dag að framhaldsskólar landsins eru í samkeppnisumhverfi og ímynd þeirra er eitt það mikilvægasta í markaðssetningunni. Þeir eru stofnanir í þjónustu almennings og eru og eiga að vera mjög vandir að virðingu sinni.

Mjög öflugt og faglegt starf er unnið í Menntaskólanum að Laugarvatni. Kennarar eru nánast allir með réttindi framhaldsskólakennara, langflestir þeirra með framhaldsnám eftir bachelorgráðu og margir þeirra með mastersgráðu. Þegar starf er auglýst sækja að jafnaði vel menntaðir og reyndir framhaldsskólakennarar um. Þeir eru að sækja um starf í góðum skóla þar sem gerðar eru kröfur. Vel er haldið utan um heimavistarmál, þrír starfsmenn eru þar í vistargæslu á vöktum, félags- og íþróttalíf er öflugt og skólinn útskrifar góða stúdenta vel undirbúna fyrir nám í háskólum. Gengi nemenda úr ML í háskólanámi sýnir að þeir eru mjög vel staddir faglega og félagslega. Öflugt kynningarstarf er unnið, þar sem sérstaklega er vísað til sérstöðu skólans sem bekkjarkerfisskóla með stúdentsbrautirnar þrjár, skóla sem er með starfs- og námsaðstæður á við það besta sem þekkist, skóla þar sem ævilöng vinátta myndast nemenda í millum og milli nemenda og starfsmanna. Þetta er menntaskóli með mikla sögu og ríkar hefðir en um leið skóli sem er nútímalegur og í mikilli þróun tæknilega. Það er góður undirbúningur undir nám í háskólum og sérskólum hérlendis sem erlendis, undir lífið og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi að fara í Menntaskólann að Laugarvatni og útskrifast þaðan sem stúdent.

Það er val starfsmanna skólans að starfa og búa á Laugarvatni eða í nágrenni, vegna þess að þar líður þeim og fjölskyldum þeirra vel. Það er val þeirra að búa úti á landi. Það er einnig val nemenda ML að sækja einmitt í þann skóla, vegna þess að hann veitir góðan undirbúning fyrir háskólanám, þar eru áhugasamir nemendur og góðir starfsmenn.

Að lokum vil ég bjóða Davíð Þór og dóttur hans hjartanlega velkomin í heimsókn í Laugardalinn, þann fagra fjallasal, til að kynna sér málin. Það er besta vopnið gegn fordómum. Mannlíf úti á landi er öflugt, menning fjölbreytt og gróskumikil og það eru góðir framhaldsskólar úti á landi. Það er gott að búa úti á landi. Það er gott að vera nemandi eða starfsmaður í Menntaskólanum að Laugarvatni.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

30%
AFSLÁTTUR

Íslenskt stjórnborð

TILBOÐSVERÐ
kr. 114.800
Listaverð kr. 164.000

Verðlaunavél

**Test**, blað þýsku neytendasamtakanna gaf nýju Miele W2241WTS þvottavélinni hæstu einkunn sem þvottavél fékk árið 2005.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is


# Er síki allsherjarlausn?

UMRÆÐAN
RAGNARI SVERRISSYNI KAUPMANNI SVARAÐ



ÁSGEIR MAGNÚSSON
FRAMBJÓÐANDI

Í framhaldi af þeirri vinnu sem hrundið var af stað með íbúaþingi og samkeppni um endurskipulagningu miðbæjarins sem félagið Akureyri í öndvegi stóð fyrir hefur mikil umræða átt sér stað um skipulagsmál á Akureyri og er það vel. Skipulagmál eru flókinn og vandasamur málaflokkur og það hvernig til tekst skiptir alla íbúa miklu máli og ræður miklu um þróun og uppbygginguu byggðar. Því ber að fagna allri umræðu og skoðanaskiptum um þennan mikilvæga málaflokk.

### Hver bað um að síki yrði grafið?

Það er mikill misskilningur hjá vini mínum Ragnari Sverrissyni ef hann heldur að það standi einhver allsherjar hallelújakór Akureyringa á bak við þá hugmynd að grafa síki upp í miðbæ Akureyrar til að mynda skjól og sól. Ég ætla a.m.k. að fullyrða að síki eitt og sér myndar hvorugt. Hvort sem Ragnari líkar betur eða verr þá eru um þennan þátt í þeim skipulagshugmyndum sem nú eru til umfjöllunar mjög skiptar skoðanir.

### Fráleitar kostnaðartölur

Ragnar kallar þá þær tölur sem ég sló fram sem áætlaðan kostnað við gerð þessa mannvirkis bull og vísar þar til „vandaðrar áætlunar" frá Siglingamálastofnun um að kostnaðurinn við gerð síkisins verði 250 milljónir. Ég skal fúslega viðurkenna að þetta er gróf áætlun og a.m.k hærri talan gæti verið of há ef alls aðhalds er gætt, en ég fullyrði þó að 250 milljónir eru út úr korti.

Miðað við verð á lengdarmetra í stálþili og viðlegukant þá kostar síkið og umgjörð ekki undir 350 milljónum. Þá á eftir að reikna með gerð brúar yfir fjórar akreinar Glerárgötunnar með tilheyrandi breytingum og hækkun á Glerárgötunni, flutning á öllum lögnum sem um þetta svæði liggja, niðurrif, flutning og endurbyggingu á skólpdælustöðinni, gerð göngubrúar yfir fremsta hluta síkisins, lýsingu á svæðinu, tengingu við önnur svæði í miðbænum o.s.frv.

### Snjöll lausn orðin að pólitísku bitbeini

Samfylkingin telur að þessa miklu fjármuni eigi að nýta til þarfari þjónustu við bæjarbúa. Um það snýst pólitík, Ragnar minn, að verulegu leyti. Að forgangsraða verkefnum. Það er því heimsins eðlilegasti hlutur að það sem einn telur snjalla lausn og beri að ráðast í strax sé ekki á forgangslista stjórnmálaafls sem telur önnur verkefni í bæjarfélaginu brýnni.

Eins og fram kemur í minni grein telur Samfylkingin á Akureyri margar af þeim hugmyndum sem verið hafa til umfjöllunar varðandi uppbygginguu miðbæjarins áhugaverðar. Við teljum óráð að mjókka Glerárgötuna sem þá um leið segir að þeir byggingareitir sem auglýstir voru fyrir skemmstu eru stærri en við viljum sjá á þessu svæði. Það er ekki þar með sagt að ekki megi byggja á hluta bílastæða miðbæjarins. Þær framkvæmdir verða þó að taka tillit til þess að Akureyringar eiga í dag 11.400 bíla sem notaðir eru daglega og þeir þurfa pláss.

### Tillögur að endurskipulagningu

Það voru sendar inn um 150 tillögur að endurskipulagningu miðbæjarins á Akureyri í þeirri hugmyndasamkeppni sem Akureyri í öndvegi stóð fyrir. Aðeins ein þessara tillagna, sú sem fékk fyrstu verðlaun dómnefndar (ekki Akureyringa), gerði ráð fyrir því að grafið yrði síki inn í miðbæ Akureyrar. Sú tillaga sem unnið hefur verið eftir við endurskoðun aðalskipulagsins er samsuða úr nokkrum þeirra hugmynda sem verðlaun fengu í keppninni. Samfylkingin er einfaldlega þeirrar skoðunar að hægt sé að búa til lifandi og skemmtilegan miðbæ á Akureyri án þess að hundruðum milljóna sé varið í þennan eina þátt einnar af þeim 150 tillögum sem bárust í hugmyndasamkeppninni.

*Höfundur skipar 4. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar á Akureyri.*

# Opið bréf til forseta ASÍ

UMRÆÐAN
SIGURBJÖRG ÁSGEIRSDÓTTIR BENSÍNAFGREIÐSLUKONA SKRIFAR UM LAUNAMUN

Í Fréttablaðinu hinn 1. maí birtist heilsíðuauglýsing frá Alþýðusambandi Íslands þar sem tíundaðir eru áfangasigrar þess í réttindabaráttu launafólks. Tilefnið er 90 ára afmæli sambandsins og er auðvitað allt gott um það að segja að haldið sé upp á merkan áfanga í sögu verkalýðsbaráttu.

Það sem stakk í augu við lestur auglýsingarinnar var sú staðhæfing að launajafnrétti hefði komist á árið 1948. Allar tiltækar upplýsingar um laun á Íslandi sýna svo ekki verður um villst að launamunur karla og kvenna er hér meiri en á hinum Norðurlöndunum og er hann þó töluverður þar. Ég velti því fyrir mér hvaða tilgangi slík tilhæfulaus auglýsing þjóni? Hafi einhver gert mistök, þá eiga íslenskar konur heimtingu á því að ASÍ biðjast afsökunar á birtingunni. Það er með öllu óþolandi að í byrjun 21. aldar sé ekki meiri þekking á jafnréttismálum innan ASÍ en birtist í þessari auglýsingu. Launamunur kynjanna er eitt af stærstu félagslegu meinsemdum í íslensku samfélagi. Framsækin og meðvituð verkalýðshreyfing ætti að gera útrýmingu launamunar karla og kvenna að forgangsverkefni sínu, sérstaklega í ljósi þess að meirihluti félagsfólks er konur.

Þess má geta að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld í Finnlandi settu sér það markmið í kjarasamningum sem gerðir voru árið 2005 að draga úr launamun milli karla og kvenna um fimm prósentustig fyrir 2015.

Ég undirrituð er félagskona í Eflingu og hef þar af leiðandi tekið þátt í að fjármagna gerð þessarar auglýsingar. Peningar verkalýðshreyfingarinnar koma frá okkur félagsmönnum hennar og í ljósi þess krefst ég skjótra og afdráttarlausra svara við þeim spurningum sem ég hef hér sett fram.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





## DIZA FLYTUR Á BETRI STAÐ

Eftir langa vist í Ingólfsstræti er hin gamalkunna verslun Diza flutt á Laugaveginn.

LANGUR LAUGARDAGUR 8

## KJÚKLINGUR PIPARSVEINSINS

Önnum kafnir ungir menn hafa sjaldan mikinn tíma fyrir eldamennsku né mikla kunnáttu. Til að galdra fram góðan mat þarf hvorugt.

MATUR 3



# allt



## ALLT HITT

**[MATUR TILBOÐ]**

**Sterling-grill** eru á sprengjuverði í Nóatúni þessa dagana. Grillið kostar 14.900 og kaupaukinn er veglegur, en það er kassi af pilsner, snakk, pylsur og kassi af kóki í gleri. Gasgrill eru einnig á tilboðsverði hjá ESSO-stöðvunum.



**H&M** Rowells er með lagerútsölu í Fellsmúla 28 sem er gamla World Class. Veittur er helmingsafsláttur af öllum vörum. Þetta er kjaraverð þar sem vörur H&M Rowells eru ódýrar fyrir.

**Notaðir** bílar eru á tilboðsverði hjá Brimborg. Veitt eru 100 prósenta lán og eru bílarnir seldir á lægra verði. Í dag er síðasti dagurinn á þessu góða tilboði.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 5. maí, 125. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.47 | 13.24 | 22.05 |
| Akureyri | 4.17 | 13.09 | 22.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Stefán ber fram dýrindis steinbítspiparsteik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fiskur í vinnunni – fiskur heima

***Stefán Úlfarsson hefur eldað fisk á Þremur Frökkum frá því staðurinn var opnaður árið 1989. Það sama er uppi á teningnum heima fyrir.***

Stefán á stóra fjölskyldu og heima hefur hann fimm munna að metta. Halda mætti að eftir langan vinnudag í eldhúsinu væri hann ekki spenntur fyrir áframhaldandi eldamennsku. „Það er ekkert annað að gera þegar maður kemur heim en að halda veislunni áfram,“ segir Stefán. „Ég er vanur að elda þegar ég er heima en konan mín sér um það þegar ég er á vakt.“ Þetta líkar Stefáni alls ekki illa enda er það hans helsta áhugamál að elda góðan mat.

Og hvað skyldi hann hafa mestar mætur á að elda? „Fisk að sjálfsögðu, ég er orðinn háður honum,“ segir Stefán og hlær. „Plokkfiskurinn og fiskibollurnar koma alltaf sterkar inn þegar metta þarf marga maga.“ Stefán tekur það þó fram að hann hafi gaman af flestum mat. Nefnir þar sérstaklega íslenska lambakjötið sem alltaf sé gott að fá.

Uppáhaldsmatfiskur Stefáns er lúða og skötuselur. „Ég hef líka gaman af steinbítnum, hann er þéttur í sér og það er gott að grilla hann,“ segir Stefán. Þegar vel ber í veiði má finna ýma furðufiska á matseðli Þriggja Frakka. „Við breytum matseðlinum daglega eftir því hvaða hráefni við erum með ferskt,“ segir Stefán. „Það er lykilatriði að vera með það sem best er á hverjum tíma, það margskilar sér í matargerðinni.“ „Jú, við fáum stundum furðulega fiska til okkar á Frakkana,“ segir Stefán. „Einn sá furðulegasti sem ég hef fengið er guðlax. Þetta var þrjátíu kílóa fiskur, afar skrautlegur og fínn á bragðið.“

Steinbítsmaðurinn Stefán gerði svo vel að deila með okkur uppskrift að steinbítspiparsteik. Uppskriftina er að finna inni á síðu 3.







**Tvö** glös af mjólk á dag alla ævi. Það segja sérfræðingarnir.

Madonna Ristorante

## *Þriggja rétta matseðill*

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir þírétta |
|---|---|---|
| Okkar rómaða humarsúpa | 990 | |
| Steiktur skötuselur með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| Kjúklingabringa „a la Italiana“ | 2.950 | 3.890 |
| Lambafillet með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| Nautalundir með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| Súkkulaðifrauð | 790 | |

*Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“*

*Veitingahúsið Madonna* / *Rauðarárstíg 27-29*
*Borðapantanir í síma* 562 1988 • *Madonna síðan 1987* • *www.madonna.is*



Grænmetishlaðborðið hefur mælst vel fyrir. Það er á þriðjudagskvöldum. MYND/BROOKS WALKER

# Undir norðurljósabjarma

***Hlaðborð með súpum, heimabökuðu brauði og grænmetisréttum hefur aflað sér vinsælda á Hotel Northern Light Inn.***

„Hingað er fólk að koma aftur og aftur þannig að grænmetishlaðborðið hefur spurst vel út,“ segir Kristjana Einarsdóttir hótelstjóri á Hotel Northern Light Inn. Hótelið stendur í grennd við Bláa lónið og hefur verið rekið frá því á níunda áratugnum en síðustu árin undir þessu nafni. Borðsalurinn var stækkaður verulega síðastliðið haust. Kristjana segir það einkum hafa verið gert til að betur færi um hótelgestina meðan þeir neyttu veitinga en einnig bauð stækkunin upp á frekari nýtingu. Þá komu grænmetishlaðborðin til. Þar sem sumarið er fram undan með fjölda gesta í gistingu verður hlé á grænmetishlaðborðunum á þriðjudögum frá því um miðjan júní fram í september og einn matseðill í gildi.

Kristjana gaf okkur uppskrift að einum rétti sem hún segir vinsælan á hlaðborðinu. Það eru tófubollur í súrsætri sósu sem hún segir auðvelt og fljótlegt að gera.

**TÓFÚBOLLUR (CA 16 BOLLUR)**

**330 g mjúkt tófú**
**1 msk. hnetusmjör**
**1 msk. tamari sojasósa**
**1/2 bolli fínt malað spelt**
**1/2 bolli smátt skorin græn paprika**
**1/4 bolli smátt skornir sveppir**
**1/4 bolli smátt skorinn sellerístilkur**
**4 vorlaukar, smátt skornir**

Aðferð: Hnetusmjöri og tamarisósunni er hrært vel saman í skál. Tófúið þerrað með eldhúspappír, marið með gafli og bætt út í skálina og hrært vel saman. Því næst er restinni af hráefninu bætt út í og hrært saman þar til það hefur blandast vel við tófúmassann. Mótið litlar bollur með teskeið. Bollunum raðað á bökunarplötu með bökunarpappír og síðan sett í 180 gráðu heitan ofn og bakið þar til bollurnar eru orðnar stökkar og hafa tekið brúnan lit, um það bil tuttugu mínútur eða örlítið lengur.

**SÚRSÆT SÓSA**

**1 bolli ósætur ananassafi**
**6 msk. hunang**
**6 msk. eplaedik**
**2 msk. tamari sojasósa**
**1 1/2 msk. kartöflumjöl**



Hótel Northern Light Inn er í friðsælu umhverfi í grennd við Bláa lónið. MYND/BROOKS WALKER

Aðferð: Allt hráefnið sett í pott, hrært saman og látið malla þar til sósan er komin með mjúka áferð.

Gott að bera fram með þessum bollum auk sósunnar ferskt salat og soðið bulgur.



Kristjana Einarsdóttir hótelstýra í hinum nýja matsal. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hunangs
Sinnepssósa...
... þegar vindur hvín!




Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna.
Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS

HÁGÆÐA VÍNGERÐAREFNI

EINFALT, ÓDÝRT ÁHUGAMÁL




ÓDÝR KOSTUR EF HALDA Á VEISLUR

aman

Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is




**Verðlaunavara frá Merchant Gourmet.**

**Frábært yfir salat, með kjöti, fiski, grilluðu grænmeti og ómótstæðilegt með jarðaberjum.**

arka sími 8992363



### Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Brakandi ferskt kjúklingasalat

Árstíðirnar, eins og margt annað í veröldinni, koma bæði hægt og skyndilega. Smám saman hefur dagsbirtan verið að vinna á en svo gerist það, allt í einu, að blessað dagsljósið verður svo sterkt og skært að píra þarf augun og verja húðina fyrir offorsi þess. Með birtunni grípur um sig ákveðið eirðarleysi og löngun til að borða léttan og fyrirhafnarlítinn mat. Þetta kjúklingasalat er fullkominn skyndibiti í byrjun sumars. Núðlurnar, sem eru notaðar ósoðnar, koma á óvart og gefa salatinu skemmtilega áferð. Sú brella er frá Önnu H.!

**1 steiktur kjúklingur (kjötið tekið af beinunum og rifið í grófa bita)**
**1 lárpera (skorin í fleyga)**
**7-8 falleg jarðarber (skorin í sneiðar)**
**1/2 stórt höfuð ísbergsalat eða 1 lítið (gróft rifið)**
**lúkufylli af fersku spínati**
**2-3 stilkar vorlaukur (skorinn í sneiðar)**
**1/2 -1pk 3 mínútna núðlur m/ kjúklingabragði**
**ristuð sólblómafræ (má sleppa)**
**2 msk ólífuolía**
**2 msk balsam edik**

1. Takið steikt kjúklingakjötið af beinunum og skerið, eða rífið, í grófa bita.
2. Rífið salatið niður í stóra skál. Skerið lárperuna, graslaukinn og jarðarberin og setjið útí ásamt kjúklingabitunum og spínati.
3. Útbúið salatsósu úr olíunni og balsamedikinu og smakkið til með kryddinu úr kryddpokunum sem fylgja 3 mínútna núðlunum.
4. Brjótið ósoðnar núðlurnar yfir salatið. Hellið salatsósunni yfir og blandið öllu vel saman og stráið að lokum sólblómafræjunum yfir allt.





Kjúklingarétturinn er einfaldur og á færi hvers manns að elda hann.

# Kjúklingur piparsveinsins

***Önnum kafnir ungir menn hafa sjaldan mikinn tíma fyrir eldamennskuna. Oftar en ekki er kunnáttan af enn skornari skammti. Til að galdra fram góðan mat þarf hvorugt.***

Þessi réttur er einfaldur, tiltölulega fljótlegur og það sem best er, hollur. Hann er líka fallegur fyrir augað svo ef þú ert að fá gesti í heimsókn er hann mun betri kostur en örbylgjubrauð. Það sem þú þarft er eftirfarandi:

**Ein paprika - græn, gul eða rauð**
**Einn laukur**
**Hvítlauksrif**
**Ein askja af sveppum**
**Brokkólí**
**Einhvers konar fræ**
**Tvær kjúklingabringur**
**Þá sósu sem þú finnur í ísskápnum**
**Krydd sem til er í hillunni**

Byrjaðu á því að skera grænmetið niður í stóra bita. Hvítlaukurinn er skorinn í þunnar skífur. Grænmetið er látið á pönnu og léttsteikt. Ekki steikja það of lengi því þá verður það maukað og slepjulegt og missir ferska bragðið.

Skerðu kjúklinginn í grófa strimla. Saltaðu og settu það krydd sem þér líst best á á bringurnar. Svo skaltu steikja strimlana upp úr sósunni við meðalhita, rétt eins og sósan sé olía. Við þetta fer sósubragðið inn í kjúklinginn, hann helst mjúkur og safaríkur og bragðast þar að auki mjög vel. Ég mæli eindregið með því að nota ostrusósu.

Þegar allt er komið á diskinn má strá fræjunum yfir réttinn.

*tryggvi@frettabladid.is*

## UPPSKRIFT



Steinbítspiparsteik Stefáns Úlfarssonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Steinbíts-piparsteik

ÞETTA ER UPPSKRIFT STEFÁNS ÚLFARSSONAR EN HANN ER KOKKUR Á ÞREMUR FRÖKKUM.

**ÞAÐ SEM TIL ÞARF:**
**4 x 200 g steinbítsflök**
**grill og steikarolía**
**grófmalaður svartur pipar**

**PIPARSÓSA:**
**5 sveppir saxaðir**
**smjör til steikingar**
**2 dl mjólk**
**1 dl rjómi**
**30 ml sætt sérrí**
**smjörbolla til að þykkja**
**1 tsk. grófmalaður svartur pipar**
**kjötkraftur**

Sveppirnir eru steiktir í smjörinu í potti, mjólk og rjóma bætt út í og sósan hituð að suðu. Þá er hún tekin af hitanum og þykkt með smjörbollunni og sett yfir hitann og suðan látin koma upp. Sósan er síðan bragðbætt með sérríi, kjötkrafti og svörtum pipar.

Steinbítnum er velt upp úr grill- og steikarolíu og steiktur á þurri pönnu (best að nota teflon-pönnu) í 1 ½ mínútu á hvorri hlið og kryddað með pipar.
Borið fram með piparsósu, bökuðum kartöflum og grænmeti.


KLÚBBURINN
sportbar&grill
www.klubburinn.is
SÍMI: 567 3100

Föstudagskvöldið 5. maí
Trúbadorarnir Halli og Kalli
Ath! Frítt inn
Laugardagskvöldið 6. maí



Hljómsveitin
OXFORD
Eitt heitasta band landsins í dag



Þegar góða veislu gjöra skal...



pipar / SÍA

Þú færð veislukaffið okkar í betri verslunum um land allt

**Kaffihús:**
Laugavegi 24
Smáralind

**Verslanir:**
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurveri
Akureyri
Egilsstöðum

TE & KAFFI

www.teogkaffi.is

**70%** Hagkaup á metið þessa viku í afslætti á einstakri vörutegund. Það eru Chicago Town pizzur, 250 grömm að þyngd, sem nú kosta 99 krónur en voru áður á 349 krónur.

GLUGG-INN



TILBOÐ
Glervasi 70 cm
Áður 2.900
Nú 1.450

Fákafeni 11 og Bæjarhrauni 12, HF

KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu krydduð lambasteik | 1.119 | 1.598 | 1.119 | 30 |
| Krónu kjúkl. blandaðir bitar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Krónu þurrkryddaðar grísahnakkasneiðar | 1.154 | 1.649 | 1.154 | 30 |
| Krónu þurrkryddaðar svínakótilettur | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Gríms fiskibollur 550 g | 299 | 398 | 544 | 25 |
| Gríms fiskibuff | 599 | 877 | 599 | 30 |
| Shop Rite álpappír 37,5 ft 1 pk. | 172 | 229 | 172 | 25 |
| Shop Rite samlokupokar | 157 | 209 | 157 | 25 |
| Shop Rite plastfilma 100 ft, 1 pk. | 157 | 209 | 157 | 25 |
| Shop Rite arinkubbar 1,6 kg | 172 | 229 | 172 | 25 |

Tilboðin gilda til 7. maí

NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambafille m/fituröndd | 2.998 | 3.498 | 2.998 | 15 |
| Nautafille í rauðvíns/pipar marineringu | 2.998 | 3.298 | 2.998 | 10 |
| Grísakótilettur beinlausar | 1,698 | 2.298 | 1.698 | 25 |
| Móa kjúklingaleggir magnpakkning | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Spergilkál/brokkólí | 299 | 419 | 299 | 30 |
| Náttúra spínat 300 g | 249 | 349 | 830 | 30 |
| Melónur cantalópa | 199 | 299 | 199 | 35 |
| J.W. túnfiskur í vatni/olíu 3 pk. 240 g | 199 | 299 | 829 | 35 |
| Bergen hnetusmj./súkk.hnetusmjörs kex 200 g | 79 | 98 | 395 | 20 |
| Bergen heslihnetu/kókoshnetu kex 200 g | 79 | 98 | 395 | 20 |

Tilboðin gilda til 7. maí

BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Danskar kjúklingabringur 900 g | 1.298 | 1.498 | 1.298 | 15 |
| Frosinn folaldaframpartur | 499 | nýtt | 499 | |
| KF léttreyktar lambakótilettur | 1.499 | nýtt | 1.499 | |
| Bónus eldhúsrúllur lx3 stk. | 298 | nýtt | 99 | |
| Bónus fetaostur í gleri 250 g | 199 | nýtt | 796 | |
| Bónus grill svínalærisneiðar | 899 | 1.398 | 899 | 35 |
| Bónus grill svínahnakkasneiðar | 899 | 1.398 | 899 | 35 |
| KS frosinn lambasvið | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Túnfiskur frosinn 250 g | 99 | 199 | 396 | 50 |
| Lúðuhausar frosnir | 129 | nýtt | 129 | |

Tilboðin gilda til 7. maí

FK FJARÐARKAUP ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| ko Fjallalæri kryddað | 1.298 | 1.858 | 1.298 | 30 |
| Lambarif kryddað | 298 | 398 | 298 | 25 |
| Kjúklingapíta frá Matfugli | 799 | 899 | 799 | 10 |
| Grill hamborgarar 2x115 g | 278 | 338 | 278 | 20 |
| FK hrásalat 320 g | 98 | 149 | 98 | 35 |
| Ruslapokar svartir 25 stk. | 498 | 598 | 498 | 15 |
| Jurtakryddað lambalæri | 1.098 | 1.798 | 1.098 | 40 |
| Karen volf tartalettur 120 g | 89 | 148 | 89 | 40 |

Tilboðin gilda til 6. maí

HAGKAUP

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Innfluttar kjúklingabringur 900 g | 1.699 | 1.899 | 1887 | 10 |
| Gourmet lambaofnsteik m/rauðvínsblæ | 1.019 | 1.698 | 1.019 | 40 |
| Lambainnralæri úr kjötborði | 2.556 | 3.195 | 2.556 | 20 |
| Lambagrillpinnar úr kjötborði | 2.198 | 2.698 | 2.198 | 20 |
| Chicago T. pizzur slice m/osti 250 g | 99 | 349 | 396 | 70 |
| Chicago T. pizzur slice Mexico 250 g | 99 | 349 | 396 | 70 |
| Chicago T. pizzur slice m/pepperoni 250 g | 99 | 349 | 396 | 70 |

Tilboðin gilda til 7. maí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísakótilettur djúpkryddaðar | 1.267 | 1.689 | 1.267 | 25 |
| Borgarnesbjúgu | 439 | 584 | 439 | 25 |
| Kindakæfa 200 g | 183 | 282 | 915 | 35 |
| Mills kavíar 190 g | 199 | 259 | 1.047 | 25 |
| Mills kavíar osta 170 g | 199 | 259 | 1.171 | 25 |
| Keebler townhouse saltkex 453 g | 189 | 229 | 417 | 15 |

Tilboðin gilda til 10. maí



Ásgrímur Jónsson

LISTMUNAUPPBOÐ

Sunnudagskvöldið 7. maí,
kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 110 verk,
þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í
Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14,
í dag kl. 10.00–18.00,
á morgun kl. 11.00–17.00
og sunnudag kl. 12.00–17.00

Uppboðsskráin er einnig á netinu: www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

## Kaldir tilboðsdagar

HEIMILISTÆKI VEITA NÚ AFSLÁTT AF KÆLI- OG FRYSTITÆKJUM.

Yfir hundrað mismunandi gerðir kæli- og frystitækja eru á tilboðsverði á köldum dögum Heimilistækja. Takmarkað magn er af tilboðsvörum og því gildir lögmálið um að sá fær sem fyrstur nær.

Sem verðdæmi má nefna að Vestfrost 400 lítra frystikista kostar 44.995 krónur en kostaði áður 52.995 krónur. Whirlpool 168 sentimetra kæliskápur með frysti kostar nú 49.995 krónur og með kaupunum má spara tuttugu þúsund krónur. GeneralFrost 85 sentimetra kæliskápur með frysti kostar nú 19.995 en kostaði áður 29.995 krónur.

Mörg fleiri tæki eru á tilboði hjá Heimilistækjum og má nálgast upplýsingar um vörur þeirra á www.ht.is.



Kæli- og frystitæki eru nú á afslætti hjá Heimilistækjum.

allt heimili
Alla fimmtudaga

www.velaborg.is S: 414 8600

DAF







ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR
Vinsælir í Evrópu
Vélaborg ehf

Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

barnaföt }



## Tilboð í Tvö líf

Meðgöngufataverslunin Tvö líf veitir fimmtán prósenta afslátt af Noppies-barnafatnaði um helgina. Noppies-barnafötin eru bæði vönduð og falleg og má því gera góð kaup fyrir litla krílið um þessa tilboðshelgi.
Verslunin er opin til klukkan sex í dag og á morgun er opið frá klukkan ellefu til fjögur.

## Maítilboð Office One

ALLTAF MÁ GERA GÓÐ KAUP Í OFFICE ONE EN VERSLUNIN ER MEÐ SÉRSTÖK MAÍTILBOÐ Á ÝMSUM SKRIFSTOFUVÖRUM.



Hjá Office One má nú gera góð kaup á skrifstofuvörum á sérstöku maítilboði. Hægt er að fá blaðabakka á aðeins 198 krónur eða með 43 prósenta afslætti. Bréfabindin eru seld á tæpar 200 krónur, ruslafötur eru á 20 prósenta afslætti og kosta um 400 krónur, tímaritabox má fá á aðeins 149 krónur.
Smærri vörur eru einnig á tilboði og má meðal annars fá tólf post-it miða blokkir í skemmtilegri tösku á 1.359 krónur og límbandsrúllur með standi fást á 1.175.
Nú er góður tími til að kaupa inn fyrir heimilisskrifstofuna.

# Sprengitilboð 1928

***Verslunin 1928 er með sprengitilboð næstu daga þar sem gera má góð kaup.***

Það vekur alltaf kátínu þeirra sem huga vel að málefnum buddunnar þegar verslanir sem á annað borð bjóða lágt verð á vörum sínum gera neytendum sínum tilboð.

Verslunin 1928 er með sprengitilboð sem standa fram í miðja næstu viku en veittur er allt að helmingsafsláttur af vörum í búðinni á þeim tíma.

Meðal þess sem gera má góð kaup á eru smákistlar fyrir 995 krónur og kommóða sem kostar nú 9.900 en kostaði áður 19.900. Einnig má fá leðurkommóðu á tæpar tíu þúsund krónur og Feng Shui kommóður í þremur stærðum frá krónum 2.900 og upp í krónur 5.900. Opnanlegir kollar eru einnig á tilboði á 1.950 krónur og leður sófaborð kostar 7.250 krónur á sprengitilboðinu.



Þetta er kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja fegra heimilið sitt fyrir lítinn pening.


EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Viltu ná glæsilegum árangri?

TT námskeið

Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega

TT-námskeiðin sívinsælu!
Frá Toppi til táar

Ný námskeið hefjast 21. maí
Skráning hafin!

Sumar-TT

TT-tímatafla

| Kl | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:20 | x | | x | | x |
| 07:20 | x | | x | | x |
| 08:20 | x | | x | | x |
| 12:05 | x | | x | | x |
| 16:20 | x | | x | x | |
| 17:20 | x | | x | x | |

Vertu velkomin í okkar hóp!



Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732



STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT



TEMPUR® TILBOÐSDAGAR Í MAÍ
HEILSUKODDAR - HEILSUDÝNUR - STILLANLEG RÚM

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Evíta

Stærri búð, full af fallegum vörum á betra verði



Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma.

Hárgreiðsla og gjafavörur

Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is

Traust dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ




NÝTT

Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi og Fjarðarkaup Hafnarfirði.

www.svefn.is



IQ-CARE HEILSUKODDAR

Svefn & heilsa

Skómarkaðurinn

Vorum að taka upp mikið af nýjum vörum

T.d. Sanilet sandalar margir litir, Flott dömustígvel og skór Flottir sumarskór á börnin, Herraskór í úrvali Sumarsandalar á alla fjölskylduna

ATH. 50-80% afsláttur

Skómarkaðurinn
Skæði og Valmiki




Dr. Gunni er ánægður með bílinn sinn, sem hann segir að eyði ekki miklu bensíni.

# Tekur plastpoka með sér í matvöruverslunina

***Gunnar Lárus Hjálmarsson tónlistarmaður hugsar ekki mikið um sparnað en ekur þó um á sparneytnum bíl og kaupir ekki í matinn hvar sem er.***

Gunnar segist almennt ekki hugsa mikið um sparnað. „Ég er mjög vond fyrirmynd í fjármálum og djúpt sokkinn í „þetta reddast“ lífsstílinn,“ segir hann.

Gunnar viðurkennir þó að hann sé svolítið meðvitaður um verðlag í matvöruverslunum. „Ég versla helst ekki í einhverjum svona pipparsveinabúðum þar sem ekkert er selt nema tilbúinn pakkamatur á uppsprengdu verði,“ segir hann. Gunnar segir að það komi líka fyrir að hann taki plastpoka með sér út í búð. „Miðað við hvað ég hugsa lítið um sparnað að öðru leyti þá er það svolítið að hirða aurinn og kasta krónunni,“ segir hann og hlær. „Ég hef líka stundum verið að gæla við þá hugmynd að fara með fjölskylduna í súpermarkaði á föstudögum til að sleppa við að elda því þá er svo mikið af fríum mat á kynningum en það hefur ekki orðið af því ennþá.“

Gunnar telur að mesti sparnaðurinn hjá honum felist í því hvað bíllinn hans eyðir litlu bensíni. „Ég er á sparneytnasta bíl á landinu, samkvæmt nýjustu upplýsingum, sem er Toyota Aigo. Hann eyðir að sögn fjórum komma níu lítrum á hundraðið svo ég ætti að spara eitthvað á því.“

Gunnari fylgist vel með því sem er að gerast í menningarlífinu á Íslandi en það getur verið dýrt að fara á allt sem er í boði. „Stundum er ókeypis inn í listasöfn og svoleiðis á ákveðnum dögum og ég reyni svolítið að elta það,“ segir hann.

Gunnar segist ekki muna eftir því að hafa einhvern tímann gert sérstaklega góð kaup. „Ég man bara eftir því að hafa gert ótrúlega vond kaup. Ég og konan mín fórum til dæmis í brúðkaupsferð til Bandaríkjanna þegar dollarinn var hundrað og tíkall en gengið virðist alltaf vera óhagstætt þegar ég fer til útlanda.“

emilia@frettabladid.is




FIMM FRÉTTIR

Alla virka daga kl. 17

NFS digital ísland vísir VEF TV

# Herralagerinn stækkar



*Herralagerinn á Suðurlandsbraut stækkar.*

Um helgina er kjörið tækifæri fyrir karlmennina að endurnýja fataskápinn. Herralagerinn við Suðurlandsbraut 54, í bláu húsunum, hefur stækkað. Af því tilefni verða mörg álitleg opnunartilboð næstu daga. Til dæmis verða öll jakkaföt á 19.980 krónur en þau dýrustu kostuðu áður allt að 65 þúsund krónur. Þá eru allar skyrtur á 2.980 krónur en kostuðu áður allt að sautján þúsund.

Um 50 til 70 prósenta afsláttur er veittur af merkjavöru á borð við Hugo Boss, SAND, Bugatti, Bellini, Lloyd, Redgreen, Armani Jeans og fleiru.

Opið er alla virka daga frá 12 til 18 og laugardaga frá 11 til 17.

# Loðkápur á útsölu

*Útsölunni hjá Eggerti feldskera Skólavörðustíg lýkur á laugardag.*

„Þetta er árviss viðburður," segir Eggert feldskeri, sem lýkur vikulangri útsölu á laugardag. Til boða standa alls konar loðfeldir, mokka- og leðurfatnaður á 30 til 70 prósenta afslætti.

Fatnaðurinn er bæði innfluttur og hannaður af Eggerti. Spurður hvað góð leðurkápa kosti á útsölu segir hann viðmiðunarverð um 60 þúsund krónur og þá er búið að veita 30 til 50 prósenta afslátt.

Eggert segir söluna hafa gengið nokkuð vel undanfarið enda kraftur í þjóðfélaginu. „Þá er það þannig að þegar fólk er búið að venja sig á að ganga í svona fatnaði vill það gera það áfram," segir Eggert .



Nú er tækifærið að ná sér í hlýja loðkápu fyrir næsta vetur.

## tilboð }

### héðan og þaðan



Miele-þvottavélar með íslensku skjáborði eru á 30 prósenta afslætti hjá Eirvík að Suðurlandsbraut. Tilboðsverð er 114.800 krónur.

Camp-let tjaldvagn er á sérstöku tilboði hjá Gísla Jónssyni að Kletthálsi. Sé keypt fyrir 15. maí fylgja aukahlutir að verðmæti 25 þúsund krónur.



Húsasmiðjan er með glæsileg tilboð á sumarvörum. Hjól fyrir börn og fullorðna, reiðhjólahjálmar, hjólavagnar, lásar grindur og barnastólar allt á glæsilegu tilboðsverði.




Snyrtidagar standa yfir í Smáralind dagana 4. til 8. maí. Þar má finna ýmis góð tilboð á alls kyns snyrtivörum í verslunum Hygeu, Debenhams, Hagkaupa, Lyfju, Ormsson, Byggt og búið og The Body Shop.

Betra bak er með tilboðsdaga í maí á Tempur-heilsudýnum, stillanlegum rúmum og heilsukoddum.

Öndvegi húsgagnaverslun er með tilboð á leðursófasettum, tveggja og þriggja sæta, og tungusófum.

Lyf og heilsa er með afmælistilboð í verslun sinni að Melhaga. Veittur er 20 prósenta afsláttur af merkjasnyrtivörum, ilmvötnum, Marc Anthony hárvörum og vítamínum.

## svefnherbergið }

### Fegrað fyrir lítið

DRAUMARÚM AÐ BÆJARLIND ERU MEÐ TILBOÐ Á ÝMSUM VÖRUM UM HELGINA.



Þeir sem hafa hug á að hressa örlítið upp á svefnherbergið sitt ættu að líta við í verslun Draumarúma. Um helgina má finna mörg bráðsniðug tilboð sem gerir svefnværum neytendum auðvelt fyrir að lífga upp á svefnherbergi heimilisins. Meðal þess sem er á tilboði er Palazzo-rúm, 140 sinnum 200 sentimetrar, á 56 þúsund krónur en rúmið kostaði áður 74.700 krónur. Veittur er 30 til 40 prósenta afsláttur af náttsloppum, Mediflow heilsukoddanum, koddum, sængum og sængurverasettum. Einnig verða Aloe Vera dúnsængur á sérstöku kynningarverði og kosta 13.930 krónur en kosta annars 19.900 krónur. Einnig er von á mörgum nýjum vörum í verslunina sem vert er að skoða.





Skrúfaðu frá sumrinu
bullandi tilboð alla helgina.

HÉR & NÚ / SÍA

Mora Junior
Einnar handar eldhúsblöndunartæki. Áralöng góð reynsla, frábært verð.
5.600 kr.

Frostline
Kynningartilboð um helgina á frostfríum útisturtum, drykkjarfontum og brynningartækjum.

Redan
Forhitarakerfi, sérhannaður stýribúnaður fyrir íslenska sumarbústaði og snjóbræðslur.
75.000 kr.

Ifö Calypso
80x80 sm heill sturtuklefi með stálbotni IFÖ gæði, einfaldur í uppsetningu.
47.000 kr.

Intra Horizon
1½ hólf án hliðarborðs. Intra stálvaskarnir hafa fyrir löngu sannað sig sem hágæðavara.
18.900 kr.

Ifo Cera handlaug
Ifö Cera 2352, stærð 47x36 ásamt Hansapolo blöndunartæki án lyftitappa. Frábært verð.
8.900 kr.

VISA MasterCard

Nokkrir Sundance Spas nuddpottar eftir á gamla verðinu.
Sérfræðingur frá Frostline verður á staðnum og kynnir frostfríar útisturtur, drykkjarfonta og brynningartæki.

Sértilboð af völdum vörum og 10% afsláttur af öðrum vörum, gilda aðeins þessa helgi. Opið 10-15 laugardag og 12-16 sunnudag.

**Helltu þér út í sumarið með Tengi**

* 10% afsláttur gildir ekki um pottana og vörur sem eru á sértilboði.

TENGI

Smiðjuvegur 76 ▪ 200 Kópavogur ▪ Sími 414 1000 ▪ Fax 414 1001 ▪ tengi.is


**Mikil endurnýjun** og miklar hræringar hafa átt sér stað í miðbænum. Athugaðu málið á morgun.



Lopapeysur
Stuttar, þröngar með rennilás
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890
www.handknit.is

TAX FREE DAGAR FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
15% AFSLÁTTUR
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201
Langur laugardagur • Opið 10 - 17


SILKI OG SUMARTOPPAR Í MIKLU ÚRVALI
BOUTIQUE BELLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 5
SÍMI 551 5215



Ásdís Loftsdóttir, verslunarstjóri Dizu, tekur væntanlega vel á móti bæði nýjum og gömlum viðskiptavinum á löngum laugardegi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Diza flytur á betri stað

*Verslunin Diza flutti nýlega í þægilegra og betra húsnæði á Laugaveg 44, þar sem Levi's-búðin var áður.*

Diza er verslun sem margir ættu að þekkja enda hefur hún lengi verið starfandi í Ingólfsstræti. Þrátt fyrir að Ásdísi Loftsdóttur, verslunarstjóra og eiganda Dizu, hafi líkað vistin í Ingólfsstrætinu vel er hún afar glöð að vera loksins komin á Laugaveginn þar sem búðin er meira áberandi og lætur meira fara fyrir sér. „Við erum búin að vera hérna í mánuð og höfum verið jafnt og þétt að bæta við úrvalið. Hér inni er hægt að finna bland í poka; prjónagarn, bútasaumsefni og klæðnað. Þetta er fyrir konur sem vilja hafa huggulegt í kringum sig. Við köllum þetta lífsstílsverslun frekar en hannyrða- eða fataverslun.“

Ásdís er mjög ánægð með nýju verslunina og segir að allt hafi smollið saman þegar verið var að setja upp verslunina. „Hér er hátt til lofts og bjart og öll húsgögn virtust raða sér alveg sjálf hingað inn,“ segir Ásdís að lokum með bros á vör.

*steinthor@frettabladid.is*


Þægilegur og einfaldur fatnaður er eitt af aðalsmerkjum Dizu.


Í Dizu má svo sannarlega finna bland í poka.


Í Dizu má meðal annars finna mikið magn af fallegu lérefti.


Ný peysusending!

Stutterma sumarpeysur verð 4.900kr.
Diza
Diza Laugavegi 44
s: 561 4000
Opið virka daga frá 10-18
laugardaga 11-15

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu

Óslípaður demantur
ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036


Röndótt í marimekko®
Útsölu horn
marimekko®
Laugaveg 56 • Sími 551 7600


FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



## EINFALDLEIKINN Í FYRIRRÚMI
*Sumarförðunin* SJÁ BLS. 4



## SJÖUNDI ÁRATUGURINN
*Sólgleraugu sumarins* SJÁ BLS. 3

[ SÉRBLAÐ UM TÍSKU – FIMMTUDAGUR 5. maí 2006 ]

# Sumartíska



AFP PHOTO FRANCOIS GUILLOT



## EFNISYFIRLIT


**GRÆNN JAKKI OG BLEIK SKYRTA**
*Herratískan hjá Sævari Karli*
BLS. 2

**SMEKKLEGIR SUMARSKÓR**
*Sandalar og háir hælar*
BLS. 2





**EINFALDLEIKINN Í FYRIRRÚMI**
*Sumarförðunin*
BLS. 4

**AUSTRÆN ÁHRIF**
*Kimono*
BLS. 6

**MUNSTUR OG BLÓM**
*Bíkiní*
BLS. 6





**GALLAJAKKINN**
*Sígild sumarflík*
BLS. 7





**HÚÐHREINSIR MEÐ BRÚNKUKREMINU**
*Skrúbb*
BLS. 7












# Grænn jakki og bleik skyrta

Sævar Karl fer ótroðnar slóðir í litavali fyrir herratísku sumarsins.

„Stakir jakkar úr vönduðu efni og í fallegum litum verða áberandi í herratískunni hjá okkur í sumar," segir Axel Gomez, sem hefur um árabil starfað í herradeild Sævars Karls í Bankastræti 7. „Þeir eru hugsaðir við galla-, kakí- og jafnvel sportbuxur og skyrtur í hressandi litum fyrir sumarið."

„Við erum meðal annars með okkar eigin jakkalínu, Sævar Karl Design, í nokkuð brjálæðislegum litum. Hér eru jakkar í ljósbláu, bleiku og gulu svo dæmi séu tekin. Við erum líka óhrædd við að blanda litum saman og hvetjum til þess að menn sé ófeimnir í þeim efnum. Til dæmis að grænn jakki sé hafður í stíl við bleika skyrtu, sem kemur virkilega vel út. Mynstur verða líka ríkjandi í búðinni í sumar og jakkarnir eiga helst að vera aðsniðnir."

„Við munum líka stíla töluvert inn á gallabuxur í sumar. Það er nefnilega nauðsynlegt að átta á sig á þeirri framþróun sem hefur átt sér stað í hönnun þeirra," segir Axel. „Hjá okkur fást vandaðar gallabuxur meðal annars frá þekktum aðilum á borð við Giorgio Armani og Prada. Það er margt skemmtilegt að gerast í gallabuxnatískunni, en helst má nefna gallabuxur, sem eru vel þröngar niður, og svokallaðar „buddy buxur", sem eru víðar um sig. Mynstraðar gallabuxur eru hins vegar dottnar upp fyrir."



Axel Gomez hefur um árabil starfað í herradeild Sævars Karls í Bankastræti 7. Hann veitir lesendum innsýn inn í herratísku sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Fallegir litir verða áberandi í jakkafatalínunni í sumar. Þessi bleiki jakki frá Sævari Karli design kostar 42.500 kr., en skyrtan er frá ETRO og er á 16.300 kr. hjá Sævari Karli.



Mynstraðir jakkar verða í tísku. Jakkinn er frá JOOP og kostar 39.800 kr. en peysan og pólóbolurinn eru frá Sævari Karli og kosta 9.400 og 7.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Þessi hversdagslegi en fallega blái hörjakki frá Armani kostar 42.300 kr. Peysan er líka frá Armani á 12.200 kr. og buxurnar frá JOOP á 10.200 kr. hjá Sævari Karli.

# Smekklegir sumarskór

Trítlaðu inn í sumarið í nýjum skóm.

Sólin hækkar á lofti og verslanirnar fyllast af sumarvörum. Skótískan verður fjölbreytt í sumar og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Fylltu hælarnir sem urðu vinsælir í fyrra verða áfram áberandi og þær sem fremur kjósa flatbotna skó hafa úr mörgu að velja. Hvers kyns sandalar fylla einnig búðarhillurnar og um að gera að eyða í slíka og leyfa tánum að anda svolítið eftir innilokun vetrarins.



Gylltir sandalar úr Aldo 2.990 kr.



Bianco 6.900 kr.



Rauðir og sumarlegir skór úr Aldo 6.990 kr.



Sparilegir sumarskór úr Bianco 6.900 kr.



Þægilegir flatbotna skór úr Bianco 5.400 kr.



Bianco 7.900.



Hvítir sumarsandalar frá Aldo 3.990 kr.



Skvísuskór úr Aldo 10.990 kr.





Ný kremlína frá

IMEDEEN®

Fæst í snyrtivörudeildum Hagkaupa og apótekum.










# Innblástur frá 7. áratugnum

Straumar og stefnur í sólgleraugnatísku sumarsins.

„Segja mætti að það sé sótt svolítið aftur í sjöunda áratuginn í hönnun sólgleraugna um þessar mundir,“ segir Sigrún Bergsteinsdóttir hjá Linsunni í Aðalstræti 9. „Hvítt og svart verður vinsælt í sumar. Einnig má búast við því að stór sólgleraugu, með skyggðu gleri, njóti áfram vinsælda. Þau eru þó oft skreyttari en áður,“ segir Sigrún.

„Auðvitað hafa ekki allir smekk fyrir svoleiðis gleraugum eða þá að andlitsgerð viðkomandi aðila hentar þeim ekki,“ bendir Sigrún á. „Það er ekki fallegt að sjá andlitssmáa konu með flennistór sólgleraugu sem þekja hálft andlitið. Í slíkum tilvikum má kaupa sér minni gleraugu.“

„Í karlatískunni gegnir öðru máli, þar sem sveiflur eru ekki eins miklar og hjá konunum,“ segir Sigrún. „Karlar kaupa sér sjaldnar sólgleraugu heldur en konur, sem skipta þeim reglulega út. Ástæðan er sú að þeir vilja að sólgleraugun endist í ákveðinni tíma, jafnvel nokkur ár. Þetta hefur þau áhrif að karlagleraugun eru sígildari í hönnun, glerið er gjarnan kúpt og umgjörðin einföld og stílhrein.“

„Þess má geta að Lacoste-sólgleraugun okkar hafa notið vinsælda hjá báðum kynjum, enda í þeim góð geislavörn og því tilvalin fyrir skíða- og jeppaferðir á hálendinu sumar.“


Útlitið er speisað á þessum gullhúðuðu kvengleraugum frá Cartier, sem kosta 28.900 kr.


Stór skreytt sólgleraugu eru í tísku. Þessi dömugleraugu frá Max Mara kosta 19.800 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Sólgleraugu með skyggðu gleri frá Lacoste kosta 14.900 kr. hjá Linsunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Herragleraugu eru yfirleitt með hefðbundnara sniði en hjá konunum. Þessi sólgleraugu frá Diesel eru undantekning á því og kosta 12.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Sólgleraugu frá Lacoste njóta vinsælda hjá báðum kynjum, enda í þeim góð geislavörn sem hentar vel fyrir útiveru í sumar. Þessi kosta 14.900 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Dömusólgleraugu með hvítri umgjörð frá Max Mara kosta 17.500 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA












Kristín Svavarsdóttir förðunarfræðingur segir að förðunin eigi að vera eins náttúruleg og unnt er. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einfaldleikinn í fyrirrúmi

Sumarförðunin er náttúruleg og litirnir mjúkir.

Sumarvörurnar streyma nú inn í snyrtivöruverslanirnar og það er spennandi að sjá hvað einkennir tískuna þetta sumarið. Kristín Svavarsdóttir, förðunarfræðingur hjá Debenhams, segir að náttúrulegir litir og einföld förðun verði allsráðandi í sumar. „Þetta á eiginlega bara að vera eins náttúrulegt og hægt er. Litirnir eru mjúkir og eðlilegir og dálítið út í pastel,“ segir Kristín, sem fyrir stuttu tók á móti nýju sumarlínunni frá Shiseido.

Kristín segir sumarútlitið frá Shiseido byggja á léttri og mjúkri augnförðun og glossi á vörum. „Svo er líka önnur lína í gangi þar sem augun eru máluð í ljósum lit en varirnar eru hafðar meira áberandi, og notaður til dæmis bleikur varalitur,“ segir Kristín. Farðinn er náttúrulegur og að sögn Kristínar verður meira um bronslita tóna. „Sólarpúðrið í þessari línu frá Shiseido er til dæmis dálítið út í brons og ekki eins glansandi og verið hefur.“


Í sumarlínunni frá Shiseido eru tvö gloss; Shimmering petal sem er kaldur tónn, dálítið út í fjólublátt, og Suntan glimmer sem er bronslitað.


Multi shade sólarpúður frá Shiseido. Litirnir blandast saman og gefa fersklegt útlilit en þá má einnig nota hvorn í sínu lagi.

Í augnskuggapallettunni eru fjórir litir, tveir heitir og tveir kaldir.


BDF ●●●●
Beiersdorf
OF ÓÞOLINMÓÐ TIL AÐ BÍÐA EFTIR AÐ NAGLALAKKIÐ ÞITT ÞORNI?
FYRSTA NAGLALAKKIÐ SEM ÞORNAR Á AÐEINS 45 SEKÚNDUM.
NÝTT!
Turbo colour IN 45 SEC
Frábær áferð.
Hámarks gljái
í 13 litum.
www.NIVEA.com
Daniela notar Turbo colour naglalakk nr. 12 Turbo Red.
BEAUTÉ
NIVEA
BEAUTÉ

Suttkápur, Leðurjakkar, Vattjakkar, Rúskinnsjakkar, Heilsársúlpur, Hattar og Húfur

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6

S: 588 5518 • Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 1016

Full búð

af glæsilegum sumarfatnaði og útifatnaði

Fatnaður fyrir 0 – 16 ára

Ný lína fyrir krakka yfir kjörþyngd frá 8-16 ára

collexion DIESEL FRANSA Freeze XBOYZ ducky beau TICKET TO HEAVEN

RÓBERT BANGSI ...og unglingarnir

Hlíðarsmára 12 • Sími: 555-6688

Móðurást

Erum að taka upp nýja sendingu

af Carters ungbarnafatnaði

• www.modurast.is

• Hamraborg 7
• Kópavogi
• Sími 564 1451


Litadýrðin í hámarki hjá Heatherette. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Litskrúðug hönnun frá C. Neeon. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


Þessi fallegi kjóll frá Lela Rose er einfaldur og stílhreinn. Stóri borðinn í mittið minnir á asíska hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


Skemmtilega munstraður kjóll frá Chloe Dao. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Austræn áhrif

Litadýrð og glæsileiki sem minnir á japanskan kimono.

Tískuhönnuðirnir sækja nú í auknum mæli innblástur til Asíu við hönnun sína. Margt af því sem sjá má á tískupöllunum minnir á hefðbundna japanska kimono-búninga. Efnið er munstrað og litskrúðugt og stórir borðar eru bundnir um mittið.

Tískuspekúlantarnir telja að hér sé ef til vill um að ræða áhrif frá kvikmyndum á borð við 2046 og Minningar geisju. Fatnaðurinn er kvenlegur og einkar glæsilegur.

# Gamaldags stíll með munstri og blómum

Bíkiníið heldur velli í sumar og er úrvalið mikið.

Líkt og í fyrra má ætla að íslenska kvenþjóðin velji bíkiní fremur en sundbol í sumar. Að þessu sinni verða bíkiníin þakin blómum og fallegu munstri, sem er mjög áberandi í allri fatatísku sumarins. Skærir og skemmtilegir litir og retró-útlit er allsráðandi og líklega munum við sjá bíkiní sem vel gætu verið frá 6. og 7. áratugnum. Litirnir eru fjölbreyttir og glaðlegir, svo sem túrkísblár, brúnn, appelsínugulur, gulur og svo framvegis. Bikinítopparnir eru flestir þríhyrningslaga yfir brjóstin og bundnir aftan á háls. Buxurnar eru litlar, en boxer-buxur verða einnig áberandi. Litlar perlur eru þræddar upp á böndin sem gefa bíkíninu skemmtilegt og suðrænt yfirbragð. Allir ættu að geta notið þess að vera í munstruðu bikinii í sumar, en best er að velja snið við hæfi svo maður líti sem best úr.


Esmirna-bíkiní frá Knickerbox. Toppurinn er á 2.499 kr. og buxurnar á 2.499 kr.


Denver-bíkiní frá Knickerbox. Toppur á 2.499 kr. og buxur á 2.499 kr.


Beirut-bíkiní frá Knickerbox. Toppur á 2.599 kr. og buxur á 1.999 kr.


Cracovia-bíkiní frá Knickerbox. Toppur á 2.499 kr. og buxur á 1.999 kr.

15% afsláttur af öllum barnafatnaði frá Noppies um helgina, komdu og gerðu góð kaup á krúttlegustu barnafötunum

Full búð af flottum og vönduðum meðgöngufatnaði

Verið hjartanlega velkominn!

tvö líf

Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is

Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum



# Gallajakkinn er sígild sumarflík

Sumarið líður ekki hér á landi íss og elda án þess að maður rekist á fólk í gallajökkum.

Gallabuxur eru án efa vinsælustu flíkur heims. Allir eiga gallabuxur. Gallajakkinn hefur ekki notið eins mikilla vinsælda, þó vissulega sé hann vinsæll. Hér er nánast alltaf kalt og því nauðsynlegt að eiga góða yfirhöfn, á veturna er dúnúlpan nauðsyn en gallajakkinn á sumrin. Hann er alltaf smart með sínu hefðbundna sniði en nú síðustu ár hafa hönnuðir leyft sér að rasa aðeins út og koma með nýja útgáfur af jakkanum. Gallajakkar passa við hvað sem er, þeir eru flottir utan yfir sumarkjólana, flottir við pils og þröngar buxur og stuttbuxur.



Stuttur gallajakki úr Vero Moda á 6.990 kr.

Dökkur Diesel-jakki úr Deres á 10.990 kr.

Léttur og ljós gallajakki frá FCUK, í Centrum á 14.990 kr.

Dömu-gallajakki frá Diesel með sixtís-hnöppum í Gallerí 17 á 20.990 kr.

Gallajakki frá Vero Moda á 5.990 kr.

## Með borða um mittið

Stórir borðar um mittið eru punkturinn yfir i-ið um þessar mundir. Í hönnun tískuhúsanna úti í heimi má víða sjá kvenlega borða úr silki eða öðru gæðaefni sem bundnir eru í mittið og undirstrika þannig kvenlegar línurnar. Oft eru þeir vafðir um mittið á skemmtilegan máta og jafnvel bundnir saman með stórum slaufum í anda níunda áratugarins.

Þessi fallegi fjólubláí mittisborði er úr vorlínu hönnuðarins Richards Chai.



FRETTABLADID/AFP

## Húðhreinsir með brúnkukreminu

Þegar sumarið nálgast vilja margir ná sér í brúnan lit á sem skemmstum tíma og með sem minnstri fyrirhöfn svo hægt sé að spóka sig í léttum klæðnaði. Sumir skella sér í ljósatíma til að flýta fyrir en aðrir bregða á það ráð að bera á sig brúnkukrem. Í síðara tilvikinu er mikilvægt að muna að nota húðhreinsi áður en brúnkukremið er borið á, til að ná dauðum húðfrumum af hörundinu. Annars er hætta á því að húðin verði flekkótt þegar áhrif brúnkukremsins koma í ljós.




Gabor
Gæði og glæsileiki



Teg: 26.304 Extra breidd
Teg: 22.272 Extra breidd
Teg: 22.702 Extra breidd
Teg: 25.591
Teg: 26.221 Extra breidd
Teg: 21.730

xena
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240




allt
bílar
Alla laugardaga

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Viltu ná glæsilegum árangri?



TT námskeið

Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega

TT-námskeiðin sívinsælu!
Frá Toppi til táar

Ný námskeið hefjast 21. maí
Skráning hafin!

TT-tímatafla

| Kl | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:20 | x | | x | | x |
| 07:20 | x | | x | | x |
| 08:20 | x | | x | | x |
| 12:05 | x | | x | | x |
| 14:30 | x | | x | | x |
| 18:25 | x | | x | | x |
| 19:20 | x | x | x | x | x |
| 20:15 | x | | | | |

Vertu velkomin í okkar hóp!

!
Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732


TOPSHOP



Edda Hauksdóttir er framkvæmdastjóri Stellu sem var stofnuð af foreldrum hennar árið 1942. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Alin upp á bak við búðarborðið

***Edda Hauksdóttir er framkvæmdastjóri verslunarinnar Stellu í Bankastræti. Hún segir að það sé mjög gott að vera með verslun í miðbænum.***

Foreldrar Eddu stofnuðu Stellu árið 1942 svo hún hefur lengi fylgst með rekstrinum. „Ég er eiginlega alin upp á bak við búðarborðið og er búin að vera hér í fullu starfi síðan 1977,“ segir Edda.

Í Stellu er mikið úrval af snyrtivörum, sokkabuxum og allskonar fylgihlutum. „Við erum með þýskar snyrtivörur sem heita Biodroga og Sans Soucis og svo erum við með ítalskar förðunarvörur sem heita Diego Dalla Palma og Kiko en á bak við ítölsku merkin eru ungir strákar sem eru rosalega klárir í litauppsetningu svo litirnir sem við erum með eru mjög flottir,“ segir Edda.

Eddu finnst mjög gott að vera með verslun í Miðbænum. „Við eigum rosalega góðan fastan viðskiptavinahóp svo verslunarmiðstöðvarnar taka ekkert frá okkur en við sérhæfum okkur líka í ákveðnum snyrtivörum sem ekki er hægt að fá annars staðar.“

# Hræringar á Laugaveginum

***Miklar breytingar eiga sér nú stað á Laugaveginum og frekari breytingar eru í vændum.***

Nú þegar árið hefur stigið inn á þröskuld sumarsins er ekki annað en eðlilegt að Laugavegurinn fari að koma sér í sumargírinn. Eftir smá niðursveiflu hefur Laugavegurinn tekið við sér á ný á undanförnum misserum og sjást breytingar á þessari stærstu verslunargötu okkar Íslendinga dag frá degi. Enn sér heldur ekki fyrir endann á þessum breytingum þar sem nú þegar er hafin vinna við að rífa niður gömul hús og reisa ný í staðin.

Nýjustu breytingar á Laugaveginum og nágrenni eru breytt staðsetning ýmissa verslana. Tískuvöruverslanirnar Glamúr, Spúutnik og KronKron fluttu allar nýlega í betri húsnæði á Laugaveginum og þá hefur verslunin Belleville verið opnuð þar sem KronKron var áður. Á laugardaginn verður líka blásið til veislu að Laugavegi 70 en þar opnar GuSt fatahönnun nýja verslun og vinnustofu, þar sem íslensk hönnun verður í hávegum höfð.

Önnur verslun sem má kalla hálfgerða goðsögn á Laugaveginum, Lífstykkjabúðin, ætlar að flytja sig um set og í maí verður opnuð ný verslun í skemmtilegu húsnæði á horni Barónsstígs og Laugavegar, beint á móti Reykjavík Pizza Company. Ný leikfangaverslun verður einnig opnuð við Hlemm í maí og einnig verður verslunin Fatboy brátt opnuð.

Þessar öru breytingar akkúrat núna má að vissu leyti rekja til þess að ferðamenn fara brátt að streyma upp og niður verslunargötuna góðu en tvær „ferðamannavænar“ verslanir voru einnig opnaðar í apríl. Önnur þeirra er Islandia á Bankastræti og hin er Cintamani sem býður upp á útivistarvarning og þar er einnig hægt að bóka ferðir um Ísland.

steinthor@frettabladid.is



Hið nýja húsnæði Lífstykkjabúðarinnar sem opnuð verður í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Á Austurvelli verður nóg um að vera á Löngum laugardegi. Fjölskylduskemmtun sem höfðar til allra aldurshópa.

# Skemmtun á Löngum laugardegi

***Á Löngum laugardegi er kjörið að kíkja á þann fjölda af uppákomum sem eru í tilefni dagsins.***

Í tilefni af Löngum laugardegi þann 6. maí ætlar Þróunarfélag Miðborgarinnar að standa fyrir fjölskylduskemmtun á Austurvelli. Þar verður einnig haldin glæsileg sölusýning bílaumboðanna.

Veltibíll verður til prufu á Austurvelli og leiktæki fyrir börnin. Veitingahúsin við Austurvöll taka þátt í gleðinni, verða með aðstöðu til að sitja úti og njóta veitinga ásamt því að veita tilboð allan daginn.

Dj Geir Flowent skemmtir gestum úr sérstökum hljóðbíl ásamt útvarpsstöðinni Kiss FM sem verður með beina útsendingu frá Austurvelli. Einnig mun leggja góðan blómailm yfir svæðið þar sem blómabúðir miðborgarinnar ætla að standa fyrir blómamarkaði.

Í versluninni KVK ætlar söngkonan Lay Low spilar á gítar og syngja fyrir gesti og gangandi. Í versluninni verða einnig veitt góð tilboð af íslenskri hönnun og boðið upp á veitingar. KVK er til húsa að Laugavegi 27.




Pizza Hut

### Viltu koma í Pizza Hut

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is eða hafa samband við veitingastjóra á Pizza Hut Smáralind eða Sprengisandi.

**Veitingahús í miðbænum**
Mjög þekkt veitingahús í miðbænum óskar eftir vaktstjóra og aðstoð í sal.
**Uppl. í s. 562 7335**

Au pair England. Ísl læknahjón óska eftir barngóðri stúlku t a gæta 8 mán drengs í 3-4 klst á dag í 6-12 mán. Uppl í s 004419922746723 og lapsurg@blueyonder.co.uk

Smíðanemi, aðstoðarmaður. Óska eftir manni í smíðavinnu, nema eða aðstoðarmanni. Uppl. í 895-5511

Matvælafyrirtækji í Hafnarfirði óskar eftir ,reglusömum og duglegum , starfskrafti í verksmiðju okkar. Uppl í s. 530 7700.

Kaffibrennslan óskar eftir þjónum í fullt starf og hlutastörf. Einnig vantar okkur aðstoð í eldhús og í uppvask. Áhugasamir sem vilja koma og vinna á hressum og skemmtilegum stað vinsamlegast hafið samband við Þröst í sima 663-7773 milli 11 - 18.

Veitingahúsið Kína Húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfólki í sal og uppvask kvöldvinna. Upplýsingar á staðnum.

Starfskraft vantar í blómabúð seinniparta og um helgar. Uppl í síma 553-1099 frá kl 8-15.

### Ræstingar

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða strax í föst ræstingastörf, afleysingar og sumarafleysingar. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054.

### JC Mokstur

Meiraprófsbílstjórar óskast. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 693 2607.

Óskum eftir að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema í framtíðarstarf sem allra fyrst. Góð laun í boði. Uppl. gefur Jón í s. 821 0881 & Gunnar í s. 897 4585.

Sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Galileo óskar eftir yfirkokk, kokk og starfsfólk í sal. Uppl. gefur Logi í síma 820 5888

Óska eftir laghentum manni í standsetningar á rafmagni og gasi á fellihýsum. Uppl. í s. 892 8030.

### Verkmúr ehf

Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki og einnig er óskað eftir verkamönnum. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

### Atvinna Atvinna

Aðstoðar lagerstjóri óskast til starfa sem fyrst. Óskum eftir 25 ára og eldri. Upplýsingar gefur Daði í síma 820 8005 eða á staðnum í Smáratogi 1. Rúmfatalagerinn

### Vantar rútubílstjóra

Helst vanan, þarf að geta einnig unnið á verkstæði, sumarstarf/framtíðarstarf. S. 893 4246.

Handlaginn mann vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. S. 616 1569.

Takið eftir! Blandað bú á norðurlandi óskar eftir starfskrafti til almennra sveitastarfa. Uppl. í s. 452 7104.

Óska eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann í hitaveitulagnir o.fl. Gröfuréttindi æskileg. Uppl. í s. 892 1919.

### Nonnabiti

Starfskraftur óskast í fullt starf og hlutastarf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

### Ýmislegt

Bingó í kvöld. Vínabær.

Glæsilega dagskrá. Listahátíð.is

### Einkamál

TANTRA
Erótísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Spjallrásin 1+1

Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555
lengifasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumótið...905-2200
Rómó-stefnumót...905-5555



Konur (frítt): 555-4321
Karlar (19,90): 535-9940
Karlar (39,90): 904-5454

Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símaþjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Spjall fyrir samkynhn. KK, aðeins kr. 4,90 mín m/korti, s. 535 9988.

### Leikir

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vínabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vínabær, Skipholti 33

VERKTAKAR MAGNI

## Vantar vana vélamenn og búkollustjóra til starfa strax.

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**

STÁL & SUÐA

### Óskum eftir járniðnaðarmönnum við vinnu úr svörtu og riðfríu stáli á virkjanasvæði Orkuveitu reikjavíkur og í smiðju uppl í síma 693-5454.

**BM Vallá** ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til útkeyrslu á hellum og steinum á athafnasvæði félagsins í Reykjavík

Nánari upplýsingar gefur Þorlaugur í síma 898 4200 eða **lager@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

## Landsfundur URKÍ

Landsfundur Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands verður haldinn **föstudaginn 19. maí nk. kl. 17** í húsnæði Rauða krossins að Efstaleiti 9 í Reykjavík.

**Dagskrá fundarins er skv. starfsreglum Ungmennahreyfingarinnar:**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um síðasta starfsár lögð fram til umræðu
3. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta árs lagðar fram til kynningar og umræðu
4. Tillögur að breytingum á starfsreglum
5. Stjórnarkjör
6. Önnur mál

**Allir félagar Rauða kross kross Íslands sem eru 30 ára eða yngri eru velkomnir á fundinn.**

Ungmenna-hreyfing
Rauði kross Íslands

## Óska eftir starfsmönnum, vönum steypuvinnu.

Upplýsingar gefur Hermann í síma 824 0824.

Flotmúr ehf
Miðhraun 22 • 210 Garðabær

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
### Leikskólinn Álfasteinn

**Matreiðslumeistara vantar** nú þegar í leikskólann Álfastein. Öll aðstaða er til fyrirmyndar.
Upplýsingar gefur Inga Líndal, leikskólastjóri í síma 555 6155, *alfasteinn@hafnarfjordur.is*

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

allt atvinna
Alla sunnudaga

## TILKYNNINGAR

## Breytt atvinnustefna á Vestfjörðum

Málþing Fjórðungssambands Vestfirðinga 6. maí 2006 kl. 10.00, á Hótel Loftleiðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga í samvinnu við sýninguna Perlan Vestfirðir, boðar til málþings á Hótel Loftleiðum um breytta atvinnustefnu á Vestfjörðum, laugardaginn 6. maí nk., kl 10.00 – 12.00.

**Efni**
- Mun breytt atvinnustefna sem byggir á sjálfbærri þróun geta eflt vestfirskt samfélög og atvinnulíf.
- Hverjar eru áherslur og stuðningur stjórnvalda í svæðisbundinni atvinnuþróun og skipulagi svæða?

**Erindi;**
**Guðni Geir Jóhannesson,** formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
**Valgerður Sverrisdóttir**, Iðnaðarráðherra
**Magnús Jóhannesson,** ráðuneytisstjóri Umhverfisráðuneytis
**Ragnhildur Sigurðardóttir,** vistfræðingur
**Ásta Þorleifsdóttir**, umhverfisverkfræðingur og sérfræðingur í þekkingarstjórnun
**Viðar Hreinsson,** framkvæmdastjóri Reykjavíkur akademíunnar

Pallborð með fulltrúum frummælenda. Pallborðsstjórnandi er Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni **www.atvest.is**

## FASTEIGNIR

Bolholt GUESTHOUSE
Bolholt 6 * 105 Reykjavík * Sími: 517-4050

### Studio - íbúðir



## Vikutilboð:

**Fullbúin stúdíó-íbúð á 25.000 kr. vikan.
Helgartilboð 6.000 kr. nóttin.
Nettenging í íbúðum. Aðgangur að þvottahúsi.**
**www.bolholt.is**

Mest lesna tímarit landsins!
Auglýsingasími 550 5000
birta 51% DAGSKRÁIN 40% *
Meðallestur á tbl. 20-50 ára
birta
* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

# Bölvaldur samfélagsins

**UMRÆÐAN**
ÁFENGI



**KONRÁÐ K. BJÖRGÚLFSSON**
RITHÖFUNDUR

Hugur minn reikar oft til löngu liðinna ára þegar það þótti allt í lagi að hafa skoðanir á öllum hlutum. Þeir sem stóðu upp úr létu sér ekki nægja að fá einn sjónarhól málefnis heldur vildu fá hann jafn langt til vinstri og hægri og mögulegt var. „Hann er áskrifandi að Þjóðviljanum“ heyrðist hvíslað „og líka Morgunblaðinu og Tímanum. Hverslags maður er þetta eiginlega?“ Pólitísk umræða yfir matarborðinu, í vinnunni, við vini sína, er að verða deyjandi íþrótt, frelsið til að tjá hug sinn á heilbrigðan hátt er að hverfa í lognmollu og ládeyðu þess sem enginn skilur. „Hvað fæ ég fyrir minn snúð?“ heyrist spurt.

Í dag er það kúgunin og lágkúran sem ræður ríkjum. „Ekki tjá þig, þá gætirðu misst vinnuna,“ er tönnlast á, hugsunin nógu stutt og hagsmunatengd og á hraðbergi viðvörunin: „Þú getur sjálfum þér um kennt að vera að gaspra þetta. Þú ert nú meira flónið.“

Þessi þróun í okkar samfélagi er ekki jákvæð, jafnvægi í skoðunum vantar, gagnrýni í hugsun, lestur margra sjónarmiða ekki á boðstólum og stærstu eða næst stærstu stjórnmálaöfl samfélagsins, til samans, standa ekki í blaðaútgáfu í dag. Hér er ég að tala um Samfylkinguna og Framsóknarflokkinn og líka Vinstri-Græna. Ekki batnar það þegar stjórnmálaflokkarnir fara að leita uppi vinsældarmálefnin til að trekkja að kjósendur, horfa í aðra átt ef málefnið er lítið eða snertir dreggjar samfélagsins, hratið, úrkastið sem gæti þó verið ég eða þú.

Góðfúslega viðurkenni að það er dálítið hart að setja þetta svona fram en hér kemur „góð spurning“ eins og unga fólkið myndi segja: Nú er vitað að drykkja á áfengum miði hefur aukist um 300% á undanförnum árum og hvaða flokkur, stjórnmálaafl, ætlar að frábiðja sér allt brennivínssull í kringum þessar kosningarnar, nú og eftirleiðis? Ég les stórar auglýsingar í blöðum, annan hvern dag, um áhyggjur af velferð þegnanna, forvarnarátak í einu og öðru en sé hvergi minnst á þetta mikilvæga fyrsta skref. Og svo má líka spyrja hvenær við ætlum að gera brennivíninu, drykkjunni, jafn lágt undir höfði og reykingunum og biðja þá unnendur vinsamlegast að halda sig utandyra við iðju sína rétt eins og fólkinu er gert með smávindlingana, í veislum, samkomum, hjá hinu opinbera og á matsölu- og vínveitingarstöðum almennt. Nei, þessi ávani er of útbreiddur og tilmælin ekki nógu vinsæl fyrir væntanlegar borgar- og bæjarstjórnarkosningar. Hvergi er þó efast um skaðsemi reykinga og drykkju á heilsu okkar.

En bölvaldurinn brennivínið nær þó sínu lengra í skaðsemi sinni, sljóvgar siðferðiskenndina, ýtir undir öfga og ofbeldi jafn gagnvart börnum sem fullorðnum og svo má áfram telja. En svona er nú margt skrýtið í okkar veröld. Reykingarnar fyrst og svo kannski vínið á eftir.

*Höfundur er í framboði fyrir Reykjanesbæjarlistann.*

# *Flugvöllinn burt*



**GÍSLI HELGASON**
FORMAÐUR
BLINDRAFÉLAGSINS

Fyrir nokkrum árum efndi núverandi meirihuti borgarstjórnar til atkvæðagreiðslu um hvort Reykjavíkurflugvöllur ætti að vera kyrr eða víkja. Síðan þegar niðurstöður lágu fyrir var haft á orði að þær væru aðeins leiðbeinandi. Ég hef alla tíð fylgst með umræðum um flugvöllinn og sitt sýnist hverjum um hvar hann sé best geymdur. Allir segjast hafa rétt fyrir sér í þeim efnum. Það er víst óhagganleg staðreynd að núverandi flugvallarstæði í Vatnsmýrinni er eitt það besta sem völ er á í borgarlandinu. En er það nú svo?

Ég hef átt tal af nokkrum mönnum sem fullyrða að Álftanesið sé allra best kjörið sem staður fyrir innanlandsflugvöll höfuðborgarbúa og þeirra, sem þangað vilja leita. Ég hef engan einasta mann heyrt afneita þessari fullyrðingu. Þar er veðurfar langhagstæðast og landkostir hentugastir. Sá sem fullyrðir þetta hvað mest er góður vinur minn aldraður, sem hvorki hefur neytt áfengis eða tóbaks þrátt fyrir einhvern vilja, en honum flökrar við þessum vímugjöfum og hann er með afbrigðum rökfastur.

Nú er það svo að landrými er mikið á Álftanesinu. En þar hefur mikið verið byggt síðustu árin og þar er aðsetur forseta lýðveldisins. Þar eru engin húsdýr lengur og þar eru ekki beljurnar leiddar undir naut lengur. Nú vill svo til að bandaríski herinn er að hverfa af Miðnesheiðinni og skilur eftir sig tóm. Þar sem sú staðreynd virðist ljós að Álftanesið sé besti staður fyrir innanlandsflugvöll, þá ætti að leggja fram áætlun um að rýma nesið. Fólkið sem þar býr gæti fengið viðlegubúðir í yfirgefnum byggingum hersins á Keflavíkurflugvelli. Landið þar sem Reykjavíkurflugvöllur er nú ætti að láta Álftanessbúa hafa og þannig væri byggðin þétt verulega í höfuðborginni.

Á þessu ári eru 295 ár frá fæðingu Skúla Magnússonar landfógeta, sem reysti myndarlegt stórhýsi í Viðey. Í Viðey er nú þegar fyrirtaks aðsetur fyrir forseta vorn og hugsanlega ríkisstjórn. Þar hefur hámenning íslensk risið hvað hæst. Í Viðey var starfrækt klaustur og prentsmiðja og mikil útgerð, svo að menningin drýpur af hverju strái. Bessastaðir eru því miður tákn danskrar kúgunar og yfirgangs tilmargra alda. Vonandi næst fullkomin sátt um þessa laus. Það yrði öllum landslýð til góðs og myndi upphafja embætti forseta vors til mikillar virðingar.

Slíkan flugvöll, Álftavöll, ætti að taka í notkun 2011. Aðsetur forseta lýðveldisins yrði um leið flutt til Viðeyjar. Það væri verðugt að sýna 300 ára minningu Skúla Magnússonar landfógeta virðingu með þessum hætti.

Alltaf hlýtt - alltaf fjör




pipar / SÍA / 6929

*Fjölskylduhelgi í Eden*

- *Bylgjan með beina útsendingu á laugardag*
- *Solla Stirða mætir í heimsókn*
- *Eden-trúðurinn*
- *Glaðningur frá Bylgjunni og Ölgerðinni*
- *Fornbílar frá Fornbílaklúbbnum*

EDEN
HVERAGERÐI

Kjörís Egils DÝRALAND Mjódd - Kringlan - Spöng


30% Afsláttur
Krónu kryddað lambasteik
1.119 kr./kg.
25% Afsl
Krónu blandaðir kjúklingabitar
299 kr./kg.
30% Afsláttur
Goða Ostapylsur
794 kr./kg.
30% Afsláttur
Goða Bratwurst pylsur
724 kr./kg.
30% Afsláttur
Naggalínan Cordon bleu
370 kr./pk.
Siesta 400g kaffi
199 kr./pk.
Líf safi 1 L. 3 tegundir
89 kr./stk.
Rinaldi 745 ml spagettísósa 3 teg.
169 kr./stk.
Jarðaber 200g box
199 kr./stk.
Zendium barnatannburstar
159 kr./stk.
Kiwi
129 kr./kg.
Zendium barnatannkrem
159 kr./stk.
Meira úrval
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Krónu þurrkr. svínakótilettur 1.189 kr./kg.
30% Afsláttur
Krónu þurrkr. grísahnakki 1.154 kr./kg.
25% Afsláttur
Gríms Fiskibollur 299 kr./pk.
Gríms Fiskibollur
Skyr.is 500 ml
Verð frá:
158
kr./stk.
Skyr.is og Smooth-eez gott saman í blandarann
Smooth-eez
McCain Smooth-eez frosin ber og ávextir
299
kr./pk.
32% Afsláttur
Gríms Fiskibuff 599 kr./pk.
KRÓNUBRAUÐ
STÓRT OG GRÓFT
Krónubrauð stórt og gróft
99
kr./stk.
Shop Rite heitt súkkulaði
239
kr./stk.
Hot Cocoa
Milk Chocolate
Clatronic hraðsuðukanna
898
kr./stk.
Súkkulaðikex 500g
199
kr./pk.
Krónu hrískökur
199
kr./pk.
KRÓNAN
HRÍSKÖKUR
25% Afsláttur
Shop Rite plastpokar, álpappír plastfilma
Sandwich Bags
Storage Bags
Foil Wrap
Bounty eldhúsrúllur 12 stk.
1.289
kr./pk.
Bounty
Shop Rite kakómalt
397
kr./stk.
Instant Chocolate Flavor Drink Mix
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

ROBERT GERARD SANDS (1954-1981) LÉST ÞENNAN DAG.



*„Hefndin verður hlátur barnanna okkar.“*

*Bobby Sands var liðsmaður IRA sem dó úr hungri í fangelsi eftir að hafa verið í hungurverkfalli í 66 daga.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 5. MAÍ 1891

### *Opnunartónleikar í Carnegie Hall*

Einn frægasti tónleikasalur í heimi lauk upp dyrum sínum fyrir almenningi þennan dag árið 1891. Carnegie Hall í New York hefur síðan hýst fjöldann allan af tónleikum og keppa margir tónlistarmenn að því að koma fram í þessum sögufræga sal.

Segja má að upphafstónleikarnir hafi gefið tóninn fyrir það sem koma skyldi. Þeim var stjórnað af stórtónskáldinu Pyotr Ilyich Tchaikovsky og var hann gestastjórnandi í húsinu alla fyrstu vikuna.

Carnegie Hall tónlistarhúsið er nefnt eftir Andrew Carnegie sem hafði veg og vanda að byggingu þess. Arkitektinn William B. Tuthill hannaði húsið sem er talið eitt það síðasta í New York sem er byggt eingöngu úr múrsteinum. Fegurð hússins, staðsetning þess á horni Sjöunda breiðstrætis og 57. strætis og einstakur hljómburður eru öll talin hafa ýtt undir velgengni hússins.



CARNEGIE HALL Í NEW YORK

## MERKISATBURÐIR

1639 Brynjólfur Sveinsson er vígður Skálholtsbiskup.
1835 Fyrsta járnbrautin á meginlandi Evrópu er opnuð milli Brusselar og Mechelen.
1944 Mohandas Gandhi er frelsaður úr fangelsi.
1945 Guðmundur Kamban rithöfundur er skotinn til bana í Kaupmannahöfn.
1951 Flugvél sem hafði verið á kafi í snjó á Vatnajökli í heilan vetur lendir í Reykjavík.
1961 Alan Shepard er fyrsti Bandaríkjamaðurinn til að fara út í geim.
1970 Eldgos hefst í Heklu.
2000 Össur Skarphéðinsson er kjörinn formaður Samfylkingarinnar.

## AFMÆLI

**Pétur Þorsteinsson** prestur Óháða safnaðarins er 51 árs.



**Rebekka Rán Samper** myndlistarkona er 39 ára.





**LILJA MARGEIRSDÓTTIR HELDUR UPP Á AFMÆLIÐ Á MORGUN** Stór afmælisveisla verður haldin á morgun í félagsheimilinu sem stendur rétt fyrir ofan bæinn þeirra Lilju og Flosa sem grípa tækifærið og halda í leiðinni upp á gullbrúðkaupsafmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## LILJA MARGEIRSDÓTTIR: SJÖTUG Í DAG

# Heilt félagsheimili á hlaðinu

Mikið verður um dýrðir í félagsheimilinu Logalandi í Reykholtsdal á morgun þegar Lilja Margeirsdóttir heldur upp á sjötíu ára afmælið og gullbrúðkaupsafmæli með Flosa Ólafssyni leikara.

„Við höfum nú ekki haldið margar stórar veislur. Ég var erlendis þegar ég var fimmtug en er fyrirmunað að muna hvað ég gerði þegar ég varð sextug. Ætli við höfum ekki bara farið í leikhúsið,“ segir Lilja. Í ár verður því þó öðruvísi farið enda þurfa hjónin ekki að leita langt til að finna góða aðstöðu til veisluhalda. „Nú búum við uppi í Borgarfirði og rétt fyrir ofan okkur er heilt félagsheimili sem mér datt í hug að nýta fyrir veisluna. Þar verður stofnað til vinafagnaðar þar sem við reynum að skemmta okkur sjálf enda mjög glatt og fjörugt fólk sem við eigum von á í veisluna.“

Lilja á afmæli í dag og eru því liðin akkúrat sjötíu ár frá því að hún kom í heiminn í Þórshöfn í Færeyjum. „Það var yndislegt að alast upp í Færeyjum. Þær eru nánast eins og lítið sjávarþorp hérna á Íslandi.“ Hún fluttist síðan heim til Íslands þegar stríðinu lauk og kynntist Flosa hér heima á Íslandi. „Gullbrúðkaupið okkar er ekki fyrr en í haust þótt við sláum þessu nú saman og höldum upp á bæði tímamótin. Við giftum okkur niðri í Lækjargötu 12, þar sem Glitnir er núna með bílastæði, og vorum þá búin að vera hringtrúlofuð í þrjú ár.“

Lilja og Flosi búa nú í Reykholtsdalnum og hafa gert undanfarin sautján ár. Lilja segir að þau kunni sérlega vel við sig í sveitasælunni. „Fyrst ætluðum við bara að fá okkur góðan og grösugan móa fyrir hrossin. Svo kom bara í ljós að okkur leið svo vel og vildum bara vera þarna öllum stundum og þá var ekkert erfitt að taka þessa ákvörðun.“ Reykholtsdalurinn er líka ekki svo langt frá borginni og nýta hjónin sér það til að sækja ýmislegt þangað sem ekki er svo oft í boði í sveitinni. „Frá okkur er ekki svo langt til Reykjavíkur. Við keyrum í leikhúsið og aftur heim á einu kvöldi,“ segir Lilja en bætir við að ferðalagið virðist vera Reykvíkingum töluvert erfiðara eða leiðin frá Reykjavík eitthvað lengri en til borgarinnar.

Vinir og fjölskylda Lilju og Flosa úr Reykjavík ætla þó líklega ekki að láta það aftra sér í því að sækja veisluna. Eins og áður segir verður hún haldin í félagsheimilinu Logalandi í Reykholtsdal á morgun og hefjast herlegheitin klukkan 15.



†

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Dagur Hannesson**

járnsmiður,

lést sunnudaginn 30. apríl.

| | |
|---|---|
| Sigurður Dagsson | Ragnheiður Lárusdóttir |
| Bjarki Sigurðsson | |
| Dagur Sigurðsson | Ingibjörg Pálmadóttir |
| Lárus Sigurðsson | Heba Brandsdóttir |
| og barnabörn. | |



†

*Okkar ástkæra*

**Hrefna Magnúsdóttir**

Fannborg 8, áður Melgerði 16, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 8. maí klukkan 13.00.

| | |
|---|---|
| Rögnvaldur Ólafsson | Sigríður Júlíusdóttir |
| Lára Ingibjörg Ólafsdóttir | |
| Fríður Ólafsdóttir | |
| Sigrún Ólafsdóttir | Halldór Jónsson |
| Sigríður Ólafsdóttir | Þórður Jóhannsson |
| barnabörn og barnabarnabörn. | |



†

*Ástkær dóttir, fósturdóttir, systir, mágkona og elskuleg frænka,*

**Lilja Guðmundsdóttir**

Birkilundi 18, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri að morgni mánudagsins 1. maí. Útförin fer fram mánudaginn 8. maí kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

| | |
|---|---|
| Kristjana Kristjánsdóttir | Birgir Laxdal |
| Guðmundur Örn Njálsson | Guðrún Birna Jóhannsdóttir |
| Sjöfn Guðmundsdóttir | Sigurður Áki Eðvaldsson |
| Anný Rós Guðmundsdóttir | Birkir Freyr Stefánsson |
| Katrín Lind Guðmundsdóttir | Jóhann Eyþórsson |
| Dagný Guðmundsdóttir og litlu frænd- og fóstursystkin. | |



**70 ára afmæli**

*70 ára er í dag, 5. maí, Siglfirðingurinn*

***Erla Óskarsdóttir***

*hjúkrunarkona,*
*Hlégerði 31, Kópavogi.*
*Af því tilefni dvelur hún og eiginmaður hennar á suðrænum slóðum.*

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## ANDLÁT

**Dagur Hannesson** járnsmiður lést sunnudaginn 30. apríl.

**Sigurður G. H. Ingason,** fyrrverandi póstrekstrarstjóri, Hvassaleiti 58, lést sunnudaginn 30. apríl.

**Hafsteinn Hermanníusson** andaðist á heimili sínu mánudaginn 1. maí.

**Jóhanna Helga Hafsteinsdóttir** lést á heimili sínu, Birkihlíð 42, mánudaginn 1. maí.

**Lilja Guðmundsdóttir,** Birkilundi 18, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 1. maí.

**Margrét Vallý Jóhannsdóttir,** Bragagötu 36, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 1. maí.

**Sigurður Gíslason,** Faxabraut 13, Keflavík, lést á heimili sínu mánudaginn 1. maí.

**Þuríður Hólmfríður Sigurjónsdóttir,** síðast til heimilis á dvalarheimilinu Hvammi, Húsavík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga mánudaginn 1. maí.

**Guðjón Sigurbjörnsson,** Arnarhrauni 16, Hafnarfirði, lést á heimili sínu þriðjudaginn 2. maí.

**Kristín Pálsdóttir,** Ægisíðu 44, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 2. maí.

**Sonja Werner Guðmundsdóttir,** Fossheiði 62, Selfossi, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 2. maí.

**Eiríkur Hreinn Finnbogason,** Sléttuvegi 15, Reykjavík, lést miðvikudaginn 3. maí.

**Stefán Karlsson** handritafræðingur er látinn.

## JARÐARFARIR

13.00 **Helga Helgadóttir,** Laugarásvegi 57, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Ólafur Sigurgeirsson** hæstaréttarlögmaður verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

13.30 **Guðríður Björnsdóttir,** Mýrarvegi 115, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Kolbeinn Bjarnason,** Stóru-Mástungu, Gnúpverjahreppi, verður jarðsunginn frá Stóru-Núpskirkju.

15.00 **Hannes Helgason,** Asparfelli 8, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

15.00 **Jón Ólafsson,** Prestastíg 8, Reykjavík, áður Mávabraut 12a, Keflavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

# Rýmum húsið!

# 25-70% afsláttur!



Kolding

Hornsófi: Áður kr. 223.000,-
**nú kr. 167.000,-**
Áklæði: Brúnt, beige og sand.

Tungusófi: Áður kr. 187.000,-
**nú kr. 139.000,-**
Áklæði: Brúnt og sand.



Kakan

Model 558

3+1+1:
Áður kr. 249.800,-
**nú kr. 187.350,-**
Leður: Hvítt og brúnt.



Bluebell

3+2:
Áður kr. 255.000,-
**nú kr. 160.000,-**
Leður: Brúnt.



Yale

Aklæði: Áður kr. 28.000,-
**nú kr. 18.000,-**
Leður: Áður kr. 38.000,-
**nú kr. 28.000,-**
Áklæði: Beige, camel og mocca.



Montoya

3+2: Áður kr. 130.000,-
**nú kr. 74.000,-**
Stóll: Áður kr. 42.000,-
**nú kr. 26.000,-**
Áklæði: Brúnt og beige.

## Mikið úrval af sófasettum, borðstofusettum, skápum o.fl.





Calligaris - italia

Vegna rýmingar bjóðum við nú **30%** afslátt af hátískumerkinu Calligaris sem fer alla jafna aldrei á útsölu. Þetta er einstakt tækifæri.



8501

Stóll áklæði:
Áður kr. 9.500,-
**nú kr. 6.500,-**



8385

Stóll leður:
Áður kr. 19.000,-
**nú kr. 12.500,-**



Coe

Stóll leður:
Áður kr. 19.000,-
**nú kr. 9.500,-**

## Allt á gamla góða genginu með 25-70% afslætti!

Opið virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 16.

**TM - HÚSGÖGN**
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
tmhusgogn.is

Grafíska smiðjan ehf. 0506

# Dægurlagasamkeppni
## Hamingjudagar á Hólmavík haldnir 29. júní - 2. júlí 2006

Menningarmálanefnd Hólmavíkur hefur ákveðið að efna til dægurlagasamkeppni í tilefni af bæjarhátíðinni "Hamingjudagar á Hólmavík." Skila þarf lögum á geisladisk til menningarmálanefndar merkt **Hamingjudagar á Hólmavík – Lagasamkeppni 2006, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík.**

Úrslitakeppnin fer svo fram í félagsheimilinu á Hólmavík að kvöldi 27. maí 2006 og munu áhorfendur velja sigurlagið. Lagið má ekki hafa heyrst opinberlega áður og ekki er verra að textinn fjalli að einhverju leiti um Hólmavík eða Hamingjudaga.

Allar nánari upplýsingar um reglur og fyrirkomulag keppninnar má finna á heimasíðu Hamingjudaga www.hamingjudagar.is eða með því að hafa samband við framkvæmdastjóra hátíðarinnar, Bjarna Ómar Haraldsson í síma 892-4666. Einnig má senda póst á póstfangið hamingjudagar@holmavik.is.


## STUÐ MILLI STRÍÐA Skynseminni tapað

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ER SJÚKLEGA HRÆDD VIÐ GEITUNGA.



Sólin er farin að skína og síðustu vikur hef ég verið með fiðrildi í maganum af einskærri tilhlökkun vegna komandi sumars. Á sumrin er nefnilega allt gott nema geitungarnir sem ég er sjúklega hrædd við .

Ótti minn við geitunga er mér nánast óskiljanlegur þar sem mér líkar ágætlega við önnur skordýr. Frá því ég man eftir mér hef ég bjargað öllum húsflugum sem ég hef séð berjast fyrir lífi sínu í glösum og súpudiskum frá drukknun og hunangsflugur finnst mér bara krúttlegar. Köngulær hafa alltaf heillað mig frekar en hitt og einu sinni bjó ég í kjallaraíbúð í Skerjafirði með maurafjölskyldu sem mér samdi ágætlega við, þrátt fyrir að hún stæli öllu ætilegu sem ekki var lokað inni í ísskáp og heimsóknum minnar eigin fjölskyldu og vina færi fækkandi eftir að fréttist af sambýlingunum.

Ef ég sé geitung tapa ég hins vegar allri skynsemi og fyllist ofsahræðslu. Einhvern tímann kom geitungur inn í stofu til mín og ég sat frosin í sófanum, fullviss um að dagar mínir væru taldir, þangað til honum þóknaðist að fara. Í annað skipti hitti ég geitung á svölunum hjá mér sem ég náði með lagni ofan í kaffibollann minn þar sem ég reyndi að drekkja honum en þegar það gekk ekki hellti ég úr bollanum í niðurfallið og barði kaffivankað kvikindið með skóflu þangað til ég þóttist viss um að það væri dautt. Þá fór ég inn og læsti á eftir mér og þorði ekki aftur út á svalir í marga daga af ótta við að geitungurinn hefði risið upp frá dauðum og myndi ráðast á mig eða að allir vinir hans myndu koma og hefna hans.

Furðuleg viðbrögð mín við einhverju sem er jafn lítið og geitungur koma mér alltaf jafn mikið á óvart. Ég reyni að hugga mig við það að flestir eru hræddir við eitthvað og oft eru engar skynsamlegar ástæður að baki óttanum. Í sumar ætla ég samt að reyna að halda í skynsemina og njóta lífsins óháð geitungunum sem ég gæti rekist á.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Överli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott








550 5000

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# STÖÐ 2 ALDREI VINSÆLLI

## 10 VINSÆLUSTU ÞÆTTIR ÁHORFENDA STÖÐVAR 2







| | | Áskrifendur yngri en 50 ára |
|---|---|---|
| 1. | Idol-Stjörnuleit | 73,2 % |
| 2. | Idol-Stjörnuleit – úrslit | 62,7 % |
| 3. | Spaugstofan | 45,5 % |
| 4. | Fréttir NFS – yfir vikuna | 39,6 % |
| 5. | Stelpurnar | 39,5 % |
| 6. | Punk'd | 38,8 % |
| 7. | Grey's Anatomy | 36,2% |
| 8. | Twenty-four | 35,3 % |
| 9. | Prison Break | 35,0 % |
| 10. | Það var lagið | 33,3% |

## DÝRMÆTASTI MARKHÓPURINN

Skipting á áhorfi kvenna yngri en 50 ára á þrjár sjónvarpsstöðvar, óháð áskrift að Stöð 2.

**Hvar er auglýsingin þín?**




Gallup könnun 24. til 30.mars 2006

515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

**!** **Kl. 17.30**
*Bandaríski hiphop-tónlistarmaðurinn Spaceman heldur tónleika í Gallerí Humri eða frægð á Laugavegi. Kappinn kynnir nýútkomna breiðskífu, The Start of the End.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Draumarnir rætast

Á morgun svífa ævintýrin um í Háskólabíói því Sinfóníuhljómsveit Íslands býður heilladísum, kentárum og tröllum til tónlistarveislu. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Carl Nielsen, Maurice Ravel og Prókofíev sem öll eru byggð á ævintýrum, allt frá Öskubusku til Gæsamömmu. Á tónleikunum mun ung söngkona, Valdís G. Gregory, einnig stíga sín fyrstu skref með hljómsveitinni og flytja lög úr söngleikjunum Galdrakarlinum í Oz og Fríðu og dýrinu.

„Þetta er búinn að vera draumur minn alveg síðan ég var lítil. Ég valdi lagið „Home“ úr Fríðu og dýrinu því þegar ég sá söngleikinn ákvað ég að þetta lag myndi ég einhvern tíma syngja með Sinfóníunni,“ segir Valdís og kveðst verulega spennt fyrir tónleikunum sem vafalítið verða líka mikið ævintýri fyrir þessa liðlega tvítugu söngkonu. Valdís er í söngnámi og hyggur á framhaldsnám í Bandaríkjunum. „Ég fer í svokallað söngleikjanám, og læri leiklist, dans og söng,“ útskýrir hún. „Ég komst inn í nokkra skóla og valdi University of Hartford sem er með frábært prógramm, rosalega fínn skóli sem ég er mjög ánægð með.“

Hljómsveitarstjórinn Rumon Gamba mun halda um tónsprotann á tónleikunum en kynnir verður Halla Vilhjálmsdóttir leikkona. Ævintýrið hefst kl. 16 og eru gestir hvattir til að klæða sig í takt við tilefnið, kórónur, skikkjur og galdrahattar eru því gráupplagðir fylgihlutir.



**VALDÍS G. GREGORY SÖNGKONA** Ævintýrabragur og ógleymanlegar stundir á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

## > Ekki missa af...

Skátum, Mongoose og Bobby Breiðholt í föstudagspartíi á vegum Grandmother Records á Grand Rokk í kvöld.

Opnun í Gallerí Dverg á Grundarstíg á morgun. Magnús Árnason opnar sýninguna „Mucus“ og fremur gjörning ásamt Stefáni Halli Stefánssyni kl. 20.

Manchester-tónleikum í Laugardalshöll á laugardaginn, húfudrengurinn Badly Drawn Boy, gamlar kempur og góðir gestir frá glaumborginni í Englandi. Fjörið hefst kl. 18.30.



**SAGAN AF HELGU OG SYSTRUM HENNAR** Þjóðsögurnar lifna við í Þjóðleikhúsinu.

# Bráðfyndinn sagnabræðingur

Nemendaleikhúsið frumsýndi í gær nýtt verk sem unnið var í samvinnu við leikstjórann Ágústu Skúladóttur og leikskáldið Völu Þórsdóttur. Verkið heitir Nú skyldi ég hlæja væri ég ekki dauður og byggir á íslenskri þjóðsagnassyrpu þar sem fjölmargar þekktar og minna kunnuglegar persónur mætast.

„Þetta er fjölskyldusýning enda hefur fólk á öllum aldri gaman af ævintýrum, segir Ágústa Skúladóttir leikstjóri. „Í þessum þjóðsögum greinir frá huldufólki, tröllum, draugum og þorpurum svo fátt eitt sé nefnt. Sumar þeirra eru bráðfyndnar, aðrar draumkenndar og sumar hverjar eilítið skelfilegar. Áhorfendur geta hlegið og grátið með mörgum af frægustu persónum þjóðsagnanna ásamt ýmsum verum íslenskrar sagnaarfleifðar“.

Sögur eins og Gilitrutt, Búkolla og Bláskelin rata í þennan þjóðlega bræðing en leikstíllinn vísar í teiknimyndasögur, bíómyndir og goðsögur. Í verkinu koma einnig fyrir þulur, meðal annars eftir Theodóru Thoroddsen. Ragnhildur Gísladóttir semur tónlistina en leikmyndina hannar Frosti Friðriksson.

Aðeins eru fyrirhugðir þrír sýningardagar til viðbótar um þessa helgi svo það er vissara að sýna viðbragðsflýti ef fólk ætlar ekki að missa af þessu sviðsævintýri. **- khh**






**ÞEKKTASTI SAMTÍMALISTAMAÐUR ÍSRAELS, GUY BEN-NER, BJÓ TIL EYÐIEYJU Í ELDHÚSINU** Nútíma Róbinson Krúsó með heimþrá heima hjá sér. MYND/ GUY BEN-NER

# Listamenn hugsa heim

**Hvað er heimili í hnattrænu samfélagi og hvað er heimþrá?**

| Þátttakendur í sýningunni HOMESICK | |
|---|---|
| Chantal Michel | Sviss |
| Guy Ben-Ner | Ísrael/Bandaríkin |
| Haraldur Jónsson | Ísland |
| Katrín Sigurðardóttir | Ísland/Bandaríkin |
| Nevin Aladag | Tyrkland / Þýskaland |
| Ólafur Árni Ólafsson og Libia Pérez de Siles de Castro | Ísland / Spánn |

Á morgun verður opnuð fjölþjóðleg farandsýning sem ber heitið „HOMESICK“ en fyrsti sýningarstaður hennar er Listasafnið á Akureyri. Viðfangsefni sýningarinnar hverfist um persónulegan skilning fólks á hugtakinu „heimili“ og taka sjö listamenn frá fjórum löndum þátt í verkefninu sem síðar mun ferðast til hinna „heimalanda“ þeirra: Tyrklands, Sviss og Ísrael.

Hannes Sigurðsson, forstöðumaður safnsins, segist ekki vita til þess að íslenskar myndlistarstofnanir hyggi á viðlíka strandhögg eins og Listasafn Akureyrar stendur nú fyrir. „Þessi sýning er gerð í samstarfi við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar sem er og hefur það að markmiði að kynna íslenska myndlist erlendis. Safnið nálgaðist miðstöðina og hafði frumkvæði að því að gera sýningu með alþjóðlegu viðfangsefni og fjallaði um eitthvað sem snertir okkur öll en með það að augnamiði að setja hana upp á öðrum stöðum.“ Forstöðumaður miðstöðvarinnar, Christian Schoen, mótaði síðan verkefnið í samvinnu við safnið og mun miðstöðin hafa umsjón með ferðum sýningarinnar eftir að henni lýkur á Akureyri.

Listasafn Akureyrar hefur áður sent sýningar sínar, til dæmis til safna á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlöndunum og Mið-Evrópu en nú færir stofnunin verulega út kvíarnar. „Löndin sem HOMESICK-sýningin mun ferðast til eru allt dálítlar jaðarþjóðir, til dæmis eru þau öll utan Evrópusambandsins,“ útskýrir Hannes.

„Hugmyndin um heimili mótar grundvöll samfélagsins, það hvernig við skynjum sjálfsmynd okkar og stað í veröldinni og skilgreinir þar með tilvist okkar. Á meðan hægt er að hlutgera og benda á heimilið sem byggingu, er heimþráin hins vegar algjörlega huglæg og persónuleg þrá eftir stað sem erfitt getur reynst að henda reiður á. Það er fróðlegt að sjá hvernig listafólk nálgast þessar hugmyndir hvert með sínum hætti, raunverulega eru allir að fást við sömu spurningarnar,“ segir Hannes. „Heimalandið og hið pólitíska athvarf er ekki lengur til og listamennirnir hafna allir þjóðerninu og eru því ekki að reyna að bjarga því, enda er engu að bjarga.“

Listamennirnir sýna innsetningar, ljósmyndir og vídeóverk á sýningunni en Hannes segir að það sé nokkur tilvistarstefnubragur yfir verkunum án þess að þau séu allt of torræð. „Hver sem er getur sett sig inn í þau ef viðkomandi gefur sér tækifæri til þess að spyrja sig hvað heimili sé fyrir honum. Þetta er áleitin spurning sem liggur í loftinu.“

Sýningin verður opnuð með pallborðsumræðum í Deiglunni á Akureyri kl. 13 á morgun en HOMESICK-sýningin stendur til 25. júní. **kristrun@frettabladid.is**



**SVISSNESKA LISTAKONAN CHANTAL MICHEL SVIÐSETUR SJÁLFA SIG Í VERKUM SÍNUM** „Heimili er staður þar sem ekkert og enginn truflar, þar sem ég get verið ég sjálf.“ MYND/ CHANTAL MICHEL

# KALDIR DAGAR

## TROÐFULL BÚÐ AF KÆLI- OG FRYSTITÆKJUM MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI



*Nokkur verðdæmi*

**VESTFROST** SZ399 400 lítra FRYSTIKISTA
Verð áður kr. 52.995 **Verð nú kr. 44.995**

**Whirlpool** ARC5531 168sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI
Verð áður kr. 69.995 **Verð nú kr. 49.995**

**GeneralFrost** C290 145sm KÆLISKÁPUR
Verð áður kr. 37.995 **Verð nú kr. 29.995**



**BEKO** FSE27320 173sm FRYSTISKÁPUR
Verð áður kr. 54.995 **Verð nú kr. 39.995**

**INDESIT** BAAN13PX 187sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI
Verð áður kr. 79.995 **Verð nú kr. 59.995** *KÁMFRÍTT STÁL*

**GeneralFrost** R130 85sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI
Verð áður kr. 29.995 **Verð nú kr. 19.995**









**YFIR 100 MISMUNANDI GERÐIR Á TILBOÐI**

**TAKMARKAÐ MAGN**

**FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 20. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.*
*Sýnd í Óperunni í maí og júní.*
*Miðasala hafin*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
FAGNAÐUR
Frumsýning sun. 14/5 uppselt, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Í kvöld fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5 örfá sæti laus, fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Aukasýningar í kvöld fös. 5/5 uppselt, lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 örfá sæti laus. Aðeins þessar 3 sýningar eftir.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld fös. 5/5 uppselt, lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 uppselt, lau. 13/5 uppselt. Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september. Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
Í dag fös. 5/5 kl. 15:00 uppselt, lau. 6/5 kl. 13:00 nokkur sæti laus og kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00, lau. 13/5 kl. 15:00. Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 6/5 kl. 14 UPPS. Su 7/5 kl. 14 UPPS.
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 UPPS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 UPPS Lau 13/5 kl. 20 UPPS.
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20 UPPS.
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 7/5 KL. 14 Su 14/5 kl. 14
AÐEINS ÞESSAR SÝN. MIÐAVERÐ 1.900

MARLENE DIETRICH-Íd
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20

HUNGUR
Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

MARGT SMÁTT
STUTTVERKAHÁTÍÐ
Bandalag íslenskra leikfélaga
Í kvöld kl. 19 MIÐAVERÐ 1.000

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Í kvöld kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Lau 6/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Lau 27/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ

Fi 11/5 kl. 22:30
PÖRUPILTAR OG DRAGDROTTNINGAR
Halldór Gylfason, Friðrik Friðriksson og Björgvin Franz flytja gamansögur og Pörupiltarnir troða upp. MIÐAVERÐ 1.000

Fi 18/5 kl. 22:30 LEiKTU FYRIR MIG
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.
MIÐAVERÐ 1.000.

Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


# Margt smátt gerir eitt stórt

Stuttverkahátíðin Margt smátt, sem nú verður haldin í þriðja sinn, er samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Bandalags íslenskra leikfélaga. Vilborg Árný Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalagsins, segir Borgarleikhúsið hafa átt frumkvæði að hátíðinni en markmiðið frá upphafi var að vekja athygli á því góða starfi sem unnið er í íslensku áhugaleikhúshreyfingunni í ritun og flutningi styttri leikverka en mörg félög innan hennar hafa lagt sérstaka rækt við þetta leikhúsform.

Hátíðin er nú haldin í þriðja sinn en í fyrsta skipti að vori. „Enda þótt sýningar hafi verið ágætlega sóttar afréðum við að kanna hvort aðsóknin yrði enn meiri að vori en hausti,“ segir Vilborg. Átta aðildarfélög í Bandalagi íslenskra leikfélaga taka þátt í hátíðinni en þrettán stuttverk, sem langflest eru samin af leikskáldum innan raða þess, verða flutt á Litla sviði Borgarleikhússins í kvöld. „Flest félögin semja, leikstýra og flytja verkin sjálf en hvert stuttverkanna er um fimmtán mínútur að lengd. Fólk á öllum aldri sækir oftast sýningarnar en hafa ber í huga að aðeins er um eina sýningu að ræða.“



**ÚR LEIKRITINU HANNYRÐIR EFTIR SIGURÐ H. PÁLSSON** Stuttverk úr öllum áttum sýna grósku í íslenskri leikritun.

Nánari upplýsingar um Stuttverkahátíðina er að finna á vefsetri Bandalags íslenskra leikfélaga og Borgarleikhússins. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Kvintett Egils Benedikts Hreinssonar** leikur á vegum **Jazzakademíunnar**, jazzklúbbs **Háskóla Íslands**. Aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

☐ 17.00 Hljómsveitin **Hate Breath** heldur tónleika í **12 Tónum** á **Skólavörðustíg 15**. Léttar veitingar í boði.

☐ 20.00 **Guðbjörg Sandholt** heldur útskriftartónleika í Íslensku óperunni. **Guðbjörg** útskrifast úr söngdeild **Tónlistarskólans í Reykjavík**.

☐ 20.00 **Gróa Margrét Valdimarsdóttir** fiðluleikari heldur útskriftartónleika í **Salnum í Kópavogi**. Meðleikarar eru **Árni Heimir Ingólfsson** og **Richard Simm**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

☐ 22.30 **Skátar**, **Mongoose** og **Bobby Breiðholt** halda föstudagspartý á vegum **Grandmother Records** á **Grand Rokk**.

### OPNANIR

☐ 15.00 Nemendur í **Fjölmennt, fullorðinsfræðslu fatlaðra,** opna ljósmyndasýningu í **Hafnarborg**. Sýningarstjóri er **Gréta Guðjónsdóttir** ljósmyndari.

☐ 17.00 Þrettán myndlistarnemar úr **Garðabæ** opna málverkasýningu í húsnæði **Bókasafns Garðabæjar**. Sýningin verður opin til 26. maí.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 **Danshljómsveit Friðjóns** leikur fyrir dansi í **Vélsmiðjunni** á Akureyri. Húsið opnar kl. 22.

☐ **Hljómsveit Geira Sæm og Tryggva Hubner** verða með dansleik á **Kringlukránni.**

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ Sýningu **Þorvaldar Þorsteinssonar** á **Café Karolínu** lýkur í dag. Þorvaldur sýnir ljósmyndaröð sem birta sýnishorn af markaðssetningu og landkynningu Íslands á uppboðsvefnum **eBay**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Fiðlutónar í Salnum

Útskriftartónleikar Gróu Margrétar Valdimarsdóttur fiðluleikara fara fram í Salnum í kvöld kl. 20. Gróa Margrét hefur spilað með ýmsum sinfóníuhljómsveitum og má þar nefna Orkester Norden, Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík, Hljómsveit Óperustúdíós Austurlands og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins en hún hefur verið konsertmeistari í þremur síðastnefndu sveitunum.

Á efnisskrá tónleikanna verða verk eftir Bach, Jón Nordal, Brahms, Pablo de Sarasate og Eugène Ysaÿe en meðleikarar eru Árni Heimir Ingólfsson og Richard Simm.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. - khh



**GRÓA MARGRÉT VALDIMARSDÓTTIR FIÐLULEIKARI** Útskrifast frá tónlistardeild LHÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

# Gamalkunnir tónar

Eldri félagar í Karlakór Reykjavíkur halda árlega lokatónleika í Digraneskirkju á sunnudaginn. Kórinn er skipaður liðlega fimmtíu félögum úr Karlakór Reykjavíkur sem að sögn Kjartans Sigurjónssonar kórstjóra hafa viljað minnka aðeins við sig en halda þó ótrauðir áfram að syngja. Á efnisskrá tónleikanna eru íslensk og erlend sönglög sem kórinn hefur flutt í gegnum árin. „Karlakór Reykjavíkur fagnar 80 ára starfsafmæli á þessu ári en kór eldri félaganna 40 ára afmæli,“ segir Kjartan og útskýrir að mörg laganna séu kórfélögunum hjartfólgin og hafi fylgt þeim lengi.

„Við bjuggum til dæmis til spyrpu úr lögum sem Kvartettinn Leikbræður sungu hér í eina tíð en svo vill til að báðir eftirlifandi Leikbræðurnir, Friðjón Þórðarson og Ástvaldur Magnússon, syngja einmitt með okkur í kórnum.“

Einsöngvari á tónleikunum verður Óskar Pétursson tenór og meðleikari Bjarni Þór Jónatansson.

Það stendur til að gefa út hljómdisk með kórnum í tilefni af afmælisárinu og munu kórfélagarnir taka upp þráðinn við hljóðritanir í haust. Tónleikarnir í Digraneskirkju hefjast kl. 17.00.

- khh



**ELDRI FÉLAGAR Í KARLAKÓR REYKJAVÍKUR** Flytja hjartfólgin íslensk og erlend lög í Digraneskirkju á sunnudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI


KRINGLU KRÁIN

Hljómsveit Geira Sæm
og Tryggvi Hubner
með dansleik
um helgina

Stór og fjölbeittur sérréttaseðill
ásamt tilboðsseðli öll kvöld.



# Pistlar á bók

Blaðamaðurinn Ólafur Teitur Guðnason lætur sér fátt fyrir brjósti brenna og nú er komin út safn fjölmiðlapistla hans sem birtust í Viðskiptablaðinu árið 2005. Höfundur er þekktur fyrir sprúðlandi kímni og beinskeytt skrif þar sem hann hlífir fáum. Í bókinni má aukheldur finna lista yfir fjölmiðlaverðlaun Ólafs Teits, til dæmis fyrir „mismæli ársins“ og „putta ársins“.

- khh




**FJÖLMIÐLAR 2005** Í bókinni eru stórmál jafnt og smámál úr heimi fjölmiðlanna krufin til mergjar.




























**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

*Jet Black Joe: Full Circle, Lára Rúnarsdóttir: Þögn, Gnarls Barkley: St. Elsewhere, The Streets: The Hardest Way to Make an Easy Living, Eurovision: Song Contest Athens 2006 og Echo and the Bunnymen: Siberia.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Kynæsandi og klikkaðar*

Hljómsveitin CocoRosie, með bandarísku systrunum Sierra og Bianca Casady innanborðs, heldur tónleika á Nasa þann 17. maí.

Sveitin, sem hefur gefið út tvær plötur sem hafa fengið mjög góða dóma, er þekkt fyrir að nota ýmis hljóð í tónlist sinni, þar á meðal dýrahljóð og leikföng. Tvö stór tjöld verða sett upp á tónleikunum og því má búast við miklu sjónarspili.

Í stuttu spjalli við Fréttablaðið sögðust þær hlakka mikið til tónleikanna á Íslandi og vita ekkert við hverju þær eigi að búast. Þær hafa verið á tónleikaferð um Bandaríkin, Evrópu og Ástralíu að undanförnu en brátt spila þær í Japan, Brasilíu, Kína.

CocoRosie var stofnuð árið 2003 og hafa vinsældir sveitarinnar farið stöðugt vaxandi. „Við vorum bara að gera okkar hluti og allt í einu áttum við fullt af lögum sem við bjuggumst ekki við að nokkur myndi heyra eða myndi hafa áhuga á að heyra," segja þær. „Við litum allavega ekki á okkur sem hljómsveit eða eitthvað slíkt."



**COCOROSIE** Bandaríski dúettinn spilar á Nasa 17. maí.

Áhrifavaldar CocoRosie eru margir og má þar nefna Jean Genet, SWV, New Kids on the Block, Vashti, Lars Von Trier, mömmu þeirra, Línu langsokk, T-Riza og Bill Cosby. En hvernig myndu þær lýsa CocoRosie á tónleikum? „Við eru kynæsandi og klikkaðar," segja þær ákveðnar og lofa miklu stuði á Nasa. Aðeins eru eftir um 100 miðar á tónleikana og því fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða.



### > Plata vikunnar

Ghostface Killah: Fishscale

„Ghostface Killah er í fantaformi og fimmta sólóplatan hans gæti vel verið hans besta til þessa. Fyrsta flokks austurstrandar-hip-hop." BÖS



**TOOL** Hljómsveitin Tool er á toppi X-Dómínóslistans með lagið Vicarious af sinni nýjustu plötu.

## X-DÓMÍNÓSLISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-FM**

1. **TOOL** VICARIOUS
2. **PEARL JAM** WORLD WIDE SUICIDE
3. **THE EDITORS** ALL SPARKS
4. **RED HOT CHILI PEPPERS** DANI CALIFORNIA
5. **CHARLATANS** BLACKEND BLUE EYES
6. **THE VINES** DON'T LISTEN TO THE RADIO
7. **RICHARD ASHCROFT** MUSIC IS POWER
8. **WULFGANG** MACHINERY
9. **DIKTA** LOSING EVERY DAY
10. **FOO FIGHTERS** NO WAY BACK

## SMS

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Mammút: Mammút**
„Fyrsta plata Mammúts hefur að geyma fjölmörg ljúfsár en kraftmikil gítarrokklög og með frekari hljóðversvinnu getur hljómsveitin aðeins orðið enn betri." SHA

**Morrissey: Ringleader of the Tormentos**
„Morrissey fylgir bestu plötu sinni til þessa eftir með annarri ágætis plötu. Kappinn er fullur af sjálfsöryggi þessa dagana, og virðist njóta þess að vera til... en er samt auðvitað ennþá á bláu nótunum." BÖS

**The Vines: Vision Valley**
„Þriðja breiðskífa The Vines, og þeirra fyrsta sem tríó, er hin sæmilegasta plata. Öllu meira um ballöður en áður og Bítlaáhrifin leyna sér ekki." BÖS

**The Streets: The Hardest Way to Make an Easy Living**
„Þriðja breiðskífa The Streets er hrein og klár vonbrigði. Fljótfærnisleg útgáfa frá listamanni sem hefði frekar átt að bíða þangað til að hann hafði upp á eitthvað áþreifanlegt að bjóða, eins og góð lög og texta." BÖS

**The Flaming Lips: At War With the Mystics**
„Enn önnur frábær plata frá The Flaming Lips. Þó þessir menn þrammi sinn stíg ekki varlega virðast þeir ekki geta misstigið sig. Álíka súr og síðasta plata með nokkrum popplögum á milli." BÖS

**Graham Coxon: Love Travels at Illegal Speeds**
„Sjötta breiðskífa Coxon er hrá pönkuð og keyrð áfram með sóðalegum gítarstefjum. Hljómar eins og tilraun til að komast aftur inn í bílskúrinn." BÖS

**Ghostigital: In Cod We Trust**
„Platan sannar sérvisku og snilligáfu Ghostigital með dansvænum og taktföstum hip-hop tóktum sem blandast við (ó)hljóð í skreytistíl." SHA

**Yeah Yeah Yeahs: Show Your Bones**
„Önnur breiðskífa Yeah Yeah Yeahs gerir allt sem hún á að gera. Stenst allar væntingar og á bara eftir að auka hróður sveitarinnar." BÖS

# Allir eru vinir í Manchester

**Andy Rourke, fyrrum bassaleikari bresku hljómsveitarinnar The Smiths, verður plötusnúður á Manchester-tónleikunum í Laugardalshöll annað kvöld auk þess sem hann mun troða upp á Nasa ásamt Óla Palla. Freyr Bjarnason átti gott spjall við Rourke í heimaborg hans Manchester.**

Á Knott Bar við Castle Street í Manchester sat Andy Rourke, bassaleikarinn goðsagnarkenndi úr The Smiths, sötrandi stóran bjór ásamt góðvini sínum Mani [Gary Mounfield], fyrrum bassaleikara The Stone Roses, annarri merkri Manchester-sveit, og núverandi bassaleikara Primal Scream.

Eftir að hafa tekið vel á móti blaðamanni færði hinn hressi Mani sig yfir á næsta borð til að rýma til vegna viðtalsins og eftir sat Andy, sem skartaði ekta Manchester-hárgreiðslu í anda félaga sinna frá Manchester, þeirra Liam Gallagher og Ian Brown, fyrrum söngvara The Stone Roses.

**Byrjaði fyrir slysni**

Andy Rourke segist hafa byrjað að spila sem plötusnúður fyrir um það bil fimm árum.

„Þetta byrjaði eiginlega fyrir slysni. Vinur minn, sem spilaði áður með Inspiral Carpets, fékk mig til að vera plötusnúður á klúbbi í Manchester. Hann sagði að ég þyrfti ekki að mixa eða neitt svoleiðis heldur spila bara plöturnar sem ég fíla. Eftir það fór síminn að hringja og ég fékk mér umboðsmann og síðan annan umboðsmann og það hefur verið nóg að gera. Ég var að koma heim út þriggja vikna ferð um Bandaríkin," segir Andy og virkar bæði sjálfsöruggur og afslappaður í návígi.

**Framsæknasta hljómsveit Bretlands**

The Smiths eru eitt af stóru nöfnunum í sögu breska poppsins með söngvarann Morrissey fremstan í flokki. Starfstími hennar var ekki langur, eða frá 1982 til 1987, en áhrifa hennar átti eftir að gæta víða í tónlist breskra sveita á borð við The Stone Roses, Radiohead, Blur, Suede, Oasis, The Libertines og Doves.

The Smiths gaf út fjórar hljóðversplötur á ferli sínum, þar á meðal hina öflugu The Queen is Dead, þar sem Andy fékk mikið hrós fyrir bassaleik sinn. Á meðal þekktustu laga sveitarinnar eru Girlfriend in a Coma, Heaven Knows I´m Miserable Now, Bigmouth Strikes Again og The Boy With the Thorn in His Side.

Áður en Andy gekk til liðs við The Smiths hafði hann spilað á gítar og bassa í ýmsum rokksveitum, þar á meðal fönksveitinni Freak Party, oftast með skólafélaga sínum Johnny Marr í för. Þegar Johnny og Morrissey stofnuðu The Smiths gekk Rourke fljótlega til liðs við sveitina og var fastur meðlimur allt til endaloka. Reyndar var hann rekinn úr sveitinni í skamma hríð vegna ofneyslu eiturlyfja og þurfti m.a. að dúsa í fangelsi í eina viku.



**ANDY ROURKE** Andy Rourke er fyrrverandi liðsmaður The Smiths. Hann verður plötusnúður í Laugardalshöll annað kvöld og á Nasa síðar um kvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Sjö ára hringrás**

Eftir að The Smiths lögðu upp laupana spilaði Rourke á plötu Sinéad O´Connor, I Do Not Want What I Haven´t Got, auk þess sem hann spilaði eitthvað með Morrisey á sólóferli hans. Einnig hefur Rourke tekið upp og spilað með The Pretenders, Killing Joke, Badly Drawn Boy, Aziz Ibrahim [fyrrum meðlimi The Stone Roses], og Bonehead, fyrrum gítarleikara Oasis.

Mikið hefur verið talað um Manchester-senuna í gegnum árin, enda hefur borgin getið af sér stór nöfn á borð við Joy Division, New Order, The Smiths, The Stone Roses, Oasis, James, Elbow og Badly Drawn Boy.

Andy segir ýmislegt vera að koma undir í dag en enn sem komið er sé senan í töluverðri lægð. „Ég held að það hafi verið Tony Wilson [sem kvikmyndin 24 Hour Party People fjallaði að miklu leyti um] sem sagði að senan færi í sjö ára hringrás; að eftir sjö ár kæmu stór nöfn fram. Það hlýtur því að fara að koma að því," segir hann og glottir. „Það er allavega kominn tími á það." Minnist hann á hljómsveitina Nine Black Alps sem eina þá efnilegustu um þessar mundir.

**Enginn rígur í Manchester**

Andy segir að andrúmsloftið í Manchester, þegar The Smiths var uppi, hafi verið skemmtilegt. „Við spiluðum á tónlistarhátíð með New Order, The Buzzcocks og öllum stóru nöfnunum og það var frábært man ég eftir. Það var aldrei rígur á milli Manchester-bandanna og allir mjög vingjarnlegir hver við annan. Á þessum tíma voru bara nokkur æfingarherbergi í borginni þar sem sveitirnar gátu æft og því voru allir að hitta alla og góður vinskapur myndaðist. Þannig verður það líklega alltaf, en í London er til dæmis miklu meiri rígur í gangi. Hér í Manchester er miklu afslappaðri stemning í gangi og hljómsveitirnar fara saman á djammið og skemmta sér vel saman," segir hann.

**Meira lýðræði í Freebass**

Andy stofnaði nýverið hljómsveitina Freebass ásamt vini sínum Mani og Peter Hook úr New Order. „Þetta er svona Spinal Tap-dæmi," segir Andy. „Við erum þrír bassaleikarar en ég spila á gítar í þetta sinn. Við Mani áttum í dálitlum erfiðleikum með að finna söngvara í sveitina enda vanir góðum mönnum á borð við Morrissey og Ian Brown. Ég held að við höfum fundið einn núna sem lítur ágætlega út og hljómar líka ágætlega. Við höfum samið 18 lög og vonandi gerum við eitthvað saman á næstu mánuðum," segir hann.

„Það er miklu meira lýðræði í þessari sveit heldur en í The Smiths þar sem ég fékk bara smá bita af kökunni en Morrisey risastóran. Ég held að það sé út af þessu að sveitir eins og U2 halda velli. Þær skipta öllu jafnt á milli sín en þegar söngvararnir eða þeir sem semja lögin vilja eiga allan heiðurinn af velgengninni held ég að þá fari að halla undan fæti."

Andy er einnig að hasla sér völl í útvarpinu og hóf nýverið störf á útvarpsstöðinni XFM í Manchester þar sem hann verður með þátt á hverju föstudagskvöldi. Er hann spenntur fyrir verkefninu og segir það eðilegt framhald af því að vera plötusnúður.

**Stanley Clarke í uppáhaldi**

Fjölmargir hafa haft áhrif á bassaleik Andy í gegnum tíðina. Fyrst nefnir hann hljómsveitina Echo and the Bunnymen þegar hún var að byrja sinn feril, en sú sveit spilar einmitt í Höllinni annað kvöld ásamt Andy, Badly Drawn Boy, Elbow, Trabant, Foreign Monkeys og Benna Hemm Hemm.

„Ég hlustaði líka mikið á gamla tónlist þar sem bassaleikarinn var mikið notaður. Ég hlustaði mikið á Stanley Clarke og Motown-tónlist. Þegar þú eldist áttarðu þig á því að minna er meira. Það skiptir meira máli hvað þú spilar ekki heldur en hvað þú spilar. Ég held að stíllinn sem ég noti núna sé óþekkjanlegur frá því að ég var í The Smiths. Ég er samt mjög stoltur af því efni sem við gerðum og horfi stundum til baka og hugsa: Hvaðan kom þetta eiginlega? Ég held að ég hafi verið andsetinn eða eitthvað," segir hann og hlær.

**Framtíðarupptökustjóri**

Hvað varðar framtíðaráform segist Andy ætla að halda áfram sem plötusnúður auk þess sem hann hefur trú á að Freebass geti gert fína hluti.

Hann segist einnig vel geta hugsað sér að gerast upptökustjóri og reyna um leið að koma öðrum sveitum á framfæri. Að auki var hann einn af helstu hvatamönnum tónleika sem voru haldnir í Manchester fyrr á árinu. Þar komu margir af þekktustu listamönnum Manchesterborgar á góðgerðartónleikum fyrir bættum krabbameinsrannsóknum. Stefnir Andy að því að halda tónleikana á hverju ári í framtíðinni og láta þannig gott af sér leiða til styrktar mætu málefni.



# VEGGFÓÐUR TÍMARIT

NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT | VANDAÐ TÍMARIT UM LÍFSSTÍL OG HÖNNUN

FJÖLSKYLDAN GÓÐA OG HÚSIÐ

SIGRÍÐUR HEIMISDÓTTIR
IÐNHÖNNUÐUR
UM ÁSTRÍÐU OG ÁHUGAMÁL

GRILL, GRÆJUR OG GÓÐUR MATUR

PÉTUR GAUTUR

ÓLAFUR ÞÓRÐARSON ARKITEKT OG
LISTAMAÐUR Í NEW YORK

SUMARHÚS OG SVEITARÓMANTÍK



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í
ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA
GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS




VEGGFÓÐUR.
tímarit

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

EUROVISION 2006 GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

# Silvía Night slær í gegn í Eistlandi

Silvía Night fékk höfðinglegar mótttökur í Eistlandi í gær. Hún kom fram í síðdegisþætti í ríkisútvarpinu og tekið var viðtal við hana í sjónvarpinu. Þegar blaðið náði í hana var hún að undirbúa sig fyrir fjölmennan blaðamannafund með öllum stærstu miðlum Eistlands. Ekki fékkst viðtal við stjörnuna vegna anna hjá henni.

Silvía er á þvælingi um Evrópu. Hún verður í Finnlandi í dag og fer í viðtal hjá finnska ríkissjónvarpinu. Silvía er ekki ein um að spóka sig um í löndum keppinautanna fyrir Eurovision. Hin sænska Carola, sem enn er spáð öðru sæti hjá veðbönkunum, er í Slóveníu. Þar hitti hún slóvenska keppandann, Anzej Dezan, og reyndi fyrir sér á slóvensku. Bæði þurfa þau að keppa í undanúrslitunum, en samkvæmt veðbönkunum situr Anzej eftir. Rúmenski keppandinn, Mihai Traistariu, fór einnig til Slóveníu og verður á næstu dögum á Möltu og í Belgíu, en þaðan fór belgíska Kate Ryan til Kýpur, svo nokkur dæmi séu nefnd. Bæði Kate og Mihai er spáð góðu gengi, en hann á tryggt sæti í aðalkeppninni.

Í Aþenu er keppnissviðið í ólympísku höllinni nær tilbúið. 250 menn leggja lokahönd á uppsetninguna. Sviðið verður þréttán metra vítt, allt úr plexígleri. Á heitasta vef aðdáenda keppninnar, oikotimes.com, er greint frá því að Silvíu hafi verið boðið í japanskt sjónvarp. Hún sé einnig hársbreidd frá því að landa plötusamningi við Sony. Í samningnum sé ákvæði um að hún mæti í japanska MTV. Eins og alþjóð veit heillaði Silvía Japana upp úr skónum nýlega.

Annars greinir finnska blaðið Ilta Sanoma frá því að aðalsöngvari finnsku hljómsveitarinnar Lordi hafi tognaði á fæti á tónleikum í Hämeenlinna. Tognunin er ekki svo alvarleg að hann geti ekki keppt í undankeppninni í Eurovision þann átjánda, en fregnir um að Lordi verði dregið úr keppni hafa engan byr fengið og þeir halda ótrauðir áfram.



**MIHAI TRAISTARIU** Rúmenska keppandanum er spáð góðu gengi í aðalkeppninni. Rúmenar sendu danslag í fyrra, urðu í fjórða sæti og ákváðu að reyna annað danslag í keppninni í ár.



**MAMMÚT** Hljómsveitin Mammút spilaði í fyrsta sinn á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra.

# Umsóknir vegna Airwaves

Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves, sem verður haldin verður í miðborg Reykjavíkur í áttunda sinn 18. til 22. október, eru byrjaðir að taka við umsóknum frá innlendum hljómsveitum og listamönnum sem vilja koma fram á hátíðinni í ár.

Líkt og undanfarin ár munu yfir eitt hundrað íslenskir flytjendur koma fram á Airwaves 2006 og er áfram stefnt að því að bjóða upp á gott úrval af hljómsveitum og listamönnum sem ekki hafa áður komið fram á hátíðinni.

Meðal þeirra rúmlega þrjátíu flytjenda sem komu í fyrsta sinn fram á Airwaves í fyrra má nefna Benna Hemm Hemm, Mammút og Jakobínarínu, en þær hafa vakið verðskuldaða athygli innanlands sem utan á síðustu misserum.

Til að sækja um að koma fram á hátíðinni þarf að fylla út eyðublað á www.icelandairwaves.com sem undir liðnum „Industry“ og skila til Hr. Örlygs ásamt fylgigögnum.

Þau gögn sem skulu fylgja umsókn eru diskur með tónlist og diskur með upplýsingatexta um flytjanda ásamt mynd.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí. Hr. Örlygur vill leggja áherslu á að ekki er tekið við umsóknum eftir þann tíma. Umsækjendum verður svarað eins fljótt og auðið er, þó ekki síðar en 1. september.




# Ódauðlegur pönkari

Pönkarinn ódauðlegi, Iggy Pop, hélt tónleika í Listasafni Reykjavíkur í fyrrakvöld ásamt hljómsveit sinni The Stooges.

Ágætis stemning myndaðist þó svo að ekki hafi verið troðfullt á tónleikunum. Iggy var í essinu sínu, glansandi ber að ofan og í bláum gallabuxum eins og honum einum er lagið, og söng alla helstu slagara sína. Iðaði hann vítt og breitt um sviðið eins og ormur í transi og átti að vonum auðvelt með að fanga athygli viðstaddra.

Eftir eitt uppklapp tók hann lagið Little Electric Chair og fór síðan af sviðinu í hinsta sinn eftir heldur stutta tónleika. Hljómsveitin Dr. Spock hitaði upp fyrir Iggy og stóð sig með prýði.



**DR. SPOCK** Rokksveitin Dr. Spock sem hefur vakið mikla athygli að undanförnu bæði hér heima og erlendis hitaði lýðinn upp með skemmtilegri sviðsframkomu.



**ALVÖRU PÖNKARI** Bjartur Gunnlaugsson skartaði þessum forláta hanakambi. Halla Kristjánsdóttir stendur við hlið hans.



**IGGY POP** Pönkarinn síungi iðaði um sviðið í einkennisbúningi sínum, bláum gallabuxum, einum fata. Honum til halds og trausts voru félagar hans úr hljómsveitinni goðsagnakenndu, The Stooges.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

# Sign ferðast í boði Kerrang

Hljómsveitin Sign spilar þann 19. maí á tónlistarhátíðinni Great Escape í Brighton í Englandi.

Í framhaldi af því mun sveitin fara í tónleikaferðalag í boði rokktímaritsins Kerrang sem stendur yfir frá 21. til 26. maí. „Kerrang! er það tímarit sem hefur hvað mest áhrif í okkar geira og það er gott að fá stuðning hjá þeim,“ segir Ragnar Zolberg, söngvari og gítarleikari Sign. „Við erum að safna aðdáendum í Bretlandi og byggja upp eftirspurn eftir tónleikahaldi fyrir hljómsveitina og þetta er góður stökkpallur fyrir okkur.“

Sign er að fylgja eftir útgáfu á plötu sinni, Thank God for Silence, í Bretlandi en platan fékk jákvæða dóma í þungarokkstímaritinu Playpower sem gaf plötunni 8 af 10 mögulegum í einkunn. Í dómnum sagði m.a. að Sign væri markaðsvænt jaðarband sem spilaði klassískt gítarrokk í ferskum búning.

Þá verður lagið When Demons Win á safnplötu sem fylgir tímaritinu Metal Hammer sem kemur út 10. maí nk. Tímaritið Kerrang! birtir einnig heilsíðuviðtal við hljómsveitina í næsta hefti sínu.

Sign er komið á mála hjá einni stærstu bókunarskrifstofu Bretlands, The Agency, og er ráðgert að hljómsveitin haldi allavega í eina aðra tónleikaferð til Bretlands í sumar.

Þá hefur sveitinni verið boðið að spila á Subverse-klúbbnum í Bretlandi sem rekinn er af Visible Noise, sem er plötufyrirtæki Lost Prophets og Bullet for My Valentine.

Til að hita upp fyrir tónleikaferðina til Bretlands mun Sign spila á Akureyri, Ísafirði, í Reykjavík og Götusmiðjunni dagana 12. til 16. maí.



**SIGN** Hljómsveitin Sign nýtur vaxandi vinsælda í Bretlandi um þessar mundir.

**MEÐ HNÍF OG GAFFLI** **ÞRÁINN BERTELSSON SKRIFAR** ÓSUSHI THE TRAIN LÆKJARGÖTU 2B 101 R 0 0 0

# Japanskt „smörrebröd“

*Þráinn metur veitngastaði út frá þremur grundvallaratriðum: umhverfi, þjónustu og vitaskuld matnum sjálfum. Hann gefur krónur fyrir umhverfið, þjóna fyrir þjónustuna og kokkahúfur fyrir matseldina. Staðirnir geta mest fengið þrjú tákn í hverjum flokki og efstu stig einkunnargjafa hans eru þá: Huggulegur staður, framúrskarandi þjónusta og frábær matur.*



Á öldinni sem leið var hádegisverðurinn yfirleitt aðalmáltíð dagsins en tímarnir breytast. Í staðinn eru komin mötuneyti á vinnustöðum, skólamáltíðir – og svo veitingahús.

Ég bauð Lísu vinkonu minni að koma með mér og leita að góðum hádegisverði og hefði reyndar getað sagt mér sjálfur hvers konar stað hún mundi velja hafandi í huga þær þrjár voldugu leynireglur sem grannvaxnar konur trúa á.

Fyrsta reglan er þessi: Eftir þrítugsafmælið þitt máttu aldrei framar borða þig sadda.

Regla númer tvö: Álfakroppar eru ekki hannaðir fyrir hádegismat.

Og þriðja reglan: Þegar álfameyjar fá sér næringu í hádeginu narta þær í salatblað – eða fá sér sushi.

Lísa valdi sushi. Nánar tiltekið sushistaðinn á loftinu yfir bókabúðinni Iðu í Lækjargötu sem hefur undirtitilinn THE TRAIN sem þýðir „lest“ á ensku því að þetta er sushi-staður af því tagi sem veitingamenn í Japan hönnuðu handa hádegisverðarkúnnum sem nefnast „salaryman“ í Japan sem mundi þýða „kontóristi“ á íslensku. Í stórborgum er nóg af slíku fólki og hefur ekki nema fáeinar mínútur til að gleypa í sig eldsneyti til að knýja sig áfram til kvölds. Uppfinningin fólst í því að setja upp færiband úr eldhúsinu og láta réttina bruna fram hjá gestum sem rétta út höndina eftir því sem þeim þykir girnilegt, en kokkarnir hamast í eldhúsinu við að bæta nýjum réttum á bandið.

„Sushi“ - ?? - samsvarar því sem Danir kalla „smörrebröd“, nema hvað Japanir nota hrísgrjón vætt í ediki í stað brauðs og áleggið skal vera ferskt, mestan part hrár fiskur eða hrátt grænmeti.

Ferskleiki hráefnis og hugkvæmni sushimeistarans ræður því hvernig máltíðin heppnast.

Við Lísa settumst við færibandið. Þjónn kom á vettvang. Hann var ekki íslenskumælandi svo að Lísa túlkaði fyrir mig – en hún er frá Bandaríkjunum. Ég bað um misó-súpu og vatn en Lísa grænt te (pokate).

Við helltum sojasósu í örlitlar skálar og hrærðum wasabe út í, en það er búið til úr dufti af sterkri piparrót. Síðan dýfir maður sushi-réttunum í þetta og ræður hversu sterklega sósan er krydduð.

Bitar á færibandinu kosta 200 til 350 kr. og í lok máltíðar er talið hvað maður hefur safnað að sér mörgum undirskálum, mismunandi litir, mismunandi verð.

Hver snúningur á bandinu tekur þrjár mínútur og því fljótlegt að sjá hvað í boði er. Nýstárlegast var eitthvað sem virtist vera túnfisksalat vafið í þarablöðku, en það leyndi á sér því að í salatinu reyndist vera brjósk úr kjúklingi en það væri ábyggilega snjallræði að rækta sækjúklinga neðansjávar og kenna þeim að anda með tálknum til að forðast fuglaflensu. Sem eftirrétt völdum við fyrirtaksfrauð úr hvítu súkkulaði.

Kannski leggja sushi-meistararnir þarna of mikla áherslu á að hafa mikið magn á færibandinu hverju sinni því að gallinn á máltíðinni var að ferskleikann vantaði. Eldislaxinn var ferskastur en eldislax er ekki æsispennandi.

Máltíðin fyrir okkur Lísu kostaði (með virðisauka) 5.400 kr. Samtals 18 bitar. Þetta var allt saman gott og blessað, en verðskuldar ekki sérstaka viðurkenningu, svo að krónur, þjónar og kokkahúfur bíða betri tíma.

Verði ykkur að góðu!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þegar tvær stórstjörnur leiða saman hesta sína veldur það fjaðrafoki meðal slúðursneplanna og því hafa **Brad Pitt og Angelina Jolie** aldeilis kynnst. Sögur spinnast í kringum hvert einasta skref sem þau taka og hafa þau nú sent frá sér fréttatilkynningu sem blöðin kalla nei-listann. Slúðurpésarnir hafa meðal annars fjallað um að Jolie, sem nú er ólétt af fyrsta barni þeirra skötuhjúa, sé búin að skrifa undir samning við Tomb Raider 3, einnig að hún og Pitt ætli að skýra barn sitt Afríku og að fæðingin muni eiga stað ofan í vatni. Neita þau öllu ofantöldu. Þau kynntust við gerð myndarinnar Mr. and mrs. Smith fyrir tæplega tveim árum og eiga saman tvö ættleidd börn frá Kambódíu og Afríku.



Meðlimir hljómsveitarinnar **Red Hot Chilli Peppers** eru í sárum eftir að nýjasta plata þeirra félaga lak á netið. Platan nefnist Stadium Arcadium og á að koma út 8. maí næstkomandi. Bassaleikarinn Flea sagðist líta á þetta sem stuld og að honum finnist sorglegt að fólk skuli vilja tónlist frá netinu í stað þess að kaupa sér diska. Hljómsveitin er þessa dagana að framfylgja plötunni sem búin er að vera eitt og hálft ár í fæðingu.



Rokkarinn og eiginkona Kurts Cobain heitins, **Courtney Love**, skaut aðdáendum skelk í bringu þegar hún sýndi sitt allra heilagasta á góðgerðarsamkomu sem haldin var í Los Angeles af samtökum homma og lesbía. Love hefur lengi átt við vandamál að stríða varðandi eiturlyf og áfengisneyslu en er víst nýkomin úr meðferð og mun hafa verið edrú þegar atburðurinn átti sér stað. Love á eina dóttur með Cobain og fékk hún aftur forræðið yfir henni eftir að hafa misst það vegna ofneyslu á síðasta ári.



Hin stórglæsilega leikkona **Denise Richards** sem nýlega sagði skilið við eiginmann sinn Charlie Sheen, hefur nú verið orðuð við meðlim hljómsveitarinnar Bon Jovi. Sá hinn heppni, Richie Sambora, er einnig nýkominn úr sambandi við leikkonuna Heather Locklear sem margir þekkja úr þáttunum Melrose place. Hún mun ekki hafa tekið þessum fregnum vel enda hafa þær stöllur eldað grátt silfur lengi. Bon Jovi er að huga að Evróputúr í sumar og mun Richards slást með í för.











# Enn og aftur í vondum málum

Ólátabelgurinn og forsprakki hljómsveitarinnar Babyshambles, Pete Doherty, er í vondum málum eftir myndbirtingu The Sun á föstudaginn en þar sést hann sprauta heróíni í handlegg stúlku sem liggur meðvitundarlaus á klósettgólfi. Stúlkan, sem er 21 árs og mikill áhangandi Dohertys, hefur fylgt honum og hljómsveitinni í þrjú ár og er að sögn vina algjörlega með hann á heilanum. Doherty á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsisvist fyrir athæfið en hann segist hafa verið að taka blóð úr handlegg stúlkunnar í listrænum tilgangi og ætlað að nota það sem málningu í listaverk sitt. Doherty hefur oftar en ekki gerst sekur um lögbrot vegna fíkniefnaneyslu og mun eflaust ekki sleppa með áminningu í þetta skiptið.

Það verður síðan að koma í ljós hvort kærasta Petes, Kate Moss, sætti sig við þessa framkomu. Moss ætlaði að gefa kærastanum sínum eitt tækifæri í viðbót en parið er nýbyrjað saman aftur eftir að Moss kom úr meðferð.



**HRIKALEG AFGLÖP** Söngvarinn Pete Doherty gæti verið í verulega slæmum málum vegna myndar sem birtist í breskum fjölmiðlum.

# Miðasala hefst í dag

Miðasala á tónleika danska plötufyrirtækisins Crunchy Frog á Nasa 26. maí hefst í dag.

Hljómsveitirnar Heavy Trash, Powersolo og The Tremelo Beer Gut munu troða upp ásamt íslenskri gestasveit sem verður valin á næstu dögum.

Aðalnúmerið á tónleikunum er rokkabillýbandið Heavy Trash sem Jon Spencer úr Jon Spencer Blues Explosion og Pussy Galore leiða ásamt Matt Verta Ray.

Miðasala fer fram í Skífunni og á midi.is og er miðaverð 1.800 krónur auk miðagjalds.



**HEAVY TRASH** Hljómsveitin Heavy Trash spilar á Nasa 26. maí.

# Fagnar nýrri plötu

Trúbadorinn Halli Reynis heldur tvenna útgáfutónleika í kvöld og annað kvöld klukkan 22.00 á Kaffi Rósenberg.

Þar mun hann kynna nýjustu plötu sína, Leiðin er löng, auk þess sem hann mun taka gömul og góð lög. Halli skrifaði nýverið undir útgáfusamning við Músík ehf. um útgáfu næstu plötu sinnar sem er væntanleg í september. Á þeirri plötu verður hann með hljómsveit sinni en á nýju plötunni er hann einn með kassagítarinn.

„Þessi diskur er sá fyrsti sinnar tegundar hérna. Það er klárlega út af því að menn hafa ekki þorað þessu áður,“ segir Halli og á þar við að ekki hafa menn áður tekið upp plötur hérlendis einir með kassagítarinn í hljóðveri. Íris mun hita upp fyrir Halla í kvöld en Hilmar Garðarsson hitar upp á laugardagskvöld.



**HALLI REYNIS** Trúbadorinn Halli Reynis heldur tvenna útgáfutónleika á föstudags- og laugardagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKÁTAR** Hljómsveitin Skátar spilar á Grand Rokki í kvöld.

# Skátar spila

Hljómsveitin Skátar spilar á Grand Rokki á föstudag ásamt Mongoose og Bobby Breiðholti. Skátar eru að vinna að nýrri plötu sem hefur fengið vinnuheitið Einu sinni eitthvað, ávallt eitthvað. Er hún væntanleg á markað síðla sumars. Hljómsveitin Retron mun jafnframt sýna gagnvirkt myndbandsverk.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.30 og kostar 500 krónur inn.

# Út og suður í nýjum fötum

Sveitapilturinn og sjónvarpsstjarnan Gísli Einarsson heldur áfram að flakka um landið í sumar í þættinum Út og suður á RÚV. Þetta verður fjórða þáttaröðin sem Gísli vinnur fyrir sjónvarpið en alls verða þættir sumarsins 16 talsins. Eins og í fyrri þáttum mun Gísli grafa upp skemmtilegt fólk sem fæst við áhugaverða hluti. „Það er svo yfirdrifið nóg af áhugaverðu fólki hér á Íslandi að ég færi létt með að fylla nokkrar þáttaraðir,“ segir Gísli sem segir engan skort vera á viðmælendum. Fyrsti þátturinn verður á dagskrá næsta sunnudag, strax að loknu Kastljósi en þá heimsækir Gísli tvær listakonur úr Reykjavík.

Síðasta sumar var Gísli tölvuvert gagnrýndur fyrir klæðaburð sinn sem var sagður sundurleitur og mörgum fannst hann æði oft líta út fyrir að vera nýkominn úr víðavangshlaupi. „Ég hef verið að lesa tískublöðin í vetur og ráðfært mig við stílista svo það verður meira lagt upp úr útlitinu í sumar,“ segir Gísli og hlær. Hann segist þó ekki ætla að vera í jakkafötum og með bindi nema þar sem það á við og gúmmískórnir verða að sjálfsögðu á sínum stað. Það hefur annars verið brjálað að gera hjá Gísla í vetur. Auk þess að sinna starfi fréttamanns á Vesturlandi fyrir RÚV þá hefur hann komið fram á ýmsum uppákomum að meðaltali tvisvar til þrisvar sinnum í viku í vetur og þar að auki skrifar hann vikulega pistla í blaðið Skessuhorn.

-snæ



**MEÐVITAÐUR UM TÍSKUNA** Gísli hefur kynnt sér nýjustu tískustraumana og ráðfært sig við stílista fyrir næstu þáttaröð.

# Einn, tveir og rokka!

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**



**THE ZUTONS**

TIRED OF HANGING AROUND

**Niðurstaða:** Önnur breiðskífa stuðboltanna í The Zutons stenst allar væntingar, og gott betur. Ávísun á gott skap, dillandi mjaðmahreyfingar og töffaralegan lúftgítar.

Það er gífurlegur sprelligosakeimur yfir tónlist The Zutons sem gerir það að verkum að það er nánast ómögulegt að taka þau of alvaralega.

Yfir þeim er svipuð ára og sveif yfir Madness á sínum tíma. Öll lögin eru hönnuð til þess að skemmta. Það er líka erfitt að sjá þessa sveit spila á tónleikum án þess að fyllast ódrepandi hvöt til þess að hrista beinagrindina örlítið. Enda voru heilmargir að sveifla sér með tónlist þeirra í Hafnarhúsinu á síðustu Airwaves-hátíð.

Það sem er líklegast mest heillandi við tónlist The Zutons er hversu tímalaus hún er. Þessi lög, og þessi hljómur gæti alveg eins verið þrjátíu ára gamall. Tónlistin vegur salt einhvers staðar á milli The Commitments og T-Rex eða Rolling Stones. Það ætti því bókað að vera eitthvað sem margir ættu að geta tengt sig við. Kirsuberið ofan á ísnum er svo frábær rokksöngur Davids McCabe. Rödd hans rifnar örlítið á hárréttum stöðum, sem gerir lögin beittari einhvern veginn.

Fyrsta smáskífan, Why Won´t You Give Me Your Love, gefur hárrétta mynd hvernig plata þetta er. Það er nánast eins og The Zutons hafi ákveðið að eyða öllum sínum lífsins sálar kröftum í að reyna gera eins skemmtilega plötu og mögulegt er. Og í þeim geira sem þau eru, þá heyrist mér þeim bara hafa tekist ágætlega til. Ég fékk a.m.k. aldrei þá tilfinningu að mig langaði til þess að skipta yfir á næsta lag. Sem segir heilmikið í mínu tilviki, því oft hvílir þungt á skip-takkanum í þessu starfi.

Svo gerist líka svolítið á þessari plötu sem maður heyrir aldrei. Besta lagið er síðast. Það heitir I Know I´ll Never Leave, og er bæði hugljúft, beitt og svalt á réttum stöðum. Hamrandi gítarar og Robert Plant-legur söngur.

Ef The Zutons væri íslensk væri hún bókað á sveitaballamarkaðnum. Og það yrði líka þvílík skemmtun! Þetta er akkúrat tónlistin sem mig langaði alltaf að heyra í Njálsbúð í þau fáu skipti sem ég rataði þangað. Mér fannst rigningin nefnilega ekkert sérstaklega góð. Þetta er tónlist sem er svo trú grunni rokksins að jafnvel afi þinn gæti haft gaman af þessu.

**Birgir Örn Steinarsson**





## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Nicole Richie**, dóttir söngvarans og hjartaknúsarans **Lionel Richie**, hefur viðurkennt að hún sé meðvituð um grannvöxt sinn og segist ekki vilja vera vond fyrirmynd ungra stelpna í dag. Richie hefur verið daglegur gestur á síðum slúðurblaðanna síðasta árið vegna snögglegs þyngdartaps. Stjarna sjónvarpsþáttanna Simple Life hefur leitað sér hjálpar hjá læknum og næringarfræðingum og er staðráðin í því að bæta nokkrum kílóum á sig.



**Katie Holmes** er í góðum málum eftir undirskrift kaupmála vegna brúðkaups síns og stórstjörnunnar **Toms Cruise**. Kaupmálinn hljómar upp á litla 300 milljarða íslenskra króna. Mikið fjölmiðlafár hefur verið í kringum samband þeirra og fyrst um sinn héldu menn að um auglýsingabrellu væri að ræða en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Skötuhjúin eignuðust dóttirina **Suri** og ganga í það heilaga í sumar. Foreldrar Holmes eru glaðir yfir þessum fregnum og telja dóttur sína og barnabarn fjárhagslega vel settar ef í hart fer.



**Bandaríska leikkonan og fegurðardísin Halle Berry** staðfesti það í viðtali við blaðið Extra að hún myndi ættleiða ef hún yrði ekki ólétt í bráð. Berry, sem hefur gengið í hjónaband tvisvar og skilið jafn oft, er nú kennd við fyrirsætuna **Gabriel Aubry** og voru þau bæði á lista People-tímaritsins yfir 100 kynþokkafyllstu manneskjur í heimi. Það yrði því ekki slæmt ef þau tvö ákveða að fjölga mannkyninu. Halle leikur aðalhlutverkið í einni af stórmyndum sumarsins, X-men - the Last Stand, sem frumsýnd verður í lok maí.






## Bangkirai harðviðarpalla-klæðning.

| | |
|---|---|
| **19x90mm** 601200 | **270 kr/m** |
| **21x145mm** 600900 | **526 kr/m** |
| **25x145mm** 601000 | **590 kr/m** |




**Viðarvörn** **1.590** ~~1.990~~ **3.595** ~~4.190~~
**Trebitt Terrassebeis,** 1 ltr / 3 ltr
7049307+8




**Fúavarnarefni**
**C-Tox,** 5 ltr, glært eða brúnt
7047020




**Grunnviðarvörn**
**Jotun Visir,** 3 ltr glær vörn á allt tréverk utanhúss
7049441




**Olíuviðarvörn**
**Jotun Drygolin,** 3 ltr þekjandi olíuviðarvörn
7049330




**Pallaeining, 60x60 sm**
604300




**Pallaolía, Jotun Treolje**
**3 ltr,** á gagnvarið efni, margir litir
7049123+33+37




**Blómakassi**
**Rose,** 60x60 sm
604000




**Blómakassi**
**Rose,** 51x51 sm
604005




**Skjólveggur**
**Skandik,** 90x120 sm
603200




**Skjólveggur**
**Vilníus,** 180x80 sm
603290

# Gerðu garðinn að



**Heflað gagnvarið efni í palla og skjólgirðingar.**
**Komið og skoðið glæsilegan sýningarsal okkar í Súðarvogi.**

| | |
|---|---|
| **21x120mm** 621700-762 | **199 kr/m** |
| **21x95mm** 621600-660 | **99 kr/m** |
| **28x95mm** Lengd 3-3,9m 628600-642 | **139 kr/m** |
| **28x120mm** Lengd 2,7-4,2m 628700-742 | **179 kr/m** |
| **48x98mm** Lengd 2,7-4,2m 648600-642 | **179 kr/m** |
| **48x148mm** Lengd 2,7-4,2m 648800-842 | **269 kr/m** |
| **98x98mm** 698600-660 | **349 kr/m** |

# Pallaefni. Stórlækkað verð!

Verð frá **139kr/m**



**Pallaefni**
**Heflað lerki**
21x95mm/28x120mm
728700/721600

**180kr/m**



**Pallaefni**
**Gróf/fínrásað lerki**
728600

**440kr/m**



**Pallaefni**
**Lerki,** 90x90 sm
790600

**4.990** ~~6.590~~



**Skjólveggur**
**Nordic,** 90x140/160 sm
603230

**9.790** ~~12.990~~



**Skjólveggur**
**Skandik,** 180x180/190 sm
603190

**9.490** ~~12.490~~



**Skjólveggur**
**Nordic,** 180x160/180 sm
603225

# sælureit!



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## Olsen ekki til Fylkis

Fylkir hefur ákveðið að semja ekki við vinstri bakvörðinn Rasmus Olsen. Hann heillaði hvorki forráðamenn né þjálfara liðsins, Leif Garðarsson, á æfingum í vikunni, né í æfingaleik gegn Víði á þriðjudaginn og heldur því aftur til síns heima í Danmörku.

# sport

sport@frettabladid.is

FYRRUM UMBOÐSMAÐUR EIÐS SMÁRA: MUNAÐI LITLU AÐ HANN FÆRI TIL MAN. UTD FYRIR ÞREMUR ÁRUM

## *Meintur áhugi United kemur ekki á óvart*

Peter Harrison, fyrrverandi umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, segir að meintur áhugi Alex Ferguson, knattspyrnustjóra Manchester United, á íslenska landsliðsmanninum komi sér ekki á óvart. Harrison sagði við Fréttablaðið að litlu hefði munað að Eiður Smári gengi til liðs við Man. Utd. fyrir nokkrum árum síðan, þegar Harrison var umboðsmaður hans. Harrison vildi ekki fara nákvæmlega út í hversu mikill áhugi Man. Utd á Eiði Smára var en staðfesti að hann hefði verið verulegur. „Það munaði ekki miklu að Eiður hefði farið þangað,“ sagði hann.

Nokkrir enskir netmiðlar fjalla um mál Eiðs Smára og hugsanlega för hans frá Chelsea. Er hann orðaður við Man. Utd, Tottenham og nú einnig Blackburn. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær telur blaðið Manchester Evening News sig hafa heimildir fyrir því að Eiður vilji spila á Old Trafford og heldur því fram að Ferguson hafi lengi verið aðdáandi leikmannsins. Á heimasíðu blaðsins gefst lesendum kostur á að segja sitt álit á mögulegum kaupum Man. Utd á Eiði og er ljóst að sitt sýnist hverjum um ágæti landsliðsfyrirliðans. Nokkrir Íslendingar tjá sig eru þeir sammála um að Eiður yrði mikill fengur fyrir Man. Utd. Bresku netverjarnir furða sig hins vegar margir hverjir á því að Eiður skuli vera falur á aðeins fjórar milljónir punda, eins og Manchester Evening News leiddi líkur að. Tveir líkja Eiði við Teddy Sheringham og segja hann því geta orðið frábæran fyrir þá rauðklæddu en aðrir segja hann vera of líkan Wayne Rooney sem leikmaður og því hafi Alex Ferguson ekkert að gera við íslendinginn. Flestir eru þó á því að Eiður sé mjög hæfileikaríkur leikmaður sem hafi alla burði til að gera góða hluti undir stjórn Fergusons.




SAMSETT MYND/KIDDI

## > Blikar fá Namibíumann

Landsbankadeildarlið Breiðabliks mun á morgun fá til sín varnarmann á reynslu að nafni Oliver Risser. Hann kemur frá Namibíu og hefur leikið ellefu landsleiki fyrir þeirra hönd en liðið er í 163. sæti á heimslista FIFA. Risser hefur leikið með varaliði Borussia Dortmund en hefur verið að koma sér í fullt form í neðri deildunum í Þýskalandi eftir að hafa meiðst illa fyrir ári. Risser er 25 ára gamall varnarmaður, 188 cm á hæð og 84 kg. Hann mun leika æfingaleik með Blikum gegn KR á sunnudaginn. Breiðablik hefur þegar fengið til sín annan erlendan leikmann, Stig Krohn Haaland, sem einnig er varnarmaður en hann kom til Blika frá Noregi.



**EIÐUR SMÁRI** Átti miðlungsleiktíð, að mati stuðningsmanna Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Fær 6 í einkunn fyrir tímabilið

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen fær einkunnina 6 hjá stuðningsmannaklúbbi Chelsea fyrir frammistöðu sína með Chelsea á leiktíðinni. Allir þeir leikmenn sem komið hafa við sögu hjá Chelsea á leiktíðinni eru vegnir og metnir og fær Eiður lægstu einkunnina af framherjunum.

„Stóð sig oftast vel þó að tækifærin hafi ekki verið mörg, einkum vegna góðrar frammistöðu Essiens. Sýndi hins vegar ekki þann stöðugleika sem hann þarf til að tryggja sér fast sæti í liðinu. Eina vikuna var hann „Ljóshærður Maradona“ þá næstu var hann ekki svipur hjá sjón.“ Svona hljómar umsögn stuðningsmannaklúbbsins um frammistöðu Eiðs Smára á leiktíðinni.

John Terry varð efstur í kjöri stuðningsmannanna og sá eini sem fékk 10 í einkunn, en Frank Lampard, Joe Cole og William Gallas fengu allir einkunnina 9. - vig



**BIKARINN Á LOFT** Tryggvi Guðmundsson, fyrirliði FH, hampaði deildabikarnum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Deildabikar karla:

## FH meistarar

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH báru sigur úr býtum í Deildabikar karla í fótbolta með 3-2 sigri á Keflavík í úrslitaleiknum sem fram fór í fyrradag. Þetta er þriðja árið í röð sem FH-ingar vinna þessa keppni.

Sigurvin Ólafsson, Freyr Bjarnason og Tryggvi Guðmundsson komu FH í 3-0 í fyrri hálfleik og stefndi allt í stórsigur Íslandsmeistaranna. Keflvíkingar neituðu þó að gefast upp og náðu með miklu harðfylgi að minnka muninn í 3-2 þegar um 20 mínútur voru eftir en mörk liðsins skoruðu Simun Samuelson og Hólmar Örn Rúnarsson. Lengra komust Suðurnesjamennirnir hins vegar ekki og stóðu FH-ingarnir því uppi sem sigurvegarar. - vig

# Heimir Örn mikilvægastur í vetur

**Heimir Örn Árnason, fyrirliði Fylkis, er mikilvægasti leikmaður DHL-deildarinnar í ár að mati þjálfara deildarinnar. Heimir fékk alls 41 stig í kjörinu, 10 stigum meira en Sverrir Björnsson hjá Fram. Þeir félagar höfðu mikla yfirburði í kjörinu en þriðji varð Jóhann Gunnar Einarsson hjá Fram með 13 stig.**

**HANDBOLTI** Sex af fjórtán þjálfurum DHL-deildarinnar völdu Heimi Örn sem mikilvægasta leikmanninn í vetur en fjórir töldu að Sverrir hefði verið sá mikilvægasti. Aðrir leikmenn sem fengu atkvæði sem mikilvægasti leikmaðurinn voru Framararnir Jóhann Gunnar, Sigfús Sigfússon og markvörðurinn Egedius Petkevicius, ásamt Patreki Jóhannessyni hjá Stjörnunni.

Kosningin var gerð þannig að þjálfarar deildarinnar voru beðnir um að nefna þrjá mikilvægustu leikmenn tímabilsins að þeirra mati og setja þá í viðeigandi sæti eftir því. Fimm stig fékk leikmaðurinn sem settur var í fyrsta sætið, þrjú stig fyrir annað sætið og eitt stig fyrir það þriðja. Þjálfarar máttu ekki velja leikmenn úr eigin liði.

Eins og áður segir hafði Heimir nokkra yfirburði í kjörinu en aðeins þrír þjálfarar höfðu hann ekki í hópi þriggja mikilvægustu leikmanna deildarinnar. „Klárlega sá leikmaður í deildinni sem gerir mest fyrir sitt lið. Frábær leikmaður í sókn og vörn. Án hans hefði Fylkisliðið jafnvel ekki orðið á meðal átta efstu,“ sagði einn þjálfarinn um Heimi og annar rökstuddi val með því að segja Heimi hafa nánast allt: „Fjölhæfnin er hans styrkur. Hann hefur hraða, styrk og leikskilning auk þess sem hann er skotsviss með afbrigðum.“

Einn fjögurra þjálfara sem völdu Sverri sem mikilvægasta leikmanninn hafði á orði að án hans hefði Fram aldrei orðið Íslandsmeistari. „Ef Sverrir hefði verið hjá einhverju öðru af sex efstu liðunum hefði það lið líklega unnið deildina.“

Alls fengu tíu leikmenn atkvæði í vali þjálfaranna en auk þeirra sex sem áður hafa verið nefndir fengu einnig atkvæði þeir Birkir Ívar Guðmundsson, Sergei Serenko, Titi Kalandadze og Vladimir Duric.

Heimir Örn var óumdeilanlega leiðtoginn í spútnikliði Fylkis í vetur og er vel að viðurkenningunni kominn. Heimir skoraði 124 mörk í 25 leikjum, eða fimm mörk að meðaltali í leik, en auk þess er Heimir af flestum talinn í hópi öflugustu varnarmanna deildarinnar.

„Þetta er mikill heiður og gaman að enda tímabilið með svona viðurkenningu. En ég vil nú meina að allt Fylkisliðið eigi stærstan þátt í þessu,“ sagði Heimir við Fréttablaðið í gær, hógværðin uppmáluð. „Ég er ekki frá því að þetta hafi verið mitt besta tímabil á ferlinum. Þetta er búið að ganga vel, ég neita því ekki, en það er erfitt að segja hvað veldur. Ég æfði vel áður en tímabilið hófst og svo tók ég meiri ábyrgð en ég hef áður gert. En svo kom fljótlega í ljós að við erum einfaldlega með hörkulið með fullt af strákum sem geta tekið af skarið,“ segir Heimir sem þó hefði viljað enda tímabilið á öðrum nótum.

„Ég er ekki sáttur við frammistöðu mína í síðustu leikjum tímabilsins þar sem ég var eins og byrjandi. En ég held að ég hafi náð að rífa mig upp í leiknum gegn Fram í deildarbikarnum,“ sagði Heimir og glotti en hann er á leið til Danmerkur þar sem hann hefur samið við úrvalsdeildarliðið Bjerringbro-Silkeborg.

„Þetta er búið að vera í bígerð lengi og ég vona að ég geti verið atvinnumaður í einhver ár. Ég tel að þetta sé eðlilegt skref fyrir mig á þessum tímapunkti og hlakka mikið til,“ segir Heimir. Hann stendur ekki á svari þegar hann er spurður um mikilvægasta leikmann deildarinnar að sínu mati. „Ég hefði valið Birki Ívar.“

vignir@frettabladid.is



**SÁ MIKILVÆGASTI OG SÁ BESTI UNGI** Heimir Örn Árnason, mikilvægasti leikmaður DHL-deildarinnar í vetur að mati þjálfara deildarinnar, sést hér halda Sigfúsi Páli Sigfússyni, besta unga leikmanninum að mati þjálfara, föstum tökum í leik Fram og Fylkis í Safamýrinni í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SVERRIR BJÖRNSSON** Var frábær í hjarta varnarinnar hjá Fram í vetur oig gekk einn þjálfarinn svo langt að segja að hefði eitthvert annað lið en Fram haft Sverri innanborðs hefði það lið líklega orðið Íslandsmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### MIKILVÆGASTI LEIKMAÐURINN

| *Nafn, félag* | *Stig* |
|---|---|
| Heimir Örn Árnason, Fylki | 41 |
| Sverrir Björnsson, Fram | 31 |
| Jóhann Gunnar Einarsson, Fram | 13 |
| Birkir Ívar Guðmundsson, Haukum | 12 |
| Sigfús Sigfússon, Fram | 11 |
| Patrekur Jóhannesson, Stjörnunni | 8 |
| Sergei Serenko, Fram | 3 |
| Edgevicisius, Fram | 5 |
| Vladimir Duric, Selfoss | 1 |
| Titi Kalandadze, Stjörnunni | 1 |

### BESTI UNGI LEIKMAÐURINN

| *Nafn, félag* | *Stig* |
|---|---|
| Sigfús Sigfússon, Fram | 9 |
| Jóhann Gunnar Einarsson, Fram | 3 |
| Arnór Þór Gunnarsson, Þór Ak. | 2 |

Besti ungi leikmaður DHL-deildarinnar:

## Sigfús með yfirburði

**HANDBOLTI** Sigfús Páll Sigfússon, hinn 20 ára gamli leikstjórnandi Íslandsmeistara Fram, hafði mikla yfirburði í kjöri þjálfara DHL-deildarinnar á besta unga leikmanni deildarinnar.

Ólíkt kosningunni um mikilvægasta leikmann deildarinnar voru þjálfararnir aðeins beðnir um að nefna eitt nafn þegar kom að því að velja besta unga leikmanninn, en skilyrðið var að viðkomandi væri gjaldgengur í U-21 árs landslið Íslands.

Alls voru það níu þjálfarar sem völdu Sigfús bestan en aðrir sem fengu atkvæði voru þeir Jóhann Gunnar Einarsson, samherji Sigfúsar hjá Fram, sem fékk þrjú atkvæði, og Arnór Þór Gunnarsson hjá Þór sem fékk tvö atkvæði.

Sigfús átti magnað tímabil fyrir Fram í vetur og stjórnaði leik Íslandsmeistaranna af mikilli festu, þrátt fyrir að hafa verið að stíga sín fyrstu spor sem lykilmaður í liðinu. Sigfús var með rúm þrjú mörk að meðaltali í leik í vetur en gaf ófáar stoðsendingar á samherja sína sem skiluðu mörkum. - vig



**SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON** Besti ungi leikmaður DHL-deildarinnar, að mati meirihluta þjálfara deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hitaðu upp fyrir HM!

Taktu forskot á HM í knattspyrnu. Í leiknum finnurðu vellina 12 sem spilað er á í Þýskalandi, og þú getur stýrt þínu uppáhaldsliði til sigurs. Þú getur valið á milli 127 landsliða, þ.á.m. þess íslenska. Hægt er að taka þátt í allri forkeppninni áður en lagt er í lokaslaginn.




Sendu snilldar-sendingu!





Tættu í þig vörnina!



Skoraðu maaaaRRRK!

**5.999**
PS2 og Xbox

| | |
|---|---|
| Brasil | 5 |
| Germany | 4 |

Frá framleiðendum FIFA leikjanna

Playstation2 5999kr.
XBox 5999kr.
PC 4999kr.
Xbox 360 5999kr.
DS 4999kr. Gameboy

**BT**

Leikjabúðin!




# Berglind tryggði Val titilinn

**Valsstúlkur eru deildabikarmeistarar eftir frækinn sigur á ÍBV í Laugardalshöll. Þeim tókst að leggja ÍBV, 26-24, eftir að hafa lent sex mörkum undir í leiknum.**



Í SIGURVÍMU Berglind gat leyft sér að fagna rækilega í leikslok. Hér hampar hún deildabikarmeistaratitlinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** „Þetta var ótrúlegt og það gerist varla sætara en þetta. Þetta sýnir bara hvað liðsheildin okkar er sterk og það er frábært að geta kvatt Val með titli,“ sagði Berglind Íris Hansdóttir, markmaður Vals, en hún er á leiðinni út í atvinnumennskuna í Danmörku. Berglind átti frábæran dag í markinu, varði 26 skot, einu fleira en stalla hennar í ÍBV, Florentina Grecu.

Hún sigraði þar með í einvígi markmannanna, en báðar báru þær af í sínum liðum í gær. „Ég segi bara að ef liðið mitt sigrar, þá sigra ég bara í einvíginu hvernig sem fer,“ sagði Berglind glaðbeitt og tók við faðmlögum í gríð og erg fyrir frábæra frammistöðu í vetur.

Valsstúlkum gekk erfiðlega í byrjun leiks og Eyjastúlkur voru skrefinu á undan í fyrri hálfleik. Það var einungis fyrir tilstilli Berglindar að ÍBV náði ekki enn meira forskoti en þeim fimm mörkum sem þær höfðu þegar lokaflautan í fyrri hálfleik gall.

Fátt virtist benda til annars en hreins úrslitaleiks í Eyjum um helgina þegar tíu mínútur voru búnar af síðari hálfleik og Eyjastúlkur sex mörkum yfir, 14-20. Þá hrökk Berglind aftur í gang og Valsstúlkur tóku öll völd á vellinum. Alla Georgijsdóttir hafði hægt um sig þar til á lokakaflanum þegar hún skoraði meginþorra átta marka sinna í leiknum.

Lokamínúturnar voru æsispennandi en Valsstúlkum tókst að jafna leikinn í 24-24 og skoruðu svo tvö síðustu mörkin og tryggðu sér sigurinn. Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV, missti sig á hliðarlínunni vegna ósættis við dómarana og þrumaði harpixfati Eyjastúlknanna upp í blaðamannastúku, en Valsstúlkur leyfðu sér að dansa trylltan stríðsdans í lokin. - hþh

Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu í gærkvöldi:

# Arsenal á sigurbraut

**FÓTBOLTI** Arsenal vann góðan útisigur á Manchester City í gær, 1-3. Frederik Ljungberg kom Arsenal yfir en David Sommeil jafnaði metin fyrir City í fyrri hálfleik. Jose Antonio Reyes átti góðan dag fyrir Arsenal og hann lauk sókn sem hann byrjaði sjálfur með frábæru marki á 78. mínútu. Reyes gulltryggði svo sigurinn eftir undirbúning Thierry Henry.

Heiðar Helguson lék allan leikinn fyrir Fulham sem tapaði mjög óvænt fyrir Sunderland, sem fyrir löngu er fallið. Antony Le Tallec kom Sunderland yfir og Chris Brown jók forystuna. Thomas Radzinsky minnkaði muninn en Sunderland bjargaði sér þar með frá því að vera fyrsta liðið í sögu enska boltans til að vinna ekki heimaleik á keppnistímabili. - hþh



Í SKÝJUNUM „Ég er ótrúlega stoltur,“ sagði McClaren þegar hann var útnefndur knattspyrnustjóri Englands í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Steve McClaren tekur við enska landsliðinu:

# Meiri heiður er ekki til

**FÓTBOLTI** Eftir margra mánaða vangaveltur er arftaki Svens Göran-Eriksson loksins fundinn. Steve McClaren hættir með Middlesbrough eftir tímabilið og tekur við liðinu eftir HM í sumar en hann er núverandi aðstoðarlandsliðsþjálfari. Luiz Felipe Scolari var fyrsti kostur enska knattspyrnusambandsins, en þegar hann afþakkaði starfið var McClaren næstur á listanum og skrifaði hann undir fjögurra ára samning í gær.

„Þér hlotnast ekki meiri heiður en að vera boðið þetta starf og augljóslega er þetta mjög stór stund fyrir mig. Þetta er gríðarleg áskorun, en ég tek henni með opnum örmum. Ég hef notið tímans hjá Middlesbrough til fullnustu og ég er mjög þakklátur klúbbnum. Þetta var aftur á móti tilboð sem ómögulegt var að hafna,“ sagði McClaren.

„Í augnablikinu er úrslitaleikurinn í UEFA-bikarkeppninni í algjörum forgangi hjá mér áður en ég fer að vinna með Sven að undirbúningi fyrir HM í sumar. Síðan mun ég snúa mér að undirbúningi fyrir undankeppni EM 2008,“ sagði McClaren sem hefur verið viðloðinn enska landsliðið frá því að hann var aðstoðarmaður Sir Alex Ferguson hjá Manchester United.

McClaren verður á hliðarlínunni með Eriksson á HM í sumar og góður árangur Englands þar gæti hækkað hann mikið í áliti á efasemdarmönnum, sem eru margir á Englandi. Slakur árangur í Þýskalandi myndi samstundis setja McClaren undir mikla pressu, en ljóst er að starfið er ekki tekið með sældinni. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Deildabikar kvenna:*

VALUR-ÍBV 26-24

**Mörk Vals:** Alla Georgijsdóttir 8, Ágústa Edda Björnsdóttir 6, Arna Grímsdóttir 3, Kristín Collins 3, Sigurlaug Rúnarsdóttir 3, Anna Guðmundsdóttir 1, Drífa Skúladóttir 1, Hafrún Kristjánsdóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 26.

**Mörk ÍBV:** Pavla Plaminkova 8, Simona Vintila 8, Ragan Karen Sigurðardóttir 5, Elísa Sigurðardóttir 1, Elísa Viðarsdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1.

**Varin skot:** Florentina Grecu 25.

*Enska úrvalsdeildin:*

MAN.CITY-ARSENAL 1-3

0-1 Frederik Ljungberg (30.), 1-1 David Sommeil (38.), 1-2 Jose Antonio Reyes (78.), Jose Antonio Reyes (84.).

SUNDERLAND-FULHAM 2-1

1-0 Antony Le Tallec (32.), 2-0 Chris Brown (57.), 2-1 Thomaz Radzinsky (76.).

*Heiðar Helguson spilaði allan leikinn fyrir Fulham.*

*Danska knattspyrnan:*

ÁLABORG-SILKEBORG 1-0

1-0 Poul Hübertz

*Hörður Sveinsson og Bjarni Ólafur Eiríksson léku báðir allan leikinn fyrir Silkeborg.*

*Norska knattspyrnan:*

STABÆK-ROSENBORG 1-1

0-1 Thomas Helstad (63.), 1-1 Daniel Nannskog (79.).

*Veigar Páll Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Stabæk.*

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 19.30 **Fylkir** og **Fram** mætast í deildarbikar HSÍ í handbolta í Árbænum.
- 19.30 **Valur** og **Haukar** mætast í deildarbikar HSÍ í handbolta í Laugardalshöll.

**SJÓNVARP**

- 19.00 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Motorworld** á Sýn.
- 20.00 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttaþáttur.

## 6. SÆTI | FYLKIR

FRÉTTABLAÐIÐ Sýn besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

### LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN:**
Fjalar Þorgeirsson
Bjarni Þórður Halldórsson
Jóhann Ólafur Sigurðsson

**VARNARMENN:**
Arnar Þór Úlfarsson
Guðni Rúnar Helgason
Jens Elvar Sævarsson
Kjartan Ágúst Breiðdal
Ragnar Sigurðsson

**MIÐJUMENN:**
Christian Christiansen
Eyjólfur Héðinsson
Ólafur Ingi Stígsson
Páll Einarsson
Peter Gravesen
Jón Björgvin Hermannsson
Hermann Aðalgeirsson
Oddur Ingi Guðmundsson
Björn Orri Hermannsson

**SÓKNARMENN:**
Albert Brynjar Ingason
Haukur Ingi Guðnason
Björn Viðar Ásbjörnsson
Sigurjón Magnús Kevinsson
Sævar Þór Gíslason
Theódór Óskarsson

**KOMNIR:** Jens Sævarsson (frá Þrótti), Páll Einarsson (frá Þrótti), Hermann Aðalgeirsson (frá Völsungi), Fjalar Þorgeirsson (frá Þrótti), Peter Gravesen (frá Herfölge).

**FARNIR:** Eric Gustafsson, Peter Tranberg, Finnur Kolbeinsson (hættur), Gunnar Þór Pétursson (hættur), Björgólfur Takefusa (til KR), Valur Fannar Gíslason (til Vals), Helgi Valur Daníelsson (til Öster), Kristján Valdimarss. (til Grindavíkur), Viktor Bjarki Arnarsson (til Víkings).

### ÞJÁLFARINN

**Leifur Garðarsson**

Leifur Garðarsson veit hvað þarf til að búa til afrekslið eftir gott gengi með FH. Er í fyrsta sinn að þjálfa meistaraflokk einn síns liðs en er ekki með öllu reynslulaus.

# Uppbyggingin er hafin

**Fréttablaðið og Sýn spá Fylki sjötta sætinu í Landsbankadeildinni í sumar. Fyrirliðinn Ólafur Stígsson segir að uppbyggingarstarfsemi sé hafin í Árbænum.**

**SPÁIN**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | ? | |
| 2 | ? | |
| 3 | ? | |
| 4 | ? | |
| 5 | ? | |
| 6 | Fylkir | 69 |
| 7 | Grindavík | 46 |
| 8 | Víkingur | 41 |
| 9-10 | Breiðab. | 32 |
| 9-10 | ÍBV | 32 |

**LANDSBANKADEILDIN** Leifur Garðarsson er tekinn við Fylkisliðinu en frá því í fyrra hefur það misst lykilmenn á borð við Val Fannar Gíslason, Helga Val Daníelsson, Viktor Bjarka Arnarson og Björgólf Takefusa. „Við erum búnir að missa lykilmenn en á móti kemur að ungir strákar eru að koma sterkir upp. Við höfum einnig fengið nokkra leikmenn sem við bindum vonir við og það gengur vel að þjappa hópnum saman. Leifur hefur komið mjög vel inn í þetta og sumarið verður prófraun fyrir okkur,“ sagði Ólafur Stígsson, fyrirliði Fylkis.


**PETER GRAVESEN** Frábær leikmaður, að sögn Ólafs Stígssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spáin bendir til þess að Fylkismenn sigli lygnan sjó um miðja deild, eitthvað sem Ólafur er sáttur við enda væntingarnar ekki ýkja miklar. „Við gerum sjálfir ekki miklar væntingar til sumarsins. Við erum að líta á framtíðina. Ragnar Sigurðsson og Eyjólfur Héðinsson eru strákar eru búnir að taka miklum framförum og komnir frá því að vera efnilegir í að vera mjög góðir. Það er hafin uppbyggingarstarfsemi hér með ákveðnum kynslóðaskiptum,“ sagði Ólafur.

Fylki hefur oft vantað herslumuninn til að vera með í toppbaráttunni og segir Ólafur að það styttist í að liðið taki skrefið til fullnustu. „Væntingarnar eru ekki eins miklar núna og við getum einbeitt okkur að því að bæta okkur,“ sagði Ólafur áður en hann hrósaði Peter Gravesen, bróður Thomas Gravesen, í hástert.

„Hann er sá sem okkur vantaði og er frábær leikmaður. Hann hefur verið að spila mjög vel og á vonandi eftir að gera góða hluti í sumar,“ sagði Ólafur. - hþh

### LYKILMAÐURINN

**Ólafur Stígsson**



Mun gegna lykilhlutverki á miðjunni sem reynslubolti en fáir slíkir eru í liðinu. Nær vonandi að halda sér heilum því Fylkir má alls ekki við því að missa hann af miðjunni – til þess er breiddin einfaldlega of lítil. Einn sá besti í sinni stöðu í deildinni, mjög góður í að brjóta niður spil andstæðinganna með því að lesa þeirra leik.

### FYLGSTU MEÐ....

**Peter Gravesen**

Kemur frá Danmörku til að fylla skarðið sem Finnur Kolbeinsson skilur eftir sig sem maðurinn sem býr til mörkin. Er auk þess örfættur en þannig leikmann hefur vantað sárlega í Árbæinn síðustu sumur.

**Sóknin:**

Hafa misst sinn markahæsta mann frá því í fyrra, Björgólf Takefusa. Mikið mun því mæða á þeim Sævari Þór og Hauki Inga.

**Vörnin:**

Gæti lent í vandræðum í sumar. Missti fyrirliðann Val Fannar Gíslason en fékk í staðinn Jens Sævarsson sem hefur takmarkaða reynslu í efstu deild. Vantar sterkan vinstri bakvörð.



*Líklegt byrjunarlið 4-4-2*

**Miðjan:**

Ólafur Stígsson er að stíga upp úr meiðslum í byrjun móts. Peter Gravesen mun leika stórt hlutverk í sumar og ef Ólafur nær sér af meiðslunum og leikur af sinni bestu getu eru Fylkismenn í góðum málum.

**Markið:**

Frábærlega mönnuð staða hjá Fylki. Bjarni Þórður er enn meiddur en Fylkismenn eru ekki á flæðiskeri staddir eftir að hafa fengið Fjalar.

**Bekkurinn:**

Fylkismenn hafa nokkuð breiðan hóp leikmanna og eru vel skipaðir á varamannabekknum. Fjölbreyttir leikmenn munu prýða bekk Árbæinga í sumar.







GÓÐAR FRÉTTIR!
NFS – FRÉTTASTOFA Í STÓRSÓKN

NFS hefur sótt í sig veðrið og eykur áhorf sitt á sama tíma og fréttir RÚV dala í áhorfi. Frábær árangur NFS í síðustu könnun Gallup er okkur hvatning til að gera enn betur. Nútímaleg framsetning frétta frá öflugustu fréttastofu landsins er það sem áhorfendur vilja.

NFS digital ísland vísir VEF TV

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We're no longer called Sonic Death Monkey. We're on the verge of becoming Kathleen Turner Overdrive, but just for tonight, we are Barry Jive and his Uptown Five."**

**Svar:** Barry úr High Fidelity frá 2000

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR HORFIR Á HEIMILDARMYNDIR

# *Krummi krunkar á skjánum*

Það er ekki langt síðan hrafnar voru mikið í fréttum en svo virðist sem þeir séu óvenjumargir í höfuðborginni um þessar mundir. Það var því ekki nema von að ég dytti inn í heimildarmynd eftir Pál Steingrímsson sem sýnd var á RÚV að kvöldi 1. maí sem fjallaði einmitt um hrafninn og lífshætti hans. Allir Íslendingar kannast vel við krumma en samt sem áður veit maður ekki mikið um lífshætti þessa flotta svarta fugls og því var þessi heimildarmynd kærkomin. Í myndinni var sagt frá ýmsum áhugaverðum staðreyndum um hrafninn eins og t.d. að hann fyndi sér maka fyrir lífstíð, hvað ákveðið háttalag hjá honum þýddi, hvað hann borðar og sagt frá ýmiss konar hjátrú sem honum tengist sem er ekki lítil. Þetta var virkilega fróðleg og skemmtileg mynd og mæli ég með því að þeir sem misstu af henni sjái hana í endursýningu á sunnudaginn.

Annars hafa verið frekar skemmtilegar heimildarmyndir á RÚV undanfarið. Þar ber helst að nefna myndina Kórinn eftir Silju Hauksdóttur um Léttsveit Reykjavíkur sem er kvennakór undir stjórn Jóhönnu Þórhallsdóttur. Myndin segir frá sorgum og gleði meðlima kórsins og er afar vel sögð. Sjálf var ég í kór á sínum tíma og ekki laust við það að gamla góða kórlöngunin helltist yfir mig við að sjá myndina. Aldrei að vita nema maður taki upp söngþráðinn á nýjan leik því eins og með Silju sýndi er alveg hrikalega gaman að vera í kór.



**HRAFNINN ER FLOTTUR FUGL** sem gaman er að kynnast betur í gegnum heimildarmynd Páls Steingrímssonar.



▶ **21.45** *Spenna*

TAGGART



▶ **20.05** *Gaman*

SIMPSON-FJÖLSKYLDAN



▶ **21.30** *Skemmtun*

TÍVOLÍ



▶ **20.00** *Drama*

ONE TREE HILL



▶ **21.10** *Fréttaskýringar*

48 HOURS

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C Andersen (10:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (3:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Disneymyndin – Tvíburasysturnar** (Double Teamed) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002 byggð á sannri sögu tvíburasystranna Heather og Heidi Burge sem eru liðtækar í blaki og körfubolta.
▶ **21.45 Taggart – Friðþæging (65:69)** (Taggart: Atonement) Skosk sakamálamynd þar sem vösk sveit rannsóknarlögreglumanna í Glasgow fæst við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**22.55 Allir dansa mambó** (Mad About Mambo)Rómantísk írsk gamanmynd e.

**0.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Wife and Kids **10.40** Alf **11.05** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005

**13.00** Home Improvement **13.25** 3rd Rock From the Sun **13.50** Arrested Development**14.15** Blue Collar TV **14.40** Entourage **15.10** Filthy Homes From Hell **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **20.05 Simpsons (15:21)** Bart og Lísa fara átta ár fram í tímann í tölvu prófessor Frin. Þá eru Hómer og Marge skilin, Lisa er með Milhouse og Bart er með hjólabretta- stelpu. Bart fær skólastyrk úr sjóði Mr. Burn sem Lisa átti að fá því hann bjargaði lífi Mr. Burns fyrir tilviljun.
**20.30 Two and a Half Men (5:24)** (Tveir og hálfur maður) Einn vinsælasti gamanþátturinn á Stöð 2 snýr aftur í þessari þriðju þáttaröð.
**20.55 Stelpurnar (15:24)**
**21.20 Beauty and the Geek (4:7)** (Fríða og nördinn)(4:7)
**22.05 The Best Man** (Svaramaðurinn) Framhaldsmynd í tveimur hlutum

**23.15** Courage under Fire (Str. b. börnum) **1.10** The Dangerous Lives of Alter Boys (B. börnum) **2.50** A Guy Thing (B.börnum) **4.30** Simpsons (**4.55** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**20.00 Sirkus RVK (e)**
**20.30 Splash TV 2006 (e)**
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**21.00 „bak við böndin" (5:7)**
▶ **21.30 Tívolí** Skemmti- og fræðsluþátturinn Tívolí er stútfullur af fjöri og fróðleik. Dóri DNA mun fara með ýmsa þjóðþekkta einstaklinga á heimaslóðir þeirra þar sem þeir munu leiða okkur í gegnum sín æskuár og segja frá eftirminnilegum atvikum.
**22.00 Supernatural (12:22) (e)** (Faith) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð.
**22.45 X-Files (e)** (Ráðgátur)

**23.30** Þrándur bloggar **23.35** Woman on Top

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**14.50** Ripley's Believe it or not! (e) **15.35** Game tíví (e) **16.05** Dr. 90210 (e) **16.35** Upphitun **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier – 1. þáttaröð**
**19.35 Everybody loves Raymond (e)**
▶ **20.00 One Tree Hill** Ungstirnið Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þess-um dramatísku unglinga- og fjölskylduþáttum. Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauði þráðurinn. Þættirnir hafa vakið mikla eftirtekt og njóta verðskuldaðra vinsælda.
**20.50 Stargate SG-1**
**21.40 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 Celebrities Uncensored** Fræga fólkið er ekki alltaf prúðmennskan uppmáluð.

**23.15** The Dead Zone (e) **0.00** C.S.I: Miami (e) **0.50** Rockface (e) **1.35** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.05** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir

**18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður
**20.00 Fréttir**
**20.10 Kompás (e)**
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS, Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Kompás (e)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Beethoven's 5th **8.00** How to Kill Your Neighbor's D **10.00** Juwanna Mann **12.00** Along Came Polly **14.00** Beethoven's 5th **16.00** How to Kill Your Neighbor's D **18.00** Juwanna Mann **20.00 Along Came Polly** (Svo kom Polly) Rómantísk gamanmynd. **22.00 Hidalgo** Ævintýraleg hasarmynd sem gerist seint á nítjándu öld. Bönnuð börnum. **0.15** The Fourth Angel (Str. b. börnum) **2.00** FX 2 (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Hidalgo (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **15.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **17.00** Celebrity Friends Gone Bad **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News **18.30** Number One Single **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **0.00** Wild On Tara **0.30** Big Hair Gone Bad **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Sunderland – Fulham frá 05.05 **16.00** Man. City – Arsenal frá 05.05 **18.00** Chelsea – Man. Utd. frá 29.04

**20.00 Upphitun**
**20.30 Tottenham – Bolton frá 30.04**
**22.30 Liverpool – Aston Villa frá 29.04** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**0.30** Upphitun (e) **1.00** Dagskrárlok


## PLANTRONICS ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

Tilboðið gildir til 31. maí 2006.

### Aukið frelsi og meiri þægindi fyrir þína starfsmenn

**Voyager 510 system**
Bluetooth heyrnartól.



- Hljóðnemi sem eyðir umhverfishávaða.
- Langdrægni 5 – 10 m.
- Tengist nánast öllum símtækjum.
- Hægt að nota samtímis með GSM síma eða tölvu.
- Endingartími rafhlöðu: Taltími 6 klst. – Biðstaða 100 klst.
- Þyngd aðeins 15 gr.

Tilboðsverð 26.320 kr.
Listaverð 32.900 kr.

**Plantronics CS60-USB**
DECT 1800 MHz fyrir tölvur.



- Hljóðnemi sem eyðir umhverfishávaða.
- Langdrægni 50 – 100 m
- Tengist nánast öllum tölvusímum.
- Endingartími rafhlöðu. Taltími 9 klst. – Biðstaða 60 klst.
- Þyngd aðeins 27,5 gr.
- Spöng yfir höfuðið og krókur á eyrað fylgir með.

Tilboðsverð 31.920 kr.
Listaverð 39.900 kr.

**Plantronics CS60**
DECT 1800 MHz.



- Hljóðnemi sem eyðir umhverfishávaða.
- Langdrægni 50 – 100 m.
- Endingartími rafhlöðu: Taltími 9 klst. – Biðstaða 60 klst.
- Þyngd aðeins 27,5 gr.
- Spöng yfir höfuðið og krókur á eyrað fylgir með.

Tilboðsverð 31.920 kr.
Listaverð 39.900 kr.

**Plantronics CS351**
DECT 1800 MHz.



- Langdrægni 50 – 100 m.
- Endingartími rafhlöðu: Taltími 9 klst. – Biðstaða 80 klst.
- Þyngd aðeins 66 gr.
- Spöng yfir höfuðið.

Tilboðsverð 34.320 kr.
Listaverð 42.900 kr.

PLANTRONICS SOUND INNOVATION

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ripley's Believe It or Not **Skjár einn** kl. 19.00

### *Furðuleg heimsmet*



Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri. Þátturinn er stýrður af Dean Cain, sem áður lék í vinsælum sjónvarpsþáttum um Ofurmennið. Ripley's Believe It or Not byrjaði upprunalega sem teiknimyndablað árið 1918 en það var blaðamaðurinn Robert Ripley sem hafði þá farið víða og safnað alls kyns furðulegum upplýsingum. Þátturinn er uppfullur af skemmtilegu fólki og bæði er hægt að dást og hlæja að sumum fáránlegum metum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | | | | 3 |
| | | | 2 | | 6 | 8 | | |
| 8 | | 2 | | | | 1 | | |
| | 5 | | 6 | | 2 | | | |
| 2 | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| | | | 9 | | 4 | | 5 | |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | | 9 | 4 | | 7 | | | |
| 3 | | | | | | | 9 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 2 | 1 | 3 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 7 | 2 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 7 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 1 | 4 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 4 | 7 | 3 | 5 |
| 1 | 7 | 3 | 4 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 9 | 6 | 5 | 8 | 1 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 4 | 1 |



▶ **21.30** *Spil*

HEIMSBIKARINN Í PÓKER

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.
**19.00** **Gillette Sportpakkinn**
**19.30** **Motorworld**
**20.00** **Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**
**20.30** **Súpercross** (World Supercross GP 2005-06)
▶ **21.30** **World Poker** (Heimsbikarinn í póker) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis af-brigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til.

**23.00** NBA

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga

fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sögumenn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





## HRÓSIÐ

*...fær stúlknasveitin Nylon sem mun hita upp fyrir hina vinsælu hljómsveit Girls Aloud á tónleikaferð þeirra.*

**REYKJAVÍKURNÆTUR:** HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST AKKÚRAT MENN SKÍNANDI FÍNIR!

# *A4 týpan*

Um daginn var ég að ræða ákveðinn mann við vinnufélaga minn. Þegar ég hafði lokið mér af að lýsa honum sagði hann: ég skil, hann er sem sagt A4 týpan. Mér fannst þessi lýsing hans stórkostleg þar sem hún sagði allt sem ég vildi segja með þessum tveimur stöfum. Týpan sem ég hafði verið að lýsa fyrir honum var gæi sem var akkúrat og hundrað prósent að öllu leyti. Hann klæddi sig eins og klipptur út úr Boss auglýsingu, vann vinnu sem var skotheld og stabíl, kom fram við mig eins og ég væri merkilegasta kona í heimi og sagði aldrei neitt hið minnsta vitlaust. Einhverra hluta vegna gekk þetta þó ekki upp hjá okkur. Ég hef margoft spurt mig að því hvers vegna ég henti mér ekki í arma hans og leyfði hamingjunni að hefjast.
Ég er ansi hrædd um að staðreyndin sé sú að það sem er of akkúrat sé akkúrat það sem má alls ekki. Það er samt svo hrikalegt að segja það því allar, eða flestar, erum við að leita að manni sem er fullkominn. Það lítur hins vegar út fyrir að einhver lítill djöfull á öxlinni á mér hafi sagt við mig: hey... ekkert krydd, ekkert fjör! Og ég asnaðist til að hlýða.
Þegar ég fór að ræða þetta við vinkonurnar komumst við að því að við vorum flestar sammála um að við leituðum allar í menn sem væru næstum því fullkomnir en hefðu þó einhverja hnökra til að vera ósáttar við. Okkur þótti mjög erfitt að viðurkenna staðreyndina og fannst við heldur sorglegar eftir umræðuna.
Ein vinkonan sagðist reyndar hafa fundið hinn fullkomna mann. Og að hann væri einmitt akkúrat gæinn sem okkur finnst stundum aðeins of lítið spennandi. Nema hvað, hann væri ekki bara akkúrat heldur hefði hann svo miklu meira í sér falið að það gerði allt betra, og svo miklu betra! Hann er víst þannig að ofan á hundraðprósentin sem hann var búinn að sýna henni hafði hann farið með hana á mótorhjól, í köfun og í ævintýraóvissuferð út á land. Og allt þetta eftir að hafa verið að deita í aðeins einn mánuð! Þá sagði hún okkur að sér fyndist hann svo óendanlega spennandi þar sem hann væri í því að koma henni á óvart með óvæntum dinnerum, ferðum og leyndri ævintýraþrá. Ég er ekki frá því að hún hafi einmitt fundið hinn eina sanna fullkomna mann.



Mig grunar að við séum of fljótar að stimpla menn. Að við gefum þeim ekki tækifæri á því að sýna okkur allt sem í þeim býr og förum of fljótt að fela okkur og finna afsakanir hvers vegna við komumst ekki á næsta deit. Eins og svo oft áður ráðlegg ég okkur öllum að gefa fólki séns á að sanna sig og skína.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:**
2 gáski 6 í röð 8 keyra 9 keyra 11 klafi 12 glatast 14 móðir 16 í röð 17 andi 18 pota 20 þreyta 21 spik.

**LÓÐRÉTT:**
1 teikning af ferli 3 guð 4 skotskífa 5 draup 7 veitti gleði 10 karlfugl 13 skilaboð 15 vingjarnleiki 16 hrós 19 bardagi.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT:** 2 ærsl, 6 rs, 8 aka, 9 aka, 11 ok, 12 ferst, 14 mamma, 16 lm, 17 sál, 18 ota, 20 lú, 21 fitu.
**LÓÐRÉTT:** 1 graf, 3 ra, 4 skotmál, 5 lak, 7 skemmti, 10 ara, 13 sms, 15 alúð, 16 lof, 19 at.

## VEISTU SVARIÐ

svör við spurningum á bls. 8

1 Frederic Mishkin
2 Bólivíu
3 Girls Aloud

allt hús
Alla mánudaga

SIGURJÓN SIGHVATSSON: ÁBERANDI Á CANNES-KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI

# Með knattspyrnugoðsögn og erótík upp á arminn

Sigurjón Sighvatsson verður áberandi á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Heimildarkvikmyndin Zidane, andlitsmynd 21. aldarinnar, hefur verið valin í flokkinn Official Selection á Cannes-kvikmyndahátíðinni. Myndin gerist á rauntíma og fylgist með knattspyrnugoðsögninni Zinidine Zidane í leik með félagsliði sínu Real Madrid á móti Villarreal. Þá var stuttmyndasafnið Destricted valið í Critics Week á sömu hátíð en hún kemur einnig úr smiðju Sigurjóns auk þess sem The Hawk is Dying verður kynnt.

Kvikmyndaframleiðandinn er öllum hnútum kunnugur í Cannes enda vann hann Gullpálmann árið 1992 með hinni mjög svo umdeildu Wild at Heart í leikstjórn Davids Lynch auk þess að hafa mætt með myndir á borð við Arlington Road og In Bed with Madonna. Framleiðandinn var staddur í Kaupmannahöfn þegar Fréttablaðið náði tali af honum og var að vonum mjög ánægður með þennan heiður. „Það er mjög erfitt að komast þarna að en auðvitað er eitt að komast inn en annað að skila árangri,“ segir Sigurjón.

Heimildarmyndin um Zidane er utan keppni en til marks um þá eftirvæntingu sem ríkir í kringum hana að þá eru bæði þriðja X-Men myndin og Da Vinci Code í sama flokki. „Myndin verður sýnd 22. maí og síðan dreift í fjögur hundruð kvikmyndahús víðs vegar um Frakkland,“ bætir Sigurjón við en það var varla til að draga úr spennunni að Zidane tilkynnti að hann hygðist leggja skóna á hilluna eftir heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi. „Þetta er algjör tilviljun því við ákváðum að gera hana fyrir nokkrum árum. Henni var síðan frestað um eitt ár vegna fjárskorts,“ útskýrir Sigurjón sem þurfti lengi að kljást við stjórnendur Real Madrid um leyfi til að gera myndina. „Hún einblínir á listformið sem þessi vinsælasta íþrótt heims er í stað úrslitanna.“



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Kvikmyndaframleiðandinn er öllum hnútum kunnugur á Cannes-hátíðinni enda vann hann Gullpálmann árið 1992 fyrir Wild at Heart. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

Destricted er af allt öðru meiði en heimildarmyndin um Zidane en það eru sjö stuttmyndir sem reyna sig við mörkin á milli listar og erótíkur. „Klámiðnaðurinn er hálfgert bannorð en engu að síður getur hver helvita maður sem kann á netið nálgast það,“ segir Sigurjón sem er þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir í sinni kvikmyndagerð. Myndin vakti mikla athygli á Sundance-hátíðinni og verður því forvitnilegt að sjá hvernig Frakkar taka henni.

Árið hjá Sigurjóni hefur verið gott því hann hlaut Menningarverðlaun DV fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar, A Little Trip to Heaven var valin besta myndin á spennumyndahátíð í Frakklandi auk þess sem Gargandi snilld hefur farið sigurför um heiminn. „Það er gott að vera ennþá að gera kvikmyndir sem valdar eru á bestu kvikmyndahátíðirnar og fólki þykir áhugavert að sjá.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ZIDANE** Heimildarkvikmyndin um þessa miklu knattspyrnugoðsögn hefur verið valin í Official Selection flokkinn á Cannes-hátíðinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Iggy Pop** og hljómsveitin The Stooges, trylltu lýðinn í Listasafni Reykjavíkur í fyrrakvöld. Á meðal þeirra sem hlýddu á pönkarann síunga var rithöfundurinn **Einar Már Guðmundsson**, tónlistarspekúlantinn **Dr. Gunni**, tónleikahaldarinn **Grímur Atlason**, tónlistarkonan **Rósa Guðmundsdóttir** og sjónvarpskonan **Dóra Takefusa**. Svo virtist sem Iggy hefði staðið undir væntingum því flestir gengu út með bros á vör inn í nóttina.



Gumball 3000 kappaksturinn hefur að vonum vakið mikla athygli hér á landi enda keppa íslenskir fjárfestar á borð við **Hannes Smárason** og **Jón Ásgeir Jóhannesson** við stórstjörnur í kappakstri. Eins og greint var frá í vikunni flýgur flugvél frá Icelandair með þotuliðið innanborðs á milli staða en heimasíðan alk.com/gumball býður upp á skemmtilega þjónustu því þar geta íslenskir áhugamenn um ökuleikni ríka fólksins fylgst með þeim akstursleiðum sem keppendur keyra. Í gær voru auðkýfingarnir staddir í Phuket en síðan verður gert stutt hlé því á morgun er farið til Salt Lake City og þaðan keyrt til Las Vegas en frá spilaborginni í Nevada er brunað til Los Angeles þar sem **Hugh Hefner** tekur á móti þreyttum ferðalöngum.



**Illugi Jökulsson** og **Jónas Örn Helgason** áttust við í fyrri undanúrslitaviðureign Meistarans í gærkvöldi. Úrslitin hafa vafalítið komið mörgum á óvart því Illugi var talinn sigurstranglegri en verkfræðineminn ungi. Illugi hafði eins stigs forskot á Jónas þegar kom að síðustu spurningu, en valflokkurinn var þess eðlis að Illugi var handviss um að andstæðingurinn vissi svarið. Ritstjórinn fyrrverandi lagði því allt undir en gat ekki svarað. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom **Logi Bergmann**, stjórnandi þáttarins, að máli við Illuga, sem tjáði honum að hann hefði vitað svarið en minnið hefði brugðist sér á ögurstundu. Yngsti keppandinn í Meistaranum færist því einu skrefi nær því að hreppa fimm milljónir en hver andstæðingur hans verður skýrist í næstu viku þegar **Erlingur Sigurðsson** og **Inga Dóra Ingvarsdóttir** mætast.



- fgg / fb

GRILLPINNAR
KRYDDLEGINN LAX
LÚÐA, STEINBÍTUR,
KEILA, LANGA OG
SILUNGUR
SIGNA GRÁSLEPPAN ER KOMIN
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Þúsund myndasögur gefnar

Myndasögubúðin Nexus, ásamt um tvö þúsund verslunum víða um heim, mun á laugardag taka þátt í „Free Comic Book Day“ þar sem gefin verða sérútgefin myndasögublöð frá ýmsum útgefendum.

Þetta er fimmta árið sem þessi dagur er haldinn og hafa vinsældir hans aukist ár frá ári.

Hátt í tvær milljónir blaða verða gefnar víða um heim. Nexus mun gefa yfir eitt þúsund blöð fyrir börn og fullorðna, meðal annars Superman, Batman, Andrés og félaga, Simpsons-fjölskylduna, glæpasögur og drama.

„Það eru fyrirtæki úti í Bandaríkjunum sem taka sig saman og prenta sérstaklega blöð fyrir þennan dag,“ segir Þórhallur Björgvinsson, umsjónarmaður myndasagna hjá Nexus. „Þetta hefur verið gert í kringum útgáfudag kvikmynda og nú er X-Men 3 á leiðinni. Þetta er gert til að auka vinsældir myndasagna og við höfum alltaf tekið þátt,“ segir hann og bætir við að langar biðraðir hafi myndast fyrir utan Nexus undanfarin ár.

Viðburðurinn byrjar klukkan 14.00 í Nexus og verða blöðin gefin á meðan birgðir endast. Fer það eftir aðsókn hvort fólk fær eitt blað eða fleiri gefins. - fb



**ÞÓRHALLUR BJÖRGVINSSON** Myndasögubúðin Nexus mun gefa yfir eitt þúsund blöð á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON


MIRALE
2 ára
afmælisveisla
Full búð af spennandi
afmælistilboðum
10–25% afsláttur
Cassina
ALESSI
opið:
mán.–föstud. 11–18
laugard. 11–16
MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345



BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

# Pirrrrrrandi

Auðvitað áttu þingmenn að vera vakandi yfir því þegar fasteignaverð hækkaði svona mikið og hækka vaxtabótamörkin í kerfinu gagnvart eignum, segir þingmaðurinn Pétur Blöndal í Fréttablaðinu á dögunum. Um hvaða þingmenn er hann að tala? Hvar var hann sjálfur?

**ENN** einu sinni stöndum við frammi fyrir því að stjórnvöld klastri saman laganefnu sem kippir fótunum undan þeim sem síst mega við því. Ég minni bara á misgengisstefnuna snemma á níunda áratugnum. Man ekki betur en að ég hafi keypt mér íbúð og eftir að hafa greitt þrisvar af láninu sem á henni hvíldi, þrisvar sinnum hálfa milljón á átján mánaða tímabili, var lánið orðið langtum hærra en íbúðaverðið. Losaði mig við hana og eyddi næstu árum í að borga umframupphæðina af láninu. Gerði aðra tilraun snemma á tíunda áratugnum og fékk sömu niðurstöðu, nema þá náði ég að losa mig við íbúðina þegar ég sá hvert stefndi, rétt eftir að lánið fór fram úr íbúðaverðinu. Hélt svo áfram að borga það.

**EKKI** halda að ég sé einsdæmi. Var bara ein af þessum einstæðu mæðrum, með þrjú börn, sem þreyttist á að flytja á milli leiguíbúða á eins til tveggja ára fresti. Vildi gera eins og mér var sagt að gera, búa börnunum stabílt heimili. Þeir sem gera það ekki eru annars flokks þegnar, lúserar. Á Íslandi áttu að eiga; eiga íbúð, eiga bíl, eiga heimabíó, eiga húsnæðis- og bankalán, eiga kvíða, eiga angist, eiga andvökur. Annars er ekkert varið í þig. Þér er ekki treyst fyrir mikilvægara verkefni en að lepja dauðan úr skel. Svo eru gerðar skýrslur þar sem fram kemur að skuldir heimilanna aukist, enginn spari. Sem sagt, þeir sem eru að reyna að standa sig og falla inn í gildismatið eru rassskelltir; kennt um verðbólgu og ölduganginn í efnahagslífinu.

**OG** nú þurfa heimilin enn einu sinni að taka meiri lán vegna þess að stjórnvöld hafa mjög svo óvænt, og í fasta svefni, snarhækkað verðið á fasteignum þeirra, svo þau fá ekki lengur þær vaxtabætur sem reiknað var með í fjárhagsáætlunum til að dæmið gengi upp. Hvað á þetta fólk, sem ekkert á nema nafn sitt á lánum úti um allar koppagrundir, að skera niður?

**EKKI** að þetta komi par við mig, þar sem ég er steinhætt að eiga nokkurn skapaðan hlut. Það er bara svo pirrandi að sjá stjórnvöld fleygja varnarlausasta fólkinu á bólakaf í fjóshauginn aftur og aftur. Afsaka sig svo með því að þau séu bara sofandi sauðir. Í næstu alþingiskosningum legg ég til að stjórnmálaflokkarnir kveði skýrt á um það í stefnuskrá sinni hvort þeir ætla að vera vakandi eða sofandi í vinnunni næsta kjörtímabilið. Önnur stefnumál skipta ekki máli.




Meistaranám

Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á tíu námsleiðir til meistaragráðu. Námið er einstaklings-bundið, nemendur geta í sumum tilvikum stýrt hraða sínum sjálfir og jafnvel stundað nám með vinnu. Kíktu á www.bifrost.is og sjáðu hvernig þú getur náð enn lengra.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2006.

Nánari upplýsingar:

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími: 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár